

Borgir v/Norðurslóð, 600 Akureyri,
Sími 460-8900, Fax 460-8919
Netfang: rha@unak.is
Veffang: <http://www.rha.is>



RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARMIÐSTÖÐ
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

SAMVINNA SVEITARFÉLAGA Í EYJAFIRÐI

Greining og framtíðarfyrirkomulag

***Hjalti Jóhannesson
Valtýr Sigurbjarnarson
Ögmundur Knútsson***

Apríl 2007

Skýrsla unnin fyrir Héraðsnefnd Eyjafjarðar

EFNISYFIRLIT

	Bls.
1. HELSTU NIÐURSTÖÐUR.....	1
2. INNGANGUR.....	4
3. GÖGN OG AÐFERÐIR.....	6
4. GREINING Á SAMSTARFI SVEITARFÉLAGA Í EYJAFIRÐI	8
4.1. SAMSTARF HJÁ HÉRAÐSNEFND EYJAFJARÐAR.....	8
4.2. BYGGÐASAMLÖG Í EYJAFIRÐI	14
4.3. ÖNNUR SAMSTARFSVERKEFNI Í EYJAFIRÐI	16
4.4. ÞJÓNUSTA SAMKVÆMT ÞJÓNUSTUSAMNINGUM	19
4.5. VERKEFNI INNAN NORÐURLANDS EYSTRA	21
4.6. SAMSTARFSVERKEFNI SEM NÁ ÚT FYRIR NORÐURLAND EYSTRA	22
5. GREINING Á SAMSTARFI SVEITARFÉLAGA Í ÖÐRUM LANDSHLUTUM OG ERLENDIS.....	24
5.1. SAMSTARF SVEITARFÉLAGA Í ÖÐRUM LANDSHLUTUM	24
5.2. DÆMI UM SAMSTARF SVEITARFÉLAGA ERLENDIS	33
6. MAT Á NÚVERANDI SAMSTARFI SVEITARFÉLAGA Í EYJAFIRÐI ...	41
6.1. MAT Á SAMSTARFI SAMKVÆMT VIÐTÖLUM	41
6.2. MAT Á SAMSTARFI SAMKVÆMT VIÐHORFSKÖNNUN MEÐAL SVEITARSTJÓRNARMANNA	42
7. TILLÖGUR UM FRAMTÍÐARFYRIRKOMULAG SAMVINNU SVEITARFÉLAGA Í EYJAFIRÐI	50
7.1. EINSTÖK SAMSTARFSVERKEFNI.....	50
7.2. BYGGÐASAMLÖG Í EYJAFIRÐI	63
7.3. VERKEFNI INNAN NORÐURLANDS EYSTRA	68
7.4. SAMSTARFSVERKEFNI SEM NÁ ÚT FYRIR NORÐURLAND EYSTRA	71
7.5. SAMANTEKT UM SAMSTARFSVERKEFNI	72
HEIMILDIR	77
VIÐAUKI 1 LEIÐBEININGAR FYRIR SAMSTARFSSAMNINGA SVEITARFÉLAGA, ÞÝTT EFNI FRÁ NOVA SCOTIA	79

MYNDIR OG TÖFLUR

	Bls.
Mynd 1. Skipurit Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, SSNV.....	29
Mynd 2. Samstarf sveitarfélaga innan Lofotenráðsins í Noregi.....	39
Mynd 3. Hver er reynsla þín af samstarfi sveitarfélaga á eftirfarandi sviðum?.....	44
Mynd 4. Hversu þarft eða óþarft telur þú samstarf sveitarfélaga á eftirfarandi sviðum?	45
Mynd 5. Hvert telur þú að eigi að vera starfssvæði samstarfs sveitarfélaga í eftirfarandi málaflokkum?.....	46
Mynd 6. Efla skal samstarf sveitarfélaga og viðhalda núverandi skipan þeirra.	48
Mynd 7. Hvert sveitarfélag fyrir sig á fyrst og fremst að veita þjónustu innan sinna marka.	49
Mynd 8. Yfirlitsmynd af samstarfi sveitarfélaga í Eyjafirði skv. tillögum höfunda.	74
Mynd 9. Tillaga höfunda að skipuriti fyrir SamEy.	76
Tafla 1. Afstaða sveitarstjórnarmanna til nokkurra fullyrðinga.	47
Tafla 2. Tillögur um framtíðarfyrirkomulag einstakra samstarfsverkefna (fyrsti valkostur).	75

1. HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Í Eyjafirði líkt og víðast á landinu hafa átt sér stað miklar breytingar á sveitarstjórnarstiginu á undanförunum árum. Í þessu felst fækkun sveitarfélaga með sameiningum og jafnframt aukin verkefni og aukið misvægi í stærð sveitarfélaga.
- Samstarf sveitarfélaga í Eyjafirði er flóknara en víða annarsstaðar á landinu. Síðan 1993 hefur verið lögð áhersla á að reyna að sameina sveitarfélögin í firðinum í eitt og því virðist hafa verið lögð minni áhersla á að þróa samvinnu sveitarfélaganna á þessu tímabili.
- Reikna má með að sveitarfélagaskipan í Eyjafirði verði á næstu árum lítið breytt og miðast tillögur sem hér eru lagðar fram við það.
- Samstarf sveitarfélaga sem nær yfir stór landsvæði er í öðrum landshlutum í auknum mæli að færast á sameiginlegan vettvang þar sem atvinnumál, atvinnuþróun og hagsmunagæsla eru til staðar.
- Samstarf sveitarfélaga hefur víða á landinu verið tekið til endurskoðunar og gert einfaldara í kjölfar sameininga sveitarfélaga.
- Erlendar fyrirmyndir um samvinnu sveitarfélaga sem voru skoðaðar sýna að þau viðfangsefni sem blasa við sveitarstjórnarmönnum eru gjarnan svipuð og í Eyjafirði. Ýmislegt má læra af þessum dæmum.
- Samband sveitarfélaga á Nova Scotia í Kanada hefur gert leiðbeiningar um hvers skuli gæta í tengslum við samvinnu sveitarfélaga. Sérstök áhersla er lögð á að *gott samráð sé á milli aðila* og að *engar ákvarðanir skuli taka án samráðs samstarfsaðila*. Áhersla er einnig lögð á að *samstarfsveitarfélög noti sem minnst afl stærðarinnar í samstarfi sín á milli*.
- Í viðtölum við sveitarstjórnarmenn í Eyjafirði kom í ljós að þeir töldu almennt mikla þörf á að endurskipuleggja samstarfið í firðinum og voru opnir fyrir breytingum. Í flestum samvinnuverkefnum virðist samstarf ganga vel.
- Í netkönnun sem lögð var fyrir sveitarstjórnarmenn á Eyjafjarðarsvæðinu kom m.a. fram að meiri hluti taldi reynslu hafa verið góða eða frekar góða í 13 af 21 samstarfsverkefni sem spurt var um. Aðeins í einu tilviki var meirihluti svarenda sem taldi reynsluna af samstarfi hafa verið slæma en það var í tilviki

Sorpeyðingar Eyjafjarðar en jafnframt kom fram að þetta er málaflokkur sem afar mikilvægt er að hafa samvinnu um.

- Mikill meirihluti svarenda var sammála því að auka mætti samvinnu í Eyjafirði og nær allir voru sammála því að mikilvægt væri að hafa samráðsvettvang sveitarfélaga í firðinum.
- Þegar spurt var um *hversu þarft eða óþarft samstarf sveitarfélaga á tilteknum sviðum væri*, kom í ljós að í öllum tilvikum taldi mikill meiri hluti svarenda að samstarfið væri mjög þarft eða þarft.
- Þegar spurt var um samstarfsform kom í ljós að vistun samstarfsverkefna hjá einstökum sveitarfélögum og þjónusta seld til annarra sveitarfélaga skv. þjónustusamningum er vinsælt samstarfsform.
- Eftirfarandi eru tillögur í þeim málaflokkum eða verkefnum þar sem höfundar leggja til breytingar. Hér er aðeins tilgreindur *fyrsti valkostur*, en í nánari umfjöllun um einstök mál í þessari skýrslu er í sumum tilvikum bent á fleiri möguleika. Tillögurnar miða að því að einfalda samstarfið, að samstarf verði aðeins þau sveitarfélög sem í hlut eiga hverju sinni, að auka hlut þjónustusamninga um einstök verkefni, stór samstarfsverkefni verði gerð sjálfstæðari en nú er. Þá verði hagsmunagæsla sveitarfélaga í Eyjafirði og þróunarstarf eflt með því að byggja upp öflugan samráðs- og þróunarvettvang þeirra:
 - Lagt er til að sýslumannsembættið visti rekstur almannavarnanefndar Eyjafjarðar.
 - Lagt er til að sveitarfélögin á Eyjafjarðarsvæðinu láti meta ávinning og kostnað við að koma á almenningsamgöngum á milli helstu þéttbýlisstaða á svæðinu og kanna hagkvæmni þess að reka þetta verkefni á grundvelli þjónustusamnings. Ganga má út frá því að eðlilegt sé að framkvæmd þessa verkefnis sé síðan úthýst til einkaaðila.
 - Lagt er til að skoðað verði að þau sveitarfélög sem nú standa að rekstri embættis Byggingarfulltrúa Eyjafjarðarsvæðis kaupir þjónustu í skipulags- og byggingarmálum hjá Akureyrarbæ.
 - Lagt er til að stofnuð verði ný nefnd, umhverfisnefnd í stað gróðurverndarnefndar og náttúruverndarnefndar. Jafnframt verði

starfssvæði nefndarinnar breytt og taki aðeins til sveitarfélaga í Eyjafirði annarra en Akureyrarbæjar, Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar. Starfsemin verði vistuð hjá einu þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að nefndinni.

- Lagt er til að Minjasafnið taki alveg yfir eigin rekstrarþætti og annist sjálft alla áætlunargerð, bókhald og fjárhagslega umsýslu, eða útvisti hluta þessara verkefna með þjónustusamningum. Jafnframt verði faglegt forystuhlutverk safnsins aukið enn frekar.
- Lagt er til að stofnaður verði nýr samstarfsvettvangur, SamEy. Núverandi starfsemi Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar verði vistuð hjá þessum samstarfsvettvangi, ásamt öðrum sameiginlegum verkefnum sveitarfélaga við Eyjafjörð sem ekki yrðu rekin sem sjálfstæð fyrirtæki eða á grundvelli þjónustusamninga milli sveitarfélaga. Núverandi byggðasamlag (Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar) yrði þá lagt niður ásamt Héraðsnefnd Eyjafjarðar.
- Lagt er til að sameina hafnasamlögin við Eyjafjörð í eitt fyrirtæki.
- Lagt er til að starfsemi Sorpeyðingar Eyjafjarðar verði gerð sjálfstæðari en nú er með skýrari aðgreiningu frá rekstri Akureyrarbæjar. Jafnframt verði skoðað hvort heppilegra væri að hafa reksturinn í formi hlutafélags eða sameignarfélags, m.a. vegna hugsanlegrar samvinnu við væntanlega jarðgerðarstöð og aðkomu einkaaðila að rekstrinum.
- Lagt er til gerður verði samningur milli SamEy og Eyþings um starfsemi sem nú er á vegum Eyþings. Jafnframt yrði gerður samsvarandi samningur milli Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Eyþings um hluta starfsemi samtakanna. Núverandi skrifstofa yrði þá lögð niður en tveir starfsmenn ráðnir á grundvelli framlaga úr Jöfnunarsjóði. Með því væri verkefnum samtakanna sinnt.

Ofangreindar tillögur eru settar fram í ljósi þess að vilji sveitarstjórnarmanna stendur til þess að einfalda eftir föngum samstarfið á svæðinu og gera það skilvirkara. Jafnframt er með þessum tillögum tryggt að í Eyjafirði sé til staðar öflugur samráðsvettvangur og hagsmunagæsla fyrir svæðið í heild.

2. INNGANGUR

Sú breyting sem hefur átt sér stað á sveitarstjórnarstiginu veldur því að taka þarf til endurskoðunar skipulag á þeirri þjónustu sveitarfélaga sem gengur þvert á sveitarfélagamörk. Svo er komið að vegna búsetuþróunar á landinu og sameiningar sveitarfélaga eru orðnar til a.m.k. tvær gerðir sveitarfélaga. Annars vegar er um að ræða stór og burðug sveitarfélög sem geta veitt alla þá þjónustu sem ætlast er til af sveitarfélögum í dag. Hins vegar eru mörg sveitarfélög það fámenn að þau geta tæplega eða ekki veitt, ein og óstudd, þá þjónustu sem löggjafinn ætlast til af sveitarfélögum. Samvinna sveitarfélaga um ýmis málefni hefur gegnum tíðina verið leið til að veita íbúum smærri sveitarfélaga aðgang að sambærilegri þjónustu og íbúum þeirra stærri.

Sameiningar sveitarfélaga á undanförunum árum hafa breytt þessari stöðu nokkuð og þeim sveitarfélögum hefur fjölgað mikið sem geta veitt alla eða flesta þá samfélagsþjónustu sem ætlast er til af sveitarfélögum. Eftir standa þó allmörg fámenn sveitarfélög. Þar með er ljóst að sveitarfélög munu áfram að ákveðnu marki þurfa að vinna saman til þess að veita megi íbúum sem jafnasta þjónustu. Það kerfi samstarfsverkefna sem sveitarfélögin hafa búið við er hins vegar orðið flókið og hefur ekki nema að takmörkuðu leyti fylgt þeirri þróun sem að ofan er getið.

Á Eyjafjarðarsvæðinu eru núna 9 sveitarfélög ef aðeins er miðað við þau sem rammast inn af Vaðlaheiði að austan og Tröllaskaga að vestan. Þau eru þegar talið er frá austri til vesturs: Grímsey, Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Eyjafjarðarsveit, Akureyri, Hörgárbyggð, Arnarneshreppur, Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð. Einnig hafa sveitarfélög austan Vaðlaheiðar tekið þátt í samstarfsverkefnum með sveitarfélögum í Eyjafirði og hafa á þann hátt verið hluti af eyfirsku samfélagi en með sameiningum sveitarfélaga í Þingeyjarsýslu hefur dregið úr því samstarfi.

Tilraunir hafa verið gerðar til að sameina sveitarfélögin á Eyjafjarðarsvæðinu í eitt og var kosið um slíka tillögu árin 1993 og 2005 sem hluta af átaki félagsmálaráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Auk þess var, að frumkvæði Akureyringa, farið í sameiningarviðræður á árunum 1999-2000 en ekki reyndist áhugi fyrir því að láta reyna á slíka tillögu á þeim tíma. Tillögur um sameiningu alls fjarðarins hafa því átt undir högg að sækja. Þess í stað hafa verið samþykktar nokkrar minni sameiningartillögur og orðið hafa til Dalvíkurbyggð (1998), Hörgárbyggð (2001) og

Fjallabyggð (2006). Akureyrarkaupstaður og Hríseyjarhreppur sameinuðust undir nafni þess fyrrnefnda (2004).

Það er líklegt að sveitarfélagaskipan í Eyjafirði verði enn um sinn á þann veg að þar verði annars vegar stór og öflug sveitarfélög, sem ein og sér geta veitt íbúum fjölbreytta þjónustu, og hins vegar nokkur fámennari sveitarfélög sem þurfa að veita hluta þjónustu í samstarfi við önnur. Eyjafjörður er eitt menningar- og þjónustusvæði og að mestu leyti eitt atvinnusvæði. Byggðarlögin eru svo samfin að utanaðkomandi aðilar eiga erfitt með að átta sig á því hvernig svæðinu er skipt upp í mismunandi stjórnsýslueiningar. Þessar staðreyndir valda því að það er rökrétt að sveitarfélög vinni saman að því að veita þjónustu við íbúana þrátt fyrir að ekki sé endilega mælt svo fyrir um í lögum og reglugerðum.

Í ljósi þess sem sagt er hér að framan óskaði Héraðsráð Eyjafjarðar eftir tilboði frá Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri, um að vinna rannsóknarverkefni sem miðaði að því að greina samstarf sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu og gera tillögur um endurskipulagningu þess. Verkefnið hófst í september 2006 og lýkur í maí 2007 með kynningu niðurstaðna á vörfundum Héraðsnefndar Eyjafjarðar.

Þeir sem hafa einkum unnið að verkefninu eru Hjalti Jóhannesson sem var verkefnisstjóri, Valtýr Sigurbjarnarson og Ögmundur Knútsson. Sveitarstjórnarmönnum, starfsmönnum sveitarfélaga og öðrum sem leitað var til við gerð þessarar skýrslu er þökkúð góð samvinna við margvíslega upplýsingaöflun sem er forsenda fyrir verkefni sem þessu. Tillögurnar sem hér eru settar fram eru þó alfarið á ábyrgð höfundu skýrslunnar.

3. GÖGN OG AÐFERÐIR

Í verkefni þessu er byggt á þrennskonar gagnaöflun, þ.e. heimildaleit í rituðum heimildum og á netinu (veraldarvefnum), viðtölum og viðhorfskönnun á netinu. Megin verkþættir eru fjórir:

- A) Greining á samstarfi sveitarfélaga í Eyjafirði.
- B) Greining á samstarfi sveitarfélaga í öðrum landshlutum og erlendis.
- C) Mat á núverandi samstarfi.
- D) Gerð tillagna um framtíðarfyrirkomulag samstarfs í Eyjafirði.

Greining á samstarfi sveitarfélaga í Eyjafirði. Einkum var byggt á fyrirliggjandi gögnum en einnig að nokkru leyti á viðtölum sem voru hluti af verkþætti c).

Greining á samstarfi sveitarfélaga í öðrum landshlutum og erlendis. Hér var eingöngu byggt á fyrirliggjandi gögnum.

Mat á núverandi samstarfi sveitarfélaga í Eyjafirði. Þetta var gert með þrennskonar hætti. Tekin voru viðtöl við kjörna sveitarstjórnarmenn og framkvæmdastjóra sveitarfélaga um viðhorf þeirra til samvinnuverkefna. Tekið var eitt viðtal í minni sveitarfélögum (færri en 1.000 íbúar) og tvö í þeim stærri. Á svipaðan hátt voru tekin viðtöl við þá sem stjórna umfangsmestu samvinnuverkefnunum. Í öðru lagi var gerð könnun á netinu meðal allra sveitarstjórnarmanna í Eyjafirði um viðhorf þeirra til samvinnuverkefna. Alls voru sendir út spurningalistar á netföng 108 aðal- og varamanna í sveitarstjórnnum og svöruðu 46 eða 43%. Voru niðurstöður fyrrnefndra viðtala notaðar til þess að móta þær spurningar sem lagðar voru fyrir í netkönnuninni.

Vinna að tillögugerð vegna samvinnu sveitarfélaga í Eyjafirði. Þessi verkþáttur var unninn í nokkrum áföngum. Verkefnið var kynnt fyrir fulltrúum á fundi Héraðsnefndar Eyjafjarðar sem haldinn var á Dalvík 8. nóvember 2006. Síðan voru fyrstu drög að skýrslu kynnt fyrir héraðsráði 20. desember 2006 þar sem fram komu nokkrar mismunandi leiðir sem sveitarfélögin gætu valið um í samvinnu sín á milli í einstökum málaflokkum.

Málþing sveitarstjórnarmanna í Eyjafirði. Héraðsráð Eyjafjarðar ákvað eftir að verkefnið hófst að efna til málþings sveitarfélaga á starfssvæðinu til þess að kynna fyrir sveitarstjórnarmönnum þær hugmyndir sem fyrir lágu þá. Málþingið, var haldið 2. febrúar 2007. Það var ágætlega sótt og áttu allar sveitarstjórnir nema Grímseyjar-

hreppur þar fulltrúa. Þær umræður sem fóru fram á málþinginu hafa nýst vel í verkefninu og gafst þarna gott tækifæri til þess að kanna hug sveitarstjórnarmanna til þeirra tillagna sem lágu fyrir á þessum tímapunkti.

Tillögur um framtíðarfyrirkomulag samvinnu sveitarfélaga í Eyjafirði. Í ljósi sjónarmiða sem fram hafa komið meðan vinna við þetta verkefni hefur staðið, m.a. á málþinginu, voru gerð lokadrög að skýrslu sem kynnt var á fundi héraðsráðs 21. mars 2007. Fulltrúar í ráðinu fengu skýrsludrögin send á rafrænu formi til yfirlestrar þannig að færi gæfist á að koma fram með ábendingar um viðbætur eða ábendingar um það sem betur mætti fara. Að því loknu var gengið frá skýrslunni í endanlegri gerð.

4. GREINING Á SAMSTARFI SVEITARFÉLAGA Í EYJAFIRÐI

Samstarf sveitarfélaga í Eyjafirði er fjölpætt og form þess er með ýmsu móti. Einnig er misjafnt hve mörg sveitarfélög eru aðilar að hverju verkefni fyrir sig. Í sumum tilvikum byggist samstarfið á sameiginlegum nefndum en í öðrum tilvikum er um sameiginlegar stofnanir og stjórnir að ræða. Einnig hafa verið gerðir þjónustusamningar þar sem eitt sveitarfélaganna sér um reksturinn, en selur út þjónustuna til annarra sveitarfélaga. Eins og kunnugt er hefur starfsemi sveitarfélaganna aukist mikið á næstliðnum árum og fjölgun starfsmanna þeirra er til vitnis um það. Aukin starfsemi hefur einnig snert samstarfsverkefni, þeim hefur fjölgað á síðustu árum. Fyrir vikið er samstarfið að ýmsu leyti flókið, á því eru mörg form, vettvangur þess margvíslegur og fjöldi eininganna mikill. Í ljósi þess er ekki að undra þó mörgum finnist yfirsýn erfið, en hér á eftir er reynt að draga aðalatriðin saman í stuttu máli.

4.1. Samstarf hjá Héraðsnefnd Eyjafjarðar

Í eftirfarandi köflum er rakið samstarf sem viðkomandi sveitarfélög hafa undir hatti héraðsnefndar. Sum þeirra eru rekin frá skrifstofu nefndarinnar en önnur einungis óbeint, t.d. á það við um byggðasamlög og sjálfseignastofnanir.

Héraðsnefnd Eyjafjarðar

Héraðsnefnd Eyjafjarðar var formlega stofnuð 9. desember 1988 á grundvelli breytinga sem fram komu í sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986 og reglugerð nr. 268/1988, en samfara þeim lauk tilvist sýslunefnda, sem lengi höfðu verið hluti af stjórnsýslukerfi landsins. Núverandi samþykktir Héraðsnefndar Eyjafjarðar eru frá 3. júlí 2002. Í 5. grein samþykktanna segir:

Héraðsnefndin annast eftirtalin verkefni skv. ákvæðum laga eða eftir því sem um semst milli sveitarfélaganna:

1. Verkefni þau sem sýslunefndum voru falin með lögum og færð hafa verið til héraðsnefnda með lagabreytingu.
2. Almannavarnir og öryggismál. Sbr. 7.-9. gr. laga nr. 94/1962 ásamt síðari breytingum.
3. Skipulags- og byggingarmál. Sbr. samning um rekstur á byggingarfulltrúaembætti Eyjafjarðarsvæðis samþykktan á fundi Héraðsnefndar Eyjafjarðar 12. desember 2001 og sbr. 6. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1997.
4. Samgöngu- og vegamál. Sbr. 5. gr. laga nr. 45/1994.
5. Rekstur Amtsbókasafns, Héraðsskjalasafns og Minjasafns og annarra safna sem fyrir eru eða ákveðið kann að verða að koma upp. Sjá safnalög nr. 106/2001 og þjóðminjalög nr. 107/2001.

6. Þátttaka í stjórn og framkvæmdum við framhaldsskóla í Eyjafirði, sbr. lög nr. 80/1996 ásamt síðari breytingum.
7. Fjallskil, sbr. 3. gr. laga nr. 6/1986 ásamt síðari breytingum og sbr. fjallskilasamþykkt fyrir sveitarfélög á svæði Héraðsnefndar Eyjafjarðar nr. 439/2002.
8. Sveitarstjórnarmál sem varða héraðið sem heild, svo og tillögur um hvaðeina, sem verða má héraðinu til gagns eða til að afstýra atvinnuleysi og bjargarskortí.
9. Önnur verkefni, svo sem á vettvangi byggðasamlaga sem varða héraðið sem heild eða hluta þess og sveitarstjórnir, sem aðild eiga að héraðsnefndinni óska að fela nefndinni, samkvæmt samkomulagi þar um.
10. Önnur verkefni, sem héraðsnefndinni kunna að verða falin með lögum.

Um hvert ofangreindra verkefna skal eftir því sem við á gera samning sem skuldbindur einstök sveitarfélög til þátttöku í viðkomandi verkefni innan Héraðsnefndar Eyjafjarðar eða sjálfstætt starfandi byggðasamlaga. Þegar héraðsnefnd fjallar um verkefni er snerta samstarf hluta aðildarsveitarfélaganna, eiga aðeins fulltrúar þeirra sveitarfélaga er þátt taka í verkefninu atkvæðisrétt. Heimilt skal að veita öðrum en þeim sem eru í Héraðsnefnd Eyjafjarðar aðild að slíkum samningum.

Í 16. grein samþykktanna segir:

Héraðsnefnd kýs eða tilnefni í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir, enda sé kosning eða tilnefning tiltekinna aðila ekki bundin í lög, reglugerðir, samþykktir eða samninga viðkomandi aðila:

1. Skólanefnd Menntaskólans á Akureyri. Tvo aðalmenn, þar af annar tilnefndur af Akureyrarbæ og jafnmarga til vara. Sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla ásamt síðari breytingum.
2. Skólanefnd Verkmenntaskólans á Akureyri. Tvo aðalmenn, þar af annar tilnefndur af Akureyrarbæ og jafnmarga til vara. Sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla ásamt síðari breytingum.
3. Stjórn Minjasafnsins á Akureyri. Aðildarsveitarfélög önnur en Akureyri kjósa tvo aðalmenn og jafnmarga til vara, sbr. 7. gr. í stofnskrá Minjasafnsins á Akureyri. Sbr. einnig safnalög nr. 106/2001 og þjóðminjalög nr. 107/2001.
4. Gróðurverndarnefnd. Þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara eftir tilnefningu frá stjórn Búnaðarsambands Eyjafjarðar. Sbr. 19. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu ásamt síðari breytingum.
5. Náttúruverndarnefnd. Þrjú aðalmenn og jafnmarga til vara. Sbr. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruverndarnefnd.
6. Stjórn Sorpeyðingar Eyjafjarðar bs. Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara, skv. endurskoðuðum stofnsamningi frá 9. desember 1998.
7. Byggingarnefnd Verkmenntaskólans á Akureyri. Fimm aðalmenn, 1 tilnefndan frá ríki, 3 frá Akureyrarbæ og 1 frá öðrum sveitarfélögum innan héraðsnefndar. Um samstarf ríkis og sveitarfélaga er fjallað í 37. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla.
8. Veganefnd. Fimm aðalmenn. Sbr. samþykkt héraðsnefndar frá 13. júlí 1994 og 5. gr. laga nr. 45/1994.
9. Byggingarnefnd Eyjafjarðasvæðis. Tilnefnd af viðkomandi sveitarfélögum. Sbr. 6. mgr. 6. gr. laga nr. 73/1997 og samning um rekstur á byggingarfulltrúaembætti Eyjafjarðarsvæðis frá 12. desember 2001.
10. Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs. Á vorkundi Héraðsnefndar Eyjafjarðar ár hvert skal kosin stjórn samlagsins, hafi það ekki þegar verið gert, sbr. síðustu málsgrein 9. gr. stofnsamnings frá 15. október 1998 með síðari breytingum. Akureyrarbær tilnefni þrjú aðalmenn og einn til vara og önnur aðildarsveitarfélög tilnefna 2 aðalmenn og einn til vara.

11. Barnaverndarnefnd. Einn aðalmann og annar til vara, sbr. grein 2.1 í samningi um stofnun á sameiginlegri barnaverndarnefnd, dags. 24. nóvember 1999 og sbr. 1. mgr. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992.
12. Þjónustuhóp aldraðra. Fimm fulltrúa, sbr. 7. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.
13. Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. Aðildarsveitarfélög, önnur en Akureyri, tilnefna einn fulltrúa og annan til vara í stjórn SÍMEY, sbr. 4. grein í skipulagsskrá Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar.

Öll sveitarfélögin níu í Eyjafirði eiga aðild að nefndinni. Í héraðsnefnd eru 19 fulltrúar frá viðkomandi sveitarfélögum og einnig er starfandi fimm manna héraðsráð. Hjá nefndinni er starfsmaður í 60% starfi.

Útgjöld í ársreikningi héraðsnefndar árið 2005 voru tæplega 132.958 þkr. Þar af voru um 76.400 þkr vegna byggingaframkvæmda við VMA, 28.500 þkr framlag til Minjasafnsins á Akureyri og 5.466 þkr vegna yfirstjórnar og rekstrar skrifstofu.

Almannavarnanefnd Eyjafjarðar

Í 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962 og auglýsingu um samstarf um almannavarnir frá 5. febrúar 1996 eru ákvæði um skipan nefndarinnar og fleira. Í 8. grein laganna segir:

Í hverju sveitarfélagi skal vera starfandi almannavarnanefnd sem sveitarstjórn skipar. Heimilt er sveitarstjórnnum að semja um að koma á fót sameiginlegri almannavarnanefnd, en nái slík sameining yfir tvö eða fleiri lögsagnarumdæmi er slík sameining háð staðfestingu ráðherra. Skal þá ráðherra ákveða hvaða lögreglustjóri starfi með nefndinni.

Almannavarnanefnd skal auk lögreglustjóra skipuð lykilmönnum sem stýra í starfi sínu viðbrögðum sem tryggja öryggi hins almenna borgara gagnvart aðsteðjandi vá. Þær sveitarstjórnir sem að nefndinni standa ákveða fjölda nefndarmanna, en nefndin kys sér sjálf formann og varaformann. Sveitarstjórnir ákveða um ráðningu starfsmanna almannavarnanefnda og standa undir kostnaði af starfi þeirra.

Í nefndri auglýsingu er tilgreind ákvörðun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um hvaða sveitarfélög „*myndi eina almannavarnanefnd og myndi þannig samstarf um almannavarnir á svæðinu*“. Með bréfi ráðuneytisins, dags. 22. mars 1996 er greint frá samkomulagi viðkomandi aðila um samstarf um almannavarnir og að ráðuneytið staðfesti umrætt samkomulag. Í bréfinu kemur eftirfarandi fram:

Nefndin verði skipuð eftirtöldum aðalmönnum og varamönnum:
Lögreglustjóri/staðgengill
Bæjarverkfræðingur Akureyrar/Bæjartæknifræðingur Dalvíkur
Héraðslæknir/staðgengill
Slökkviliðsstjóri Akureyrar/Slökkviliðsstjóri Dalvíkur
Bæjarstjórinn á Akureyri/staðgengill
Oddviti Eyjafjarðarsveitar/Sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar.

Öll sveitarfélögin í Eyjafirði fyrir utan Fjallabyggð eru aðilar að almannavarnanefnd Eyjafjarðar. Hjá nefndinni er starfsmaður í 20% starfi og útgjöld hennar árið 2005 voru liðlega 800 þkr, en þeim er mætt með framlögum viðkomandi sveitarfélaga.

Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæðis

Minni sveitarfélögin í Eyjafirði, þ.e. Arnarneshreppur, Eyjafjarðarsveit, Grímsey, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð og Svalbarðsstrandarhreppur, hafa um margra ára skeið sameinast um rekstur á byggingarfulltrúaembætti Eyjafjarðarsvæðis og nógildandi samningur þar um er frá 12. desember 2001. Í annarri grein sammingsins segir:

2. Stjórnun, fjármál og fjármögnun.
 - 2.1. Rekstur byggingarfulltrúaembættisins heyrir undir Héraðsnefnd Eyjafjarðar. Héraðsráð fer með framkvæmdastjórn embættisins í umboði héraðsnefndar.
 - 2.2. Verksvið framkvæmdastjórnar er að ákveða launakjör starfsmanna, gera tillögu að fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár og ákveða upphæð gjalda sammingsaðila til starfseminnar, en skipting gjaldanna á sveitarfélögin skal vera í hlutfalli við íbúatölu þeirra 1. desember næstan á undan samningu fjárhagsáætlunar.
 - 2.3. Héraðsnefnd Eyjafjarðar annast fjárreiðu embættis byggingarfulltrúa, sér um innheimtu og greiðslur.

Starfsemin byggir á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum en þar segir m.a. í 6. grein:

Í hverju sveitarfélagi skal starfa byggingarnefnd, kjörin af sveitarstjórn. Sveitarstjórn getur ákveðið að nefndin fjalli einnig um skipulagsmál sveitarfélagsins og nefnist þá skipulags- og byggingarnefnd en að öðrum kosti skal einnig starfa sérstök skipulagsnefnd.

Byggingarnefndir fara með byggingarmál undir yfirstjórn sveitarstjórna.

Skipulagsnefndir fara með skipulagsmál undir yfirstjórn sveitarstjórna.

Sveitarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna. Um byggingar- og skipulagsnefndir og störf þeirra gilda einnig ákvæði sveitarstjórnarlaga eftir því sem við á.

Byggingarfulltrúar og skipulagsfulltrúar, eftir því sem við á, skulu sitja fundi nefndanna með málfrelsi og tillögurétt.

Sveitarfélög geta haft samvinnu við nágrannasveitarfélög um kosningu byggingar- og skipulagsnefnda og ráðningu byggingar- og skipulagsfulltrúa. Hlutadeigandi sveitarfélög gera þá með sér samning um stofnun nefndanna sem ráðherra staðfestir.

Eitt stöðugildi er við embættið. Útgjöld ársins 2005 voru um 8.483 þkr, eigin tekjur (byggingarleyfisgjöld) um 4.350 þkr og framlög sveitarfélaga 8.039 þkr.

Gróðurverndarnefnd

Nefndin er skipuð skv. 19 gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, en þar segir:

Í hverri sýslu, kaupstað og bæ skal starfa þriggja manna gróðurverndarnefnd. Héraðsnefndir og bæjarstjórnir kjósa nefndirnar til fjögurra ára í senn. Í sýslum skal áður leitað tillagna viðkomandi búnaðarsambands. Nefndin kys sér formann. Funda- og ferðakostnaður svo og þóknun fyrir unnin störf gróðurverndarnefndar greiðist af fé Landgræðslu ríkisins að $\frac{2}{3}$ hlutum og viðkomandi héraðssjóði eða bæjarsjóði að $\frac{1}{3}$ hluta.

Nefndin sinnir beiðnum sem til hennar koma og hefur frumkvæði að skoðunarferðum eftir atvikum. Gjöld ársins 2005 voru um 116 þkr.

Framhaldsskólar við Eyjafjörð

Tveir framhaldsskólar eru á Akureyri, MA og VMA. Í lögum nr. 80/1996, XII. kafla um stofnun og byggingu framhaldsskóla segir í 4. mgr. 37. gr.:

Kostnaður við byggingarframkvæmdir, aðrar framkvæmdir á lóð og stofnbúnað framhaldsskóla og heimavista við þá skiptist þannig að ríkissjóður greiðir 60% áætlaðs kostnaðar samkvæmt viðmiðunarreglum (normkostnaður) þegar sveitarfélag eða sveitarfélög annast undirbúning og verkframkvæmd. Hlutur sveitarfélags eða sveitarfélaga er þá sá hluti kostnaðar sem ríkissjóður greiðir ekki. Lóðir undir framhaldsskóla skulu sveitarfélög leggja til án kvaða eða gjalda. Þegar ríkissjóður ber ábyrgð á undirbúningi verks og stjórnar framkvæmdum, án íhlutunar sveitarfélags eða sveitarfélaga, greiðir sveitarfélag eða sveitarfélög 40% miðað við normkostnað en ríkissjóður hinn hlutann. Heimilt er ráðuneytinu að semja um aðra kostnaðaraðild þegar um búnað verknámshúsnæðis er að ræða að fengnu samþykki fjárlaganefndar

Samningar við ríkið vegna nýbygginga við MA og VMA hafa verið eitt af hlutverkum héraðsnefndar sem hefur borið ábyrgð á framkvæmdum sem staðið hafa nær óslitið í tvo áratugi. Öll sveitarfélögin í Eyjafirði eru aðilar að skólunum, auk Þingeyjarsveitar vegna hluta sveitarfélagsins, (fyrrverandi Hálsahrepps).

Byggingarnefnd hefur verið tilnefnd af viðkomandi aðilum, en samið hefur verið við Akureyrarbæ um byggingareftirlit og reikningshald vegna framkvæmda við framhaldsskólana. Byggingareftirlitsmaður og byggingarnefnd starfa með framkvæmdastjóra héraðsnefndar að þeim verkefnum sem snerta byggingarframkvæmdir við framhaldsskólana.

Menntamálaráðherra skipar skólanefndir framhaldsskólanna samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla ásamt síðari breytingum. Þar segir:

Í skólanefnd skulu sitja fimm menn. Tveir eru skipaðir samkvæmt tilnefningu sveitarstjórnar/sveitarstjórna og þrír án tilnefningar og skulu þeir að jafnaði búsettir í sveitarfélagi sem á aðild að skólanum. Nefndin kys sér formann til eins árs í senn. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Áheyrnarfulltrúar eru tveir með málfrelsi og tillögurétt, annar tilnefndur af kennurum skólans en hinn af nemendafélagi skólans. Áheyrnarfulltrúar skulu tilnefndir til eins árs í senn. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hann er framkvæmdastjóri nefndarinnar.

Rekstur skólanna er á vegum ríkisins og svo er einnig um kostnað skólanefndar.

Minjasafnið á Akureyri

Minjasafnið á Akureyri hefur frá upphafi verið til húsa í Kirkjuhvoli, Aðalstræti 58, Akureyri, en húsið var byggt 1934. Árið 1962 hófst starfsemi Minjasafnsins í húsinu, en árið 1978 var tekin í notkun viðbygging norðan við gamla húsið. Þar eru aðalsýningarsalir safnsins og þar standa grunnsýningar þess.

Í 1. grein í stofnskrá Minjasafnsins á Akureyri segir um rekstrarformið:

Minjasafnið á Akureyri er sjálfseignarstofnun. Starfsemin lýtur ákvæðum Safnalaga nr. 106/2001 með síðari breytingum og Þjóðminjalaga nr. 107/2001 með síðari breytingum. Safnið var upphaflega stofnað 1962 og var í eigu og rekið af Akureyrarbæ, Kaupfélagi

Eyfirðinga og Sýslunefnd Eyjafjarðar. Með stofnskrá dagsettri 9. desember 1998 var ákveðið að allar þáverandi eignir Minjasafnsins á Akureyri rynnu til sjálfseignarstofnunarinnar og yrðu stofnfé hennar.

Í 5. grein stofnskrár segir um stjórn safnsins:

Stjórn Minjasafnsins skal skipuð fimm mönnum sem kosnir skulu á næsta héraðsnefndarfundi eftir sveitarstjórnarkosningar. Bæjarstjórn Akureyrar tilnefnir þrjú menn og önnur sveitarfélög sem aðild eiga að rekstri safnsins tilnefna tvo menn. Jafnmarga varamenn skal kjósa sem tilnefndir eru af sömu aðilum og aðalmenn. Kjörtímabil stjórnar er fjögur ár og er hið sama og sveitarstjórna. Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar skal hún skipta með sér störfum.

Minjasafnið á Akureyri er rekið af öllum sveitarfélögunum á Eyjafjarðarsvæðinu nema Fjallabyggð. Gjöld ársins 2005 voru samtals um 41.922 þkr. Þar af rekstrar-kostnaður um 35.476 þkr. Framlög viðkomandi sveitarfélaga árið 2005 voru 28.500 þkr.

Náttúruverndarnefnd

Nefndin er skipuð skv. 11. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd en þar segir um náttúruverndarnefndir:

Á vegum hvers sveitarfélags eða héraðsnefndar starfar þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Sveitarstjórnir og héraðsnefndir ákveða fjölda nefndarmanna, kjósa þá til fjögurra ára, velja formann og setja nefndinni erindisbréf. Varamenn skulu kosnir með sama hætti. Sveitarstjórnir greiða kostnað sem hlýst af störfum náttúruverndarnefnda nema öðruvísi sé ákveðið. Tilkynnt skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar til Umhverfisstofnunar um kjör í náttúruverndarnefndir.

Náttúruverndarnefndir skulu vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um náttúruverndarmál. Skulu þær stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m.a. með fræðslu og umfjöllun um framkvæmdir og starfsemi sem líkleg er til þess að hafa áhrif á náttúruna, og gera tillög um úrbætur til sveitarstjórna og Umhverfisstofnunar.

Náttúruverndarnefndir skulu leita aðstoðar og ráðgjafar Umhverfisstofnunar þegar ástæða er til. Umhverfisstofnun og fulltrúar náttúruverndarnefnda skulu halda a.m.k. einn sameiginlegan fund á ári. Náttúruverndarnefndir skulu veita Umhverfisstofnun yfirlit yfir störf sín með skýrslu í lok hvers árs.

Sú náttúruverndarnefnd sem starfar undir hatti héraðsnefndar er kostuð af öllum sveitarfélögum í Eyjafirði, en starf hennar hefur einkum lotið að minni sveitarfélögunum, þar sem hin stærri eru einnig með sínar eigin umhverfisnefndir eða umhverfisráð.

Svæðisskipulag Eyjafjarðar

Þátttakendur eru öll sveitarfélögin í Eyjafirði ásamt Siglufirði og Þingeyjarsveit. Núgildandi svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018 var staðfest af umhverfisráðherra 14. október 2002. Heildarkostnaður við skipulagið (á verðlagi hvers árs) var liðlega 14 mkr, sem skiptist u.þ.b. að jöfnu milli viðkomandi sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar.

Í 12. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er ákvæði um að sveitarfélögum sé skylt að taka afstöðu til endurskoðunar svæðisskipulags að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Það hafa þau sveitarfélög gert, sem eru aðilar að svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018 og komist að þeirri niðurstöðu að endurskoða skuli skipulagið. Sveitarfélögin hafa kosið fulltrúa sína í samvinnunefnd um svæðisskipulag í samræmi við nefnda lagagrein. Nefndin hefur tekið til starfa og umhverfisráðherra sett henni starfsreglur. Samþykkt hefur verið að fella núverandi svæðisskipulag úr gildi og vinna nýtt út frá tilteknum forsendum.

4.2. Byggðasamlög í Eyjafirði

Í eftirfarandi undirköflum er fjallað um samstarf sem rekið er innan byggðasamlaga í Eyjafirði.

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs.

Samþykktir eru byggðar á stofnsamningi Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar bs. frá 15. október 1998 og fram komnum breytingum á síðari aðalfundum samlagsins. Í núgildandi samþykktum segir um tilgang félagsins og verkefni:

Tilgangur.

Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar er ætlað að vera leiðandi afl í uppbyggingu atvinnu á Eyjafjarðarsvæðinu með það að markmiði að fjölga atvinnutækifærum á svæðinu og auka fjölbreytileika þeirra starfa sem eru í boði. Þetta skal gert meðal annars með því að samræma stefnu sveitarfélaganna í atvinnumálum, bæta rekstrargrundvöll atvinnulífsins og bæta samkeppnishæfni Eyjafjarðarsvæðisins gagnvart öðrum svæðum innanlands sem utan. Tilgangur Atvinnuþróunarfélagsins er einnig að taka að sér og samræma vinnu er varðar atvinnumál á Eyjafjarðarsvæðinu.

Verkefni.

Að vera málsvari sveitarfélaganna í atvinnumálum gagnvart utanaðkomandi aðilum, þ.e. ríkisstjórn, ríkisstofnunum, embættismönnum og innlendum og erlendum fjárfestum.

Að veita sveitarfélögunum þjónustu varðandi atvinnu- og kynningarmál og stuðla að aukinni samræmingu í uppbyggingu atvinnu á svæðinu.

Reka kynningar- og upplýsingaþjónustu til að laða að innlenda og erlenda fjárfesta svo og opinbera aðila til að standa að atvinnurekstri á Eyjafjarðarsvæðinu.

Auka samstarf fyrirtækja á svæðinu til að efla Eyjafjörð sem eitt atvinnusvæði.

Efla nýsköpun í atvinnulífinu með ýmsum þróunar-, rannsóknar- og könnunarverkefnum.

Þátttakendur í Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar bs eru öll sveitarfélögin í Eyjafirði fyrir utan Grímsey, sem nú hefur óskað eftir aðild. Hjá félaginu eru tveir starfsmenn í fullu starfi, en auk þeirra er undir hatti félagsins starfsmaður í um 30% starfi við vaxtarsamning Eyjafjarðar. Rekstrargjöld ársins 2005 voru um 24.327 þkr. Framlög sveitarfélaga um 14.626 þkr og framlag Byggðastofnunar um 10.194 þkr.

Hafnasamlag Eyjafjarðar bs.

Hafnasamlag Eyjafjarðar var stofnað 8. júní 1993 og stofnaðilar voru þáverandi Ársskógstrandarhreppur, Dalvíkurbær og Ólafsfjarðarbær. Skipulag starfseminnar hefur lítið breyst fram að þessu. Hríseyjarhreppur gerðist síðar aðili að byggðasamlaginu. Samkvæmt viðauka við stofnsamning er skrifstofa fyrirtækisins á Dalvík og hafnarstjóri staðsettur þar. Framkvæmdin á stjórnuninni á undanförunum árum hefur þó verið þannig að bæjarstjóri Dalvíkurbyggðar hefur verið framkvæmdastjóri byggðasamlagsins og fulltrúi Fjallabyggðar (Ólafsfjarðar) hefur verið formaður stjórnar (sjá fundargerð stjórnar 19. júlí 2006).

Frá stofnun samlagsins hafa orðið miklar breytingar á skipan sveitarfélaga á svæðinu, þær mestu sem orðið hafa í Eyjafirði. Þetta hefur valdið því að allflókin staða hefur skapast á starfssvæðinu. Þær sveitarstjórnir sem nú eiga aðild að samlaginu eru Dalvíkurbyggð vegna hafna á Dalvík, Ársskógssandi og Hauganesi, Fjallabyggð vegna hafnarinnar í Ólafsfirði og Akureyrarkaupstaður vegna hafnarinnar í Hrísey. Nú eru hvorki meira né minna en níu manns í stjórn byggðasamlagsins, fjórir frá Dalvíkurbyggð, þrír frá Fjallabyggð og tveir frá Akureyrarkaupstað.

Hjá Hafnasamlagi Eyjafjarðar starfa nú fimm starfsmenn í 4,33 stöðugildum¹. Árið 2005 voru rekstrargjöld án afskrifta 50,9 millj. kr.

Hafnasamlag Norðurlands bs.

Hafnasamlag Norðurlands bs. var stofnað í ársbyrjun 1997. Í 2. grein hafnarreglugerðar nr. 287/2005 segir:

Akureyrarkaupstaður, Arnarneshreppur, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð og Svalbarðsstrandarhreppur, eru sameigendur hafnasamlagsins. Sveitarstjórnir fara með yfirstjórn hafnamála, en framkvæmdastjórn skal falin hafnarstjórn og hafnarstjóra.

Hafnarstjórn er kjörin af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum skv. þeim reglum er gilda um kjör fastra nefnda sveitarstjórnar. Hafnarstjórn skipa 7 fulltrúar og 7 til vara og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórna. Stjórnarmenn skulu kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum þannig:

5 aðalmenn og 5 til vara af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar.

1 aðalmaður og 1 til vara af hreppsnefndum Arnarneshrepps og Hörgárbyggðar. 1 aðalmaður og 1 til vara af hreppsnefndum Grýtubakkahrepps og Svalbarðsstrandarhrepps. Stjórn hafnasamlagsins kýs sér formann úr hópi kjörinna hafnarstjórnarmanna. Hafnarstjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Auk hinna kjörnu fulltrúa skal hafnarstjóri sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt.

Í 3. grein reglugerðarinnar segir um starfs- og valdsvið hafnarstjórnar:

¹ Tveir á Dalvík, tveir í Ólafsfirði og 1/3 stöðugildi í Hrísey.

Hafnarstjórn hefur umsjón með fjármálum, rekstri, viðhaldi og nýbyggingum hafnasamlagsins. Leita skal staðfestingar sveitarstjórna sameigenda á fjárhagsáætlun hafnarsjóðs svo og lántökum hafnarsjóðs lengur en yfirstandandi fjárhagsár.

Hafnarstjórn hefur ákvörðunarvald um rekstur hafnasamlagsins, svo sem ráðstöfun á aðstöðu, þ.m.t. leiga á húsnæði og landi í eigu samlagsins.

Hafnarstjórn veitir leyfi til almennrar starfsemi á hafnarsvæðum sem samræmist skipulags- og byggingarskilmálum og sem ekki eru háð leyfi sveitarstjórnar. Hafnarstjórn hefur vald til að takmarka afnot af hafnarsvæðum fyrir starfsemi sem ekki er í samræmi við fyrrgreinda skilmála eða hindrar eðlilega hafnarstarfsemi. Sveitarstjórn gefur út byggingar- og framkvæmdaleyfi og úthlutar lóðum á hafnarsvæðum að fengnum tillögum hafnarstjórnar. Engin mannvirkjagerð má fara fram á hafnarsvæðum nema með samþykki hafnarstjórnar.

Hlutaðeigandi sveitarstjórn annast gerð aðal- og deiliskipulags hafnarsvæða. Sveitarstjórn er skylt að hafa samráð við hafnarstjórn við gerð þess. Öll mannvirkjagerð á hafnarsvæðum skal vera í samræmi við samþykkt aðal- og deiliskipulag. Sækja skal um framkvæmdaleyfi til viðkomandi sveitarstjórnar vegna framkvæmda sem undanþegnar eru ákvæðum um byggingarleyfi sbr 27. og 36. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Viðkomandi sveitarstjórn veitir framkvæmdaleyfi fyrir nýjum hafnarmannvirkjum.

Hafnavarsla, skrifstofu og stjórnunarkostnaður árið 2005 var 75.267 þkr.

Sorpeyðing Eyjafjarðar bs.

Samningur um Sorpeyðingu Eyjafjarðar bs. var fyrst gerður árið 1993, en samkvæmt þágildandi ákvæðum hans bar að endurskoða hann að fimm árum liðnum. Sú endurskoðun fór fram árið 1998, en síðan hafa verið gerðar breytingar, m.a. vegna fækkunar sveitarfélaga í Eyjafirði eftir sameiningar þeirra. Þátttakendur núna eru (talið sólarinnis) Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Eyjafjarðarsveit, Akureyrarbær, Hörgárbyggð, Arnarneshreppur og Dalvíkurbyggð. Bæjarstjórn Akureyrar tók ákvörðun um að segja sig úr samlaginu frá og með áramótum, 2006-2007, en því var síðan frestað um þrjá mánuði. Um tilgang samlagsins segir í 2. grein stofnsamnings:

Tilgangur byggðasamlagsins er að annast móttöku og förgun úrgangs fyrir sveitarfélög sem eru aðilar að Héraðsnefnd Eyjafjarðar og þau sveitarfélög sem samþykkt eru sem aðilar að samlaginu. Undanskilin er sorphirðing, rekstur gámasvæða og flutningur úrgangs á móttöku- eða förgunarstaði byggðasamlagsins.

Hjá Sorpeyðingu Eyjafjarðar bs. er einn starfsmaður í fullu starfi. Rekstrargjöld ársins 2005 voru um 81.416 þkr.

4.3. Önnur samstarfsverkefni í Eyjafirði

Í eftirfarandi undirköflum er fjallað um ýmis önnur samstarfsverkefni í Eyjafirði en þau sem þegar hafa verið nefnd.

Brunavarnir

Samkvæmt samstarfssamningi um brunavarnir frá 11. júní 2001 tók Akureyrarbær að sér „framkvæmd brunavarna og brunaeftirlits, sem skv. lögum og reglum hvílir á þeim sveitarfélögum sem eru aðilar þessa samnings“ Þessi sveitarfélög eru Arnarneshreppur, Eyjafjarðarsveit, Hörgárbyggð og Svalbarðsstrandarhreppur.

Í 3. grein um verkefni segir meðal annars:

SA skuldbindur sig með samningi þessum, að hafa með höndum verkefni og stjórn slökkviliðs hjá BE líkt og nánar er lýst í samningnum. Í lögum er m.a. mælt fyrir um þessi verkefni í III. kafla laga nr. 75/2000.

SA skal halda uppi almennum brunavörnum og opinberu eldvarnaeftirliti hjá BE, í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma. Þannig ber slökkviliði að sinna því hlutverki sem kveðið er á um í lögum nr. 75/2000, þ.m.t. eldvarnaeftirliti skv. 12. gr. laganna.

Í 5. grein um greiðslur segir:

Öll sveitarfélögin sem standa að þessum samningi skipta á milli sín, í hlutfalli við íbúatölu, rekstrarkostnaði Slökkviliðs Akureyrar skv. fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar, þ.m.t. kostnað vegna eldvarnaeftirlits. Auk rekstrarkostnaðar skulu samningsaðilar, eftir sömu reglu, skipta á milli sín afskriftarkostnaði fasteigna Slökkviliðs Akureyrar. Tekjur slökkviliðsins skulu koma til frádráttar áður en hlutdeild hvers og eins sveitarfélags er reiknuð út.

Verði kostnaður minni/meiri en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir, ber að endurreikna kostnað aðila til samræmis við raunverulegan kostnað, en uppgjör vegna þess skal fara fram eigi síðar en mánuði eftir að raunkostnaður liggur fyrir. Miða skal við íbúatölu 1. desember árið á undan gjaldárinu. Þannig er við gildistöku samningsins heildaríbúafjöldi svæðisins 17.318 og er sú tala lögð til grundvallar fyrir árið 2001.

BE tekur ekki þátt í afskriftarkostnaði vegna búnaðar/lausafjár slökkviliðs Akureyrar. Þess í stað taka þeir, í hlutfalli við íbúafjölda, þátt í kaupum slökkviliðsins á búnaði/lausfé. Þrátt fyrir það eignast BE enga hlutdeild í þeim eignum sem keyptar eru né hefur íhlutunarrétt um kaupin.

Starfað hefur verið eftir þessum samningi síðan hann var gerður. Ákvæði eru um rétt samningsaðila til endurskoðunar en ekki hefur þótt ástæða til breytinga.

Barnaverndarnefnd

Dalvíkurbyggð, Ólafsfjarðarbær og Siglufjarðarkaupstaður höfðu sameiginlega barnaverndarnefnd þar sem fyrrnefndu kaupstaðirnir unnu saman að sérfræðivinnunni en greiddu hver um sig útgjöld vegna sinna íbúa. Siglufirðingar ráku sína eigin þjónustu. Þessi mál eru nú til endurskoðunar eftir að Fjallabyggð varð til eftir sameiningu Ólafsfjarðarbæjar og Siglufjarðarkaupstaðar.

Félags- og skólþjónustan Útey

Þátttakendur í Úteyjarsamstarfinu voru Ólafsfjörður og Dalvíkurbyggð. Samstarfið byggir á nokkrum samningum sem teknir hafa verið til endurskoðunar.

Dalvíkurbyggð, Ólafsfjarðarbær og Hríseyjarhreppur gerðu árið 1999 með sér samning um samstarf á sviði sérfræðiþjónustu skóla, þjónustu við fatlaða og um

eflingu heilsugæslu. Til viðbótar þessum samningi var gerður annar samningur milli bæjarstjórnanna í Ólafsfirði og Dalvíkurbyggð árið 2001 þar sem markmiðið var að styrkja starfsemi félagsþjónustunnar í sveitarfélögunum. Þar var kveðið á um að félagsmálastjóri Dalvíkurbyggðar yrði jafnframt yfirmaður og bæri ábyrgð á framkvæmd félagsþjónustu í Ólafsfirði. Á móti skuldbatt Ólafsfjarðarbær sig til að ráða sálfræðing eða starfsmann með sambærilega menntun. Samningurinn skyldi gilda til ársloka en framlengjast sjálfkrafa ef engar athugasemdir hefðu borist fyrir 30. júní 2002. Akureyrarbær og Hríseyjarhreppur sameinuðust árið 2004 og er íbúum Hríseyjar nú veitt þjónusta frá Akureyri.

Í úttekt sem gerð var af RHA árið 2005 kom í ljós að formfestu vantar í starfsemina og að nauðsynlegt sé að endurskoða samstarfsformið (Hjalti Jóhannesson og Trausti Þorsteinsson, 2005). Í grundvallaratriðum má segja að þessi tvö sveitarfélög séu með ofangreindum samningum búin að ákveða að þjónusta íbúana sameiginlega á ákveðnum sviðum, þ.e. félags- og skólaþjónustu, og leggja til þess vinnuframlag starfsmanna frá hvoru sveitarfélagi fyrir sig. Þetta getur tæplega talist formlegur samstarfsvettvangur.

Eftir sameiningu í Fjallabyggð hefur þjónusta Úteyjarsamstarfsins að hluta verið útvíkkuð til Siglufjarðar og er vinna í gangi milli Fjallabyggðar og Dalvíkurbyggðar um að endurskoða starfsemina.

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Símeý

Símeý er sjálfseignarstofnun og stofnfundurinn var haldinn á Akureyri þann 29. mars 2000. Bein aðkoma Héraðsnefndar Eyjafjarðar að rekstri stofnunarinnar er engin en á fundum nefndarinnar er tilnefndur fulltrúi sveitarfélaganna í Eyjafirði í stjórn Símeýjar.

Í skipulagsskrá fyrir Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar segir:

1. grein. Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar er sjálfseignarstofnun með sérstaka stjórn. Heimili og varnarþing hennar er á Akureyri. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

2. grein. Stofnendur Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar eru: Háskólinn á Akureyri, Menntasmiðjan á Akureyri, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Akureyri, Tónlistarskólinn á Akureyri, Myndlistaskólinn á Akureyri, Akureyrarbær og sveitarfélög í Eyjafirði, stéttarfélög í Eyjafirði, félög atvinnurekenda og fyrirtæki og stofnanir í Eyjafirði, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, sem því til staðfestu undirrita skipulagsskrá þessa. Aðrir sem gerast stofnaðilar innan sex mánaða frá stofnun Símenntunarmiðstöðvarinnar teljast einnig til stofnenda. Fjárhagslegar skuldbindingar miðstöðvarinnar eru stofnendum óviðkomandi umfram stofnframlag.

Í þriðju grein er greint frá markmiðum með starfseminni og í fjórðu grein segir um skipan stjórnar.

Stjórn Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar er skipuð sjö mönnum til eins árs í senn og sjö til vara. Menntastofnanir sem aðild eiga að Símenntunarmiðstöðinni tilnefna einn fulltrúa (fulltrúinn flyst á milli menntastofnana árlega), stéttarfélög í Eyjafirði sem aðild eiga að miðstöðinni tilnefna tvo fulltrúa, sé annar fulltrúi verkafólks á almennum vinnumarkaði en hinn fulltrúi opinberra starfsmanna, atvinnurekendur tilnefna tvo fulltrúa og sé annar fulltrúi einkafyrirtækja og hinn opinberra stofnana, Akureyrarbær tilnefnir einn fulltrúa og sveitarfélög í Eyjafirði tilnefna einn fulltrúa. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Stjórn skiptir með sér verkum. Einfaldur meirihluti gildir á stjórnarfundum. Forstöðumaður situr að jafnaði stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

Tónlistarskóli Eyjafjarðar

Tónlistarskóli Eyjafjarðar var stofnaður 1988. Aðilar að honum eru nú Arnarneshreppur, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur og Hörgárbyggð. Rekstur er vistaður hjá Eyjafjarðarsveit. Kennt er í skólahúsnaði allra viðkomandi sveitarfélaga, þ.e. heimavistarhúsnaði Hrafnagilsskóla, Þelamerkurskóla og Gamla skólahúsinu Grenivík. Auk þess hefur skólinn útibú á Akureyri til kennslu nemenda sem hentar betur að fá kennslu þar.

Þelamerkurskóli

Þelamerkurskóli er grunnskóli sem er rekinn af Hörgárbyggð og Arnarneshreppi.

4.4. Þjónusta samkvæmt þjónustusamningum

Amtsbókasafnið á Akureyri

Amtsbókasafnið var stofnað árið 1827 af Grími Jónssyni amtmanni á Möðruvöllum. Aðsetur safnsins var í Laxdalshúsi fyrstu 20 árin og fluttist síðan milli ýmissa húsa. Árið 1906 varð Amtsbókasafnið formlega eign Akureyrarbæjar, með þeim skilyrðum að kaupstaðurinn myndi byggja fyrir safnið eldtraust geymsluhús og lestrarstofu.

Rekstur Amtsbókasafnsins heyrir nú undir menningarmálanefnd Akureyrarbæjar. Öll sveitarfélögin í Eyjafirði nema Akureyrarbær greiða framlag til safnsins í gegnum héraðsnefnd. Rekstrarkostnaður ársins 2005 var 107.081 þkr. Ýmsar tekjur voru 8.017 þkr, þar af 294 þkr frá héraðsnefnd. Akureyrarbær greiðir mismuninn 99.064 þkr en fær hluta af því frá ríkinu í gegnum menningarsamning.

Barnaverndarnefnd

Samningur um sameiginlega barnaverndarnefnd er frá 24. nóvember 1999. Aðilar samningsins eru Akureyrarbær, Arnarneshreppur, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakka-

hreppur, Hörgárbyggð (áður hrepparnir þrír) og Svalbarðsstrandarhreppur. Í annarri grein samningsins (grein 2.0) er greint frá meginefni hans, en þar segir:

Með samningi þessum koma ofangreind sveitarfélög sér saman um að stofna eina sameiginlega barnaverndarnefnd fyrir öll sveitarfélögin á grundvelli 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992 ásamt síðari breytingum. Grundvöllur samningsins er einnig fólgin í gerð samninga um ráðgjafarþjónustu milli Akureyrarbæjar og annarra samningsaðila eins og nánar er vikið að í einstökum greinum samnings þessa.

Sérfræðingar sem vinna fyrir nefndina hafa flestir starfsaðstöðu hjá fjölskyldudeild Akureyrarbæjar, en hvert sveitarfélag greiðir síðan fyrir nauðsynleg úrræði vegna sinna skjólstæðinga.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Héraðsskjalasafnið var stofnað 1. júlí 1969. Samkvæmt *Samþykkt fyrir Héraðsskjalasafnið á Akureyri* frá 1996 kemur fram að safnið starfar samkvæmt lögum um Þjóðskjalasafn nr. 66/1985 og reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994. Safnið heyrir undir menningarmálanefnd Akureyrarbæjar (nú Akureyrarstofu). Öll sveitarfélögin í Eyjafirði nema Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð eru aðilar að safninu og héraðsnefnd stendur skil á framlagi annarra sveitarfélaga en Akureyrarbæjar.

Rekstrarkostnaður safnsins árið 2005 var 18.489 þkr, þar af voru laun um 7.800 þkr og húsaleiga 12.643 þkr. Framlag frá héraðsnefnd (þ.e. greiðslur annarra aðildarsveitarfélaga en Akureyrarbæjar) voru 3.959 þkr árið 2005.

Ráðgjafarþjónusta

Samningar um ráðgjafarþjónustu er dagsettur 24. nóvember 1999, en samkvæmt þeim gerðu sveitarfélögin Arnarneshreppur, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð (áður hrepparnir þrír) og Svalbarðsstrandarhreppur samninga við Akureyrarbæ um tiltekna þjónustu við leik- og grunnskóla sveitarfélaganna, barnavernd og félagsþjónustu.

Greitt er tiltekið grunngjald fyrir hvern þátt þjónustunnar sem margfaldað er með íbúafjölda hvers sveitarfélags samkvæmt tilteknum reglum.

Stofnanþjónusta fyrir aldraða

Samningur um stofnanþjónustu fyrir aldraða er frá 12. maí 1998. Starfssvæðið er allt heilsugæsluumdæmi Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri, þ.e. frá og með Arnarneshreppi að vestan til og með Svalbarðsstrandarhreppi að austan. Grýtubakkahreppur leigir aðgang að hjúkrunarrýmum hjá Akureyrarbæ samkvæmt sér samningi frá sama tíma. Markmið samninganna er að tryggja að samningsaðilar hafi samskonar aðgang að hjúkrunarrýmum sem Akureyrarbær rekur í umboði heilbrigðisráðuneytisins.

4.5. Verkefni innan Norðurlands eystra

Í eftirfarandi köflum er greint frá því samstarfi sem viðkomandi sveitarfélög hafa kosið að hafa með sér innan Norðurlands eystra.

Eyþing

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi má rekja til stofnunar Fjórðungssambands Norðlendinga 14. júlí 1945. Það starfaði af mismiklum krafti framan af en seinni hluta starfstímans reglulega með rekstri skrifstofu á Akureyri, allt þar til starfsemi sambandsins lauk árið 1992. Frá sama tíma tóku til starfa tvenn samtök, önnur á Norðurlandi vestra en hin á Norðurlandi eystra. Eyþing er skammstöfun fyrir *Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum* og í daglegu tali ganga samtökin undir þessu nafni. Núgildandi lög Eyþings eru frá 31. ágúst 2002 og þar segir um hlutverk samtakanna.

Hlutverk Eyþings er að efla samvinnu sveitarfélaga í landshlutanum, gæta hagsmuna þeirra, styrkja byggð og mannlíf í landshlutanum öllum, atvinnulega, félagslega og menningarlega.

Markmiðum sínum skulu samtökin ná með nánu samstarfi við héraðsnefndir á starfssvæðinu. Skulu í þeim tilgangi m.a. haldnir árlegir samráðsfundir stjórnar Eyþings og héraðsráða þar sem lagðar séu megin línur varðandi samstarf aðila. Þá skulu samtökin hafa samstarf við önnur landshlutasamtök sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Einn starfsmaður er hjá Eyþingi í fullu starfi. Framlag úr Jöfnunarsjóði til Eyþings árið 2005 var 12.878 þkr og framlög frá viðkomandi sveitarfélögum 1.000 þkr. Gjöld ársins 2005 voru um 10.969 þkr.

Greið leið ehf

Greið leið ehf er félag til undirbúnings jarðganga undir Vaðlaheiði, stofnað 28. febrúar 2003. Aðilar eru öll sveitarfélög í Eyþingi ásamt 10 fyrirtækjum. Aðsetur félagsins er hjá Eyþingi. Þetta er dæmi um tímabundið verkefni þar sem sameiginlegur vettvangur sveitarfélaga er nýttur til að fylgja einstökum málum og verkefnum eftir.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 eru eftirfarandi ákvæði:

10. gr. Ekkert sveitarfélag skal vera án heilbrigðiseftirlits og greiða sveitarfélögin kostnað við eftirlitið að svo miklu leyti sem lög mæla ekki fyrir á annan veg.

11. gr. [Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar, starfa á hverju svæði. Í hverri nefnd skulu eiga sæti sex menn, fimm kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum, þar af skal einn vera formaður, og einn tilnefndur af samtökum atvinnurekenda á eftirlitssvæðinu. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði falla jafnt í nefndinni. Náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á

eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa í nefndina til viðbótar en hann hefur ekki atkvæðisrétt við afgreiðslu mála í nefndinni. Sömu reglur gilda um varamenn.]¹⁾

12. gr. Heilbrigðisnefndir skulu fyrir 1. nóvember ár hvert gera fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár þar á eftir, innan fjárhagsramma sem sveitarfélög setja, og senda hana til viðkomandi sveitarfélaga til umfjöllunar og afgreiðslu. Sveitarfélög bera ábyrgð á fjármálum og rekstri heilbrigðiseftirlits á viðkomandi svæði. Þau hafa umsjón með fjármálum þess, skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga og álagningu eftirlitsgjalda. Við kostnaðarskiptingu skal miða við að allar tekjur af eftirlitsskyldri starfsemi á svæðinu renni í sameiginlegan sjóð til greiðslu rekstrarkostnaðar heilbrigðiseftirlits á svæðinu. Sá kostnaður sem eftirlitsgjöld standa ekki undir greiðist af sveitarfélögunum í samræmi við íbúafjölda næstliðins árs.

Starfssvæði heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra er Eyjafjörður og Þingeyjarsýslur samkvæmt samstarfssamningi um skipan heilbrigðisnefndar og rekstur heilbrigðiseftirlits frá 31. ágúst 2002. Heilbrigðisnefnd er kjörin á aðalfundi Eyþings og ársskýrslur nefndarinnar eru fluttar á aðalfundum samtakanna. Rekstur er vistaður hjá Akureyrarbæ.

Hjá eftirlitinu eru 4 starfsmenn og gjöld ársins 2005 voru 32.960 þkr.

Kennslugagnasafn

Öll sveitarfélög í Eyþingi eiga aðild að þjónustusamningi við Háskólann á Akureyri um bókasafnsþjónustu fyrir grunn- og leikskólakennara samkvæmt þjónustusamningi frá 4. febrúar 2000. Í 1. grein samningsins segir:

Markmiðið með samningi þessum er að tryggja að starfandi grunn- og leikskólakennarar á starfssvæði Eyþings hafi aðgang að kennslugagna- og sérfræðibókasafni ásamt allri þjónustu, þ.m.t. sérfræðiþjónustu Bókasafns Háskólans á Akureyri.

Í 3. og 4. grein er fjallað um kostnað sveitarfélaganna vegna þjónustu bókasafnsins. Þar segir:

Sem þóknun fyrir þjónustu bókasafnsins skuldbinda aðildarsveitarfélög Eyþings sig til að greiða Háskólanum á Akureyri árlega kr. 1.000.000-. Upphæðin tekur árlega breytingum skv. launavísitölu janúarmánaðar, í fyrsta sinn árið 2001, miðað við breytingar á launavísitölu frá janúar árið 2000.

Sveitarfélögin greiða framlagið í hlutfalli við fjölda íbúa 1. desember næstliðins árs. Háskólinn innheimtir framlagið beint af aðildarsveitarfélögunum einu sinni á ári með gjalddaga 1. júlí.

Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja samningsaðila með árs fyrirvara.

4.6. Samstarfsverkefni sem ná út fyrir Norðurland eystra

Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi ehf

Starfssvæðið nær yfir Norðurland vestra og Norðurland eystra samkvæmt stofnsamningi frá 1. maí 2003. Stofnendur voru Ferðamálasamtök Norðurlands vestra og Ferðamálasamtök Norðurlands eystra og eiga þau félagið. Aðkoma einstakra sveitarfélaga að starfseminni er með þeim hætti að þau greiða 500 kr á hvern íbúa á

ári og njóta í staðinn þeirrar þjónustu sem skrifstofan veitir. Flest sveitarfélög á Norðurlandi eiga aðild að rekstrinum, þar á meðal öll sveitarfélög í Eyjafirði nema Arnarneshreppur.

Rekstrarkostnaður ársins 2005 var um 24 mkr og um 18,5 mkr komu sem framlög frá viðkomandi sveitarfélögum en um 5,5, mkr voru ýmsir styrkir. Samningur um starfsemina rann út um áramótin 2006/2007 en hefur nú verið endurnýjaður lítið breyttur nema hvað Norðurþing sagði sig úr samstarfinu í ársbyrjun 2007. SSNV er aðili að samstarfinu fyrir hönd sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

5. GREINING Á SAMSTARFI SVEITARFÉLAGA Í ÖÐRUM LANDSHLUTUM OG ERLENDIS

Í þessum kafla er í stuttu máli gerð grein fyrir samstarfi sveitarfélaga í öðrum landshlutum, en það er í grundvallaratriðum hliðstætt þó útfærslan sé mismunandi, t.d. má nefna að á Vestfjörðum annast Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða starfsemi Fjórðungssambands Vestfirðinga, samkvæmt sérstökum samningi en á Norðurlandi vestra er því á hinn veginn farið, þ.e. þar fóstora Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra atvinnuráðgjöfina. Þannig ráða því staðbundnar aðstæður og ákvarðanir sveitarstjórnarmanna í hverjum landshluta hvernig samstarfið er útfært.

5.1. Samstarf sveitarfélaga í öðrum landshlutum

Samstarf sveitarfélaga á Íslandi er með nokkuð mismunandi hætti eftir landshlutum og í eftirfarandi köflum er gerð grein fyrir því. Á vef Sambands Íslenskra sveitarfélaga er eftirfarandi að finna um einn þátt samstarfsins:

Í 86. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 eru ákvæði um það, að sveitarfélög geti „stofnað til staðbundinna landshlutasamtaka sveitarfélaga er vinni að hagsmunamálum íbúa í hverjum landshluta“.

Nú eru starfrækt átta landshlutasamtök sveitarfélaga sem flest sveitarfélög eiga aðild að. Vestmannaeyjabær á t.d. ekki aðild að Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, SASS. Í flestum tilvikum fara starfssvæði landshlutasamtakanna eftir kjördæmaskipaninni. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, SSH, ná þó yfir Reykjavíkurborg og nágrennasveitarfélög hennar í Reykjaneskjördæmi og þau sveitarfélög í Reykjaneskjördæmi sem eru sunnan Hafnarfjarðar hafa með sér samstarf í Samtökum sveitarfélaga á Suðurnesjum, SSS.

Landshlutasamtök sveitarfélaga voru mörg hver stofnuð fyrir tilstuðlan Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Landshlutasamtökin eru fjálsamtök sveitarfélaganna og hafa þau öll sérstakan framkvæmdastjóra og skrifstofu. Samkomulag er milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtakanna um tiltekna verkaskiptingu milli þessara aðila í meginatriðum þannig, að sambandið annast samskipti við ríkivaldið um löggjafarmál og þau málefni er snerta sveitarfélögin í heild, en landshlutasamtökin fara með byggðamál og sérstök hagsmunamál hvers landshluta. Gott samstarf er milli aðila og fulltrúar sambandsins sitja jafnan aðalfundi landshlutasamtakanna og formenn og framkvæmdastjórar þeirra eiga samkvæmt lögum Sambands íslenskra sveitarfélaga sæti á fundum fulltrúaráðs þess og landsþingum með tillögurétti og málfrelsi. Reglulega eru fundir haldnir með fulltrúum landshlutasamtakanna og stjórn sambandsins.

Sótt á vef Sambandsins 18.10.06 www.samband.is/template1.asp?Id=665&sid=127

Þessu til viðbótar er fjölþætt samstarf milli sveitarfélaga í einstökum landshlutum um tiltekna málaflokka og rekstrarformið er misjafnt. Héraðsnefndir eru víða, en þær tóku að nokkru leyti við verkefnum sýslunefnda sem áður voru starfandi, auk annarra verkefna sem þeim hafa verið falin. Einnig má nefna atvinnuþróunarfélög og fjölda

byggðasamlaga sem hafa verið stofnuð til að annast einstök verkefni. Greint verður frá því helsta á þessum vettvangi eftir landshlutum í eftirfarandi köflum.

Höfuðborgarsvæðið

Á höfuðborgarsvæðinu eru starfrækt samtök sveitarfélaganna og í þremur fyrstu greinum í samþykktum samtakanna kemur eftirfarandi fram:

1. gr. Samtökin heita „Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu” skammstafað SSH. Varnarþing þeirra skal vera í því sveitarfélagi þar sem aðalskrifstofa SSH er á hverjum tíma.
2. gr. Markmið samtakanna er:
 - að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum sveitarfélaganna.
 - að efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að auknum samskiptum og samstarfi sveitarstjórnarmanna, sveitarstjórnarnefnda og starfsmanna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
3. gr. Aðilar að SSH eru eftirtalin sveitarfélög: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Reykjavík, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Samtökin starfrækja skrifstofu að Hamraborg 9 í Kópavogi. Starfsemin er ekki umfangsmikil og felst öðru fremur í hagsmunagæslu og samræmingu í ákveðnum þáttum í starfsemi sveitarfélaganna á starfssvæðinu.

Sótt á vefinn 18.10.06 www.ssh.is/index.php?option=content&task=view&id=38

Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa mikla sérstöðu meðal sveitarfélaga í landinu og kemur þar margt til. Í fyrsta lagi er fjöldi íbúanna mun meiri en gengur og gerist annars staðar. Í öðru lagi eru þau í mikilli nánd við ríkisvaldið og stjórnkerfi þess og í þriðja lagi eru skrifstofur Sambands íslenskra sveitarfélaga í Reykjavík, svo þrennt sé nefnt sem skiptir miklu máli í greiningu á samstarfi sveitarfélaga.

Vegna fjölmennis hafa flest sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu fulla burði til að sinna öllum málum á eigin vegum og hafa þar af leiðandi minni þörf fyrir sameiginlegan málssvara en fámenn sveitarfélög á landsbyggðinni. Hins vegar eru ýmis sameiginleg mál sem skynsamlegt og hagkvæmt hefur þótt að fjalla um á sameiginlegum vettvangi eins og markmið SSH bera með sér. Þar má nefna skipulagsmál og almenningssamgöngur, enda eru þessir málaflokkar þess eðlis að mikilvægt er að fjalla um þá án tillits til marka milli sveitarfélaga. Hið sama á við um sameiginlega hagsmuni varðandi búfenað og girðingar og eyðingu á vargfugli, enda augljóst að þar skipta lögsögulínur engu máli.

Ekkert hefur komið fram í fundargerðum liðinna missera sem bendir til annars en að sátt sé um samstarfið í SSH og það muni halda áfram með svipuðum hætti og nú er.

Suðurnes

Á Suðurnesjum hafa sveitarfélögin með sér fjölþætt samstarf sem að mestu er rekið undir einum hatti. Í samþykktum *Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum* kemur eftirfarandi fram:

1. grein Sveitarfélögin á Suðurnesjum, Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður og Sveitarfélagið Vogar eiga með sér samband undir nafninu Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, skammstafað S.S.S. Heimili og varnarþing þess skal vera það sama og formanns hverju sinni.

2. grein Tilgangur sambandsins er að vinna að hagsmunamálum sveitarfélaganna og efla og styrkja samstarf þeirra. Í sameiginlegum málum komi það fram fyrir hönd sveitarfélaganna gagnvart ríkisvaldinu og öðrum. Kostnaður við rekstur sambandsins skal greiddur miðað við höfðatölu 1. des. ár hvert.

Sótt á vefinn 18.10.06 www.sss.is/Forsida/SSS/Samthykkir/

Auk hefðbundinna verkefna landshlutasamtaka sveitarfélaga annast SSS um fjármál, bókhald og ýmsa þjónustu fyrir samreknar stofnanir sveitarfélaganna á Suðurnesjum, og samræmingu á fjárhags- og framkvæmdaáætlunum sameiginlega rekin fyrirtæki og stofnanir svo sem Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf., Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Brunavarnir Suðurnesja, Almanna- og varnarnefnd Suðurnesja og Héraðsnefnd Suðurnesja ásamt fleiri samstarfsverkefnum og fyrir nefndir á þeirra vegum.

Auk framkvæmdastjóra í fullu starfi er skrifstofustjóri, ritari, bókari og fjármálastjóri/atvinnuráðgjafi, samtals 5 stöðugildi. Skrifstofuhald sambandsins er þannig nokkuð umfangsmikið.

Landfræðilegar aðstæður ráða oft miklu um skipulag á samstarfi sveitarfélaga. Á Suðurnesjum er auðvelt um samgöngur og samskipti þar sem svæðið er lítið og vegir almennt góðir. Þar hafa sveitarstjórnarmenn kosið að hafa sem mest af samstarfsverkefnum undir einum hatti, þ.e. SSS annast tiltekna þætti í nær öllu samstarfi svo sem áætlanagerð, fjárhagslega umsýslu og bókhald. Þetta hefur ýmsa kosti umfram það að hver og ein samstarfseining reki eigin skrifstofu, enda eru í mörgum tilvikum engin efni til þess og einungis um hlutastörf að ræða sem óhagkvæmt er að sinna með sérstöku skrifstofuhaldi.

Með því fyrirkomulagi sem er hjá SSS næst öflug eining með því að sameina á einni skrifstofu sem mest af allri stjórn-sýslu sem tilheyrir samstarfsverkefnum sveitarfélaganna á svæðinu. Þessi tilhögun þykir hafa gefist vel og ekki eru áform um að breyta henni.

Vesturland

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, SSV, hafa verið starfrækt frá árinu 1969.

Markmið samtakanna er að:

vinna að hagsmunum sveitarfélaganna á Vesturlandi, einkum í atvinnu-, efnahags-, mennta-, skipulags-, samgöngu- og félagsmálum.

efla samstarf sveitarfélaganna og auka kynningu sveitarstjórnarmanna.

styrkja þjóðfélagslega aðstöðu landshlutans.

SSV rekur ráðgjafa- og þróunardeild samkvæmt samningi milli Byggðastofnunar og SSV og markmið samningsins eru að:

stuðla að jákvæðri þróun atvinnulífs á starfssvæði félagsins.

bæta almenn búsetuskilyrði á starfssvæði félagsins.

byggja upp og miðla þekkingu, reynslu og hæfni á sviði atvinnu- og byggðapróunar milli Byggðastofnunar og SSV.

Byggðastofnun og aðrar stofnanir í stoðkerfi atvinnuþróunar hafi sem öflugastan samstarfsaðila á starfssvæði félagsins.

Sótt á vefinn 18.10.06 www.ssv.is/default.asp?sid_id=6327&tre_rod=001|001|&tId=1

Eins og framangreint ber með sér er atvinnuráðgjöfin á Vesturlandi rekin sem hluti af starfsemi SSV. Með því er talið að meiri skilvirkni náist í verkefnum sem sveitarfélögin á starfssvæðinu eiga aðild að og skrifstofuhald verður hagkvæmara með þessu móti heldur en ef einingarnar væru fleiri og smærri. Þetta fyrirkomulag er að ýmsu leyti hliðstætt því sem er á Suðurnesjum þó margt sé ólíkt í ytri aðstæðum. Þar má nefna fjarlægðir innan svæðisins og einnig er ólíku saman að jafna í félagslegu tilliti þar sem á Vesturlandi eru a.m.k. fjórar einingar eða héruð, sem eru Akranes, byggðir Borgarfjarðar, sveitarfélögin á Snæfellsnesi og Dalabyggð. Þessi mynd á byggðinni hefur stundum valdið nokkurri togstreitu, t.d. hafa þær raddir komið fram á Akranesi að bæjarfélagið hefði lítinn ávinning af samstarfi sveitarfélaganna miðað við hvað greitt væri til þess samkvæmt höfðatölureglu. Árið 1999 vann ráðgjafa-fyrirtækið Nýsir skýrslu um samstarf sveitarfélaganna á Vesturlandi þar sem bent var nokkrar leiðir sem velja mætti um til að ná sátt um samstarfið. Það er nú í föstum skorðum og ekki eru áform um breytingar.

Vestfirðir

Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV) á sér langa sögu en í lögum þess er m.a. greint frá helstu markmiðum eins og eftirfarandi ber með sér:

1. gr. Sambandið nefnist Fjórðungssamband Vestfirðinga og starfssvæði þess er Vestfirðir allir að Brekkuá að vestan og Hrótafjarðará að austan.

2. gr. Markmið sambandsins eru:

- að vinna að hagsmunum sveitarfélaganna og kjördæmisins alls.
- að efla samvinnu sveitarfélaga og kynningu sveitarstjórnarmanna.
- að vinna að verkefnum sem aðildarsveitarfélög eða löggjafinn kunna að fela því, til styrkingar byggðar og mannlífs í kjördæminu, atvinnu-, félags- og menningarlega.

Sambandið skal starfa í samvinnu við önnur landshlutasamtök sveitarfélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga og héraðsnefndir í kjördæminu, eftir því sem við á.

Sótt á vefinn 19.10. 2006,

www.fjordungssamband.is/fv/um%5Ffv/log%5Fog%5Fthingskop%5Ffjordungssambands%5Fvestfirðinga/

Fjórðungssamband Vestfirðinga er bandalag sveitarfélaga á Vestfjörðum, sameiginlegur vettvangur þeirra og málsvari. Tilgangur þess er að vinna að hagsmunum vestfirskra sveitarfélaga og alls Vestfirðingafjórðungs. Sambandið fylgist náið með og beitir sér í málefnum sveitarfélaga, hvar sem þau kunna að vera til umfjöllunar, ekki síst á Alþingi, í ráðuneytum og ríkisstofnunum.

Skipulag Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur breyst nokkuð frá fyrstu gerð enda þótt viðfangsefni séu að mestu svipuð og var í öndverðu. Aðalsetur FV er í Þróunarsetri Vestfjarða á Ísafirði, í nánú sambýli við aðra þá sem þar starfa.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, (AV) sér um rekstur Fjórðungssambandsins samkvæmt samningum við félagið sem undirritaðir voru árið 2003. Þarna er fyrirkomulagið með öðrum hætti en á Suðurnesjum og Norðurlandi vestra, en þar eru samstarfsverkefnið rekin undir hatti landshlutasamtakanna, eins og fram hefur komið. Ástæðu þess að samstarfsverkefni sveitarfélaganna á Vestfjörðum eru á vegum AV má rekja til þess að þegar framkvæmdastjóri FV til margra ára lét af störfum fyrir aldurs sakir þótti hagkvæmt að fela AV reksturinn og sami framkvæmdastjóri er nú yfir báðum samtökunum, í 50% starfi hjá hvorum samtökunum. Það þykir henta vel og ekki eru áform um breytingar á þeirri tilhögun.

Þriðji samstarfsvettvangur sveitarfélaga á Vestfjörðum er í Markaðsstofu Vestfjarða (MV) sem nú er rekin á kennitölu atvinnuþróunarfélagsins. Yfir MV er sérstök stjórn og innan samtakanna starfar einnig fagrað.

Samstarf sveitarfélaganna á Vestfjörðum er því undir þremur stjórnunum, AV, FV og MV, en hagkvæmni er leitað með samrekstri og sameiginlegum afnotum af þeim starfsmönnum sem vinna á vegum samtakanna.

Norðurland vestra

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, SSNV voru stofnuð eftir að Fjórðungssamband Norðlendinga var lagt niður árið 1992. Í lögum SSNV segir:

1.1. Samtökin nefnast Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, skammstafað SSNV. Rétt til aðildar eiga öll sveitarfélög á vestanverðu Norðurland sem ekki eru aðilar að öðrum landshlutasamtökum sveitarfélaga. Heimilisfang samtakanna er á Hvammstanga.

1.2. Markmið samtakanna er:


- að vinna að hagsmunum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.
- að efla samvinnu sveitarfélaga og auka kynningu sveitarstjórnarmanna.
- að stuðla að samræmdu rekstrarfyrirkomulagi sveitarfélaganna í því skyni að auka hagkvæmni.
- að reka atvinnuþróunarstarfsemi á Norðurlandi vestra undir heitinu Atvinnuþróun Norðurlands vestra.
- að vinna að hverjum þeim verkefnum sem aðildarsveitarfélög eða löggjafinn kann að fela þeim.
- að styrkja þjóðfélagslega stöðu landshlutans.

SSNV er þjónustu- og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra og skal starfa í samvinnu við önnur landshlutasamtök sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga, eftir því sem við verður komið.

Sótt á vefinn 19.10. 2006

www.ssnv.is/default.asp?pageID=19&parentID=12&level=2&page=log&grein=1

Á neðangreindu skipuriti má sjá skipulag samtakanna og helstu verefniþætti.



Stjórn: 5 fulltrúar, kjörnir á ársþingi SSNV.
Frankvæmdastjóri: Heyrir beint undir stjórn SSNV og ber ábyrgð á starfsseminni.
Málefni fatlaðra: Einn verkefnisstjóri og þjónustuhópur um málefni fatlaðra.
Heilbrigðiseftirlit: Með sjálfstæða heilbrigðisnefnd og heilbrigðisfulltrúa skv. lögum og reglugerðum.
ANVEST: Atvinnuráðgjafar sem heyra undir frankvæmdastjóra SSNV og eftir atvikum viðkomandi sveitarfélag.
Framtíðarsamstarfsverkefni: Gert er ráð fyrir auknum umsvifum SSNV á starfssvæðinu eftir nánari ákvörðun ársþings.

Skjúrít SSNV jan. 2005

Mynd 1. Skipurit Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, SSNV.

www.ssnv.is/skjol/Onnur_skjol/Stjorn%20SSNV/Skipurit%20SSNV%2001.01.05.pdf

Segja má að á Norðurlandi vestra sé svipað fyrirkomulag og á Suðurnesjum og Vesturlandi, þ.e. samstarfsverkefni sveitarfélaganna eru hýst hjá landshlutasamtökunum og atvinnuráðgjöfin heyrir undir framkvæmdastjóra SSVN. Gengið var frá skipuriti fyrir starfseminu í byrjun árs 2005 og ekki eru áform um breytingar á tilhögun samstarfsverkefna.

Norðurland eystra

Forveri Sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum var Fjórðungssamband Norðlendinga. Það var stofnað árið 14. júlí 1945, en 1992 var samþykkt að leggja það niður í þáverandi mynd og stofna tvö ný samtök sem hefðu starfssvæði á Norðurlandi eystra og vestra. Þetta leiddi til stofnunar Eyþings 28. ágúst 1992 á Hvammstanga. Í samtakanna þess segir:

I. kafli. Nafn og félagssvæði.

1.1. Samtökin heita Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, skammstafað EYÞING.

1.2. Eyþing er landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðausturlandi frá Ólafsfirði að vestan að Þórshafnarhreppi að austan, að báðum sveitarfélögum meðtöldum. Rétt til aðildar eiga öll sveitarfélög á svæðinu.

1.3. Heimili og varnarþing samtakanna er á skrifstofu Eyþings.

II. kafli. Markmið og hlutverk.

2.1. Eyþing starfar með tilvísun til 86. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2.2. Hlutverk Eyþings er að efla samvinnu sveitarfélaga í landshlutanum, gæta hagsmuna þeirra, styrkja byggð og mannlíf í landshlutanum öllum, atvinnulega, félagslega og menningarlega.

Markmiðum sínum skulu samtökin ná með nánu samstarfi við héraðsnefndir á starfssvæðinu. Skulu í þeim tilgangi m.a. haldnir árlegir samráðsfundir stjórnar Eyþings og héraðsráða þar sem lagðar séu megin línur varðandi samstarf aðila. Þá skulu samtökin hafa samstarf við önnur landshlutasamtök sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Sótt á vefinn 19.10. 2006 www.eything.is/log.php

Eyþingi er einnig ætlað að hafa samstarf við önnur landshlutasamtök sveitarfélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga og héraðsnefndir á starfssvæðinu. Skrifstofa Eyþings er á Akureyri og þar er framkvæmdastjóri í fullu starfi. Eyþing hefur ekki umsjón með öðrum samstarfsverkefnum eins og reyndin er um samsvarandi samtök á Suðurnesjum, Vesturlandi og Norðurlandi vestra og ekki hafa komið fram tillögur um breytingar á núverandi fyrirkomulagi.

Austurland

Í samþykktum fyrir Samband Sveitarfélaga á Austurlandi segir:

1. gr. Samband sveitarfélaga á Austurlandi stofnað 8. okt. 1966 (skammstafað SSA) er samstarfsvettvangur sveitarfélaga á Austurlandi.

2. gr. Starfssvæði SSA skiptist í eftirtalin 3 þjónustusvæði:

a) Norðursvæði (íbúafjöldi 1. des. 1997 = 4.874): Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðarhreppur, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Norður-Hérað, Fljótsdalshreppur, Fellahreppur og Austur-Hérað.

b) Miðsvæði (íbúafjöldi 1. des. 1997 = 4.670): Mjóafjarðarhreppur, Fjarðabyggð, Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur, Stöðvarhreppur og Breiðdalshreppur.

c) Suðursvæði (íbúafjöldi 1. des. 1997 = 3004): Djúpavogshreppur og Hornafjörður.

3. gr. Meðal samstarfsverkefna svæðanna á vettvangi SSA er ákvörðun um val sameiginlegra fulltrúa þeirra í stjórn SSA og starfsnefndir á vegum sambandsins.

4. gr. Meginmarkmið með samstarfi sveitarfélaganna á vettvangi SSA eru að;

vinna að hagsmunum sveitarfélaganna á Austurlandi, einkum í atvinnu-, efnahags-, mennta-, skipulags-, samgöngu- og félagsmálum.

berjast fyrir auknum jöfnuði til búsetu milli landshluta svo sem hvað varðar orkuverð, vöruverð, aðstöðu til náms, aðgang að heilbrigðisþjónustu og menningarstarfsemi.

stuðla að víðtækri þekkingu sveitarstjórnarmanna á verkefnum sveitarstjórna og vinna að því að gera verkefni sveitarstjórna eftirsóknar- og áhugaverð.

hafa forgöngu um byggðápróunarverkefni í fjórðungnum t.d. í nánú samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Austurlands.

Stjórn SSA ber að vinna að framangreindum og öðrum hagsmunamálum sveitarfélaganna í landinu t.d. í samstarfi við félagsmálaráðuneytið, önnur landshlutasamtök og/eða Samband íslenskra sveitarfélaga. Hún skal og;

vinna að því að efla samstarf sveitarfélaganna bæði á fjórðungsgrunni sem og á þjónustusvæðunum þremur.

sjá um almenna kynningu á Austurlandi, halda á lofti kostum fjórðungsins og vinna að því að efla samkennd íbúa hans og styrkja þjóðfélagslega stöðu þeirra.

vinna að því að auka áhrif íbúa fjórðungsins varðandi ákvarðanir og ráðstöfun fjármagns.

stuðla að sameiningu sveitarfélaganna í kjördæminu þar sem það þykir henta.

Sótt á vefinn 19.10. 2006 www.ssa.is/sida.asp?PageID=64

Á Austurlandi fer SSA með flest samstarfsverkefni sveitarfélaga. Héraðsnefnd er þar starfandi en lítil að umfangi og samið er við SSA um framkvæmdastjórn og umsýslu hennar. Í grófum dráttum má segja að allt samstarf sveitarfélaga í fjórðungnum sé rekið undir regnhlíf SSA.

Suðurland

Í samþykktum fyrir Samtök sunnlenskra sveitarfélaga segir um markmið og hlutverk:

1.1. Samtökin nefnast Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, skammstafað SASS. Rétt til aðildar eiga öll sveitarfélög í Suðurkjördæmi. Heimilisfang samtakanna og varnarþing er að Austurvegi 56 á Selfossi. Samtökin eru þjónustu- og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna.

1.2. Markmið samtakanna er:

* að styrkja stöðu aðildarsveitarfélaganna á landsvísu.

* að gæta hagsmuna aðildarsveitarfélaganna.

* að vera aðildarsveitarfélögunum til ráðgjafar um málefni sveitarfélaga.

* að efla samstarf byggðasamlaga um einstaka málaflokka á Suðurlandi m.a. með rekstri sameiginlegrar skrifstofuþjónustu fyrir byggðasamlögin og aðstoð við hagsmunagæslu.

Sótt á vefinn 19.10. 2006 www.sass.is/

Skrifstofa SASS er til húsa að Austurvegi 56 á Selfossi. Þar eru einnig til húsa Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Skólaskrifstofa Suðurlands og Sorpstöð Suðurlands. Auk framkvæmdastjóra eru skrifstofustjóri, afgreiðslufulltrúi og bókarari starfandi hjá samtökunum.

Skipulag á samstarfi sunnlenskra sveitarfélaga hefur um margt verið svipað því sem er á Suðurnesjum. Nýlega voru samþykktar breytingar og í skýrslu stjórnar 2005-2006 kemur eftirfarandi fram:

Kjarni breytinganna er sá að Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Skólaskrifstofa Suðurlands verða sjálfstæð byggðasamlög með sérstaka aðalfundi, svipað og gildir um Atvinnuþróunarfélag Suðurlands og Sorpstöð Suðurlands. Fjárhagsleg ábyrgð SASS á starfsemi þeirra verður því ekki lengur til staðar. Jafnframt gera breytingarnar ráð fyrir að sameiginlegt skrifstofuhald verði treyst og að sameiginleg launa og starfsmannastefna gildi fyrir öll byggðasamlögin.

Síðar segir:

Rekstur skrifstofunnar hefur verið með hefðbundnum hætti. Skrifstofan sér um bókhald og annað almennt skrifstofuhald fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Skólaskrifstofu Suðurlands, Sorpstöð Suðurlands, Atvinnuþróunarfélag Suðurlands og SASS og fer nú fram endurskoðun á vinnulagi í kjölfar breyttrar skipanar með nýjum samþykktum byggðasamlaganna. Þá hefur kostnaðarskipting skrifstofuhaldsins verið endurskoðuð. Auk þess hefur skrifstofan séð um launavinnslu vegna kennara fyrir 2 sveitarfélög. Horfur eru á þessi tvö sveitarfélög yfirtaki þetta verkefni á næsta ári eins og eðlilegt er með stækkandi sveitarfélögum. Skrifstofan mun að sjálfsgöðu veita sveitarfélögunum ráðgjöf á þessu sviði eins og kostur er. Þá sér skrifstofan um allt bókhald fyrir Fræðslunet Suðurlands. Önnur þjónusta skrifstofunnar við sveitarfélögin hefur verið með hefðbundnum hætti, upplýsingagjöf ýmiss konar og aðstoð.

Sótt á vefinn 26.10. 2006 www.sass.is/

Sveitarfélögin á Suðurlandi skipa 5 menn, þar af formann, í heilbrigðisnefnd skv. lögum nr. 7/1998, samtök atvinnurekenda og náttúruverndarnefndir sveitarfélaganna eiga rétt til tilnefningar á einum fulltrúa hvor og héraðslæknir á seturétt á fundum nefndarinnar.

Aðilar að Skólaskrifstofu Suðurlands eru öll sveitarfélög á Suðurlandi utan Vestmannaeyja og Sveitarfélagsins Ölfuss. Starfssvið er ráðgjafarþjónusta við grunnskóla skv. grunnskólalögum og leikskóla skv. lögum um leikskóla á sviði sálfræðilegrar ráðgjafar, kennsluráðgjafar og sérkennsluráðgjafar auk ráðgjafar á sviði talmeina. Auk þess rekur Skólaskrifstofan gagnasafn, býður upp á símenntun til kennara í formi fræðslufunda, námskeiða, aðstoðar við þróunarverkefni og fleira í þeim dúr. Rannsóknir og forvarnir er hluti af viðfangsefnum Skólaskrifstofunnar. Í

dag starfa við stofnunina forstöðumaður, 3 sálfræðingar, 2 kennsluráðgjafar og leikskólaráðgjafi. Talkennsluráðgjöf er einnig veitt leik- og grunnskólum skv. samningi við Mál & tal.

Sorpstöð Suðurlands er byggðasamlag sveitarfélaga á Suðurlandi og fyrirtækja í þeirra eigu. Heimili þess og varnarþing er á Selfossi. Þau sunnlensk sveitarfélög sem óska eftir aðild að Sorpstöð Suðurlands bs. geta keypt sig inn í byggðasamlagið miðað við eiginfjárstöðu þess næstu áramót á undan og íbúahlutfall þeirra af heildar íbúafjölda á starfssvæði stöðvarinnar miðað við 1. des. árið á undan.

Fræðslunet Suðurlands ses er sjálfseignarstofnun á sviði háskólamenntunar, fullorðinsfræðslu- og símenntunar, með sérstaka stjórn. Heimili og varnarþing er á Selfossi. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

5.2. Dæmi um samstarf sveitarfélaga erlendis

Samstarf sveitarfélaga á sér stað milli sveitarfélaga hvarvetna en aðstæður eru víða ólíkar því sem gerist hérlendis og samfélög jafnan mun fjölmennari. Einn viðmælandi í hópi eyfirskra sveitarstjórnarmanna benti á að jafnvel í erlendum stórborgum séu sveitarstjórnarmenn að kvarta yfir því hækkaða flækjustigi sem samstarf við nágretta leiðir af sér. Höfundar hafa þó einkum leitað erlendra fyrirmynda að samstarfi á norðurslóðum þar sem aðstæður geta verið svipaðar og hér á landi. Svo virðist sem svipaðar aðstæður og í Eyjafirði sé að finna m.a. á austurströnd Kanada og í Noregi. Tekin eru nokkur dæmi um svæði þar sem samvinna á sér stað og gerð grein fyrir helstu verkefnum sem unnin eru. Ekki eru forsendur til þess að greina ítarlega samstarfið á hverju svæði fyrir sig en aðeins fjallað um þau helstu atriði sem eru áhugaverð í íslensku samhengi.

Kanada

Skoðaðar voru vefsíður um samstarf sveitarfélaga í Kanada, sérstaklega í fylkjunum á Austurströndinni. Greinilegt er að samstarf sveitarfélaga er mikilvægt viðfangsefni sem álitnið er mikilvægt að færa í fastar skorður. Þannig ákvað samband sveitarfélaga á Nova Scotia árið 2002 að gera átak í því að efla sjálfsprottið samstarf sveitarfélaga í fylkinu. Árið 2004 kom út skýrsla um málefnið þar sem m.a. var að finna ítarlegar leiðbeiningar um það hvernig sveitarfélög skyldu bera sig að við að koma á og viðhalda slíku samstarfi (sjá viðauka). Það er einkum um það að ræða að sveitarfélög

geri með sér gagnkvæma samninga um að veita þjónustu eða samnýta fjárfestingu eða mannauð. Svo virðist sem síður sé gert ráð fyrir samstarfsverkefnum sem mörg sveitarfélög standa að. Í þessum leiðbeiningum er farið í gegnum það, lið fyrir lið, hvernig á að undirbúa samstarf, reka það og meta árangur. Sérstök áhersla er lögð á að gott samráð sé á milli aðila og að *engar ákvarðanir skuli taka án samráðs samstarfsaðila*. Áhersla er einnig lögð á að *samstarfssveitarfélög noti sem minnst afl stærðarinnar í samstarfi sín á milli*. Þannig er m.a. sagt að „mikilvægt [sé] að hver samstarfsaðili sé meðvitaður um ábyrgðarmörk sín og að hlutverkum og ábyrgð [sé] miðlað á grundvelli þekkingar og getu (ekki fjárhagslegum styrk eða völdum). Hlutverkum og ábyrgð skyldi miðlað á sem jafnastan hátt á milli samningsaðila þannig að enginn samningsaðili geti, eða virðist geta, haft völd yfir öðrum.“ Lögð er áhersla á að sveitarstjórnarmenn kynni sér þessar leiðbeiningar í viðauka.

Á Nýfundnalandi hafa sveitarfélög stundað samvinnu af ýmsu tagi og hafa farið fram úttektir á samvinnu á mörgum svæðum þar sem samvinna hefur verið í gangi². Eitt þessara svæða er **Corner Brook/Bay of Islands á norðurströnd Nýfundnaland** með samtals um 29.000 íbúa í 16 sveitarfélögum og þeirra stærst er bærinn Corner Brook með um 20.000 (Vodden 2005b). Þar hafa sveitarfélög átt í samstarfi á eftirfarandi sviðum: Dýraeftirlit, atvinnuþróun, sameign á tækjabúnaði, brunavarnir, samráðsvettvangur sveitarfélaga, innkaup, snjóhreinsun, heilsugæsla, sorpförgun og vatnsveita. Svo virðist sem umfangsmesta samstarfið sé um brunavarnir. Dæmi voru um að minni sveitarfélög greiddu upphaflega ekki fyrir afnot af þessari þjónustu en þátttaka þeirra í kostnaði hefur verið að aukast og um það gilda nú nokkrir samningar milli einstakra sveitarfélaga. Samráðsvettvangur sveitarfélaganna telur 22 sveitarfélög þar sem fulltrúar hittast á mánaðarfresti og ræða sameiginleg mál og skiptast á að boða til funda. Auk þess er haldinn einn hugarflugsfundur á ári en fjölmiðlum er haldið frá þessu. Samkvæmt viðtölum við sveitarstjórnarmenn er þetta ein helsta ástæða þess að komist hefur samvinna á um ýmis mál. Þetta eru e.k. hagsmunasamtök sveitarfélaganna.

² Hér er kannski frekar um það að ræða að sveitarfélög samnýti þjónustu (service sharing): “Samnýting er skilgreind í þessari rannsókn þegar eitt sveitarfélag veitir þjónustu til annars sveitarfélags eða veitir þjónustu við bæði sveitarfélögin, án tillits til þess hvort greiðsla kemur fyrir eða formlegir samningar séu til staðar” (Vodden 2005a, 3).

Annað dæmi um samvinnu sveitarfélaga er frá **suðvesturströnd fylkisins, Channel-Port aux Basques og nágrenni**. Þar er um að ræða sex sveitarfélög með aðeins um 9.500 íbúa, þar af stærsta sveitarfélagið með um 5.500 íbúa. Þessi sveitarfélög hafa með sér samvinnu á eftirfarandi sviðum: Dýraeftirlit, atvinnuþróun, brunavarnir, innkaup, tómstundaaðstaða, sorpförgun og vatnsveita/eftirlit með vatnsbólum. Athyglisvert er að í skýrslunni sem skoðuð var (Vodden, 2005a) er talin upp samvinna sveitarfélaganna um tómstundaaðtöðu, þ.e. sambyggða skautahöll og keilusal. Þrátt fyrir þetta er aðeins um að ræða að aðstaðan er einnig til reiðu fyrir íbúa nágrennabyggðanna en það sé aðeins stærsta sveitarfélagið sem á hana og niðurgreiðir kostnað umfram tekjur af aðgangseyri. Í íslensku samhengi virðist ekki litið svo á að í þessum tilvikum sé um samvinnu að ræða, þessi aðstaða er almennt opin íbúum án tillits til búsetu. Rétt er að huga einnig að þeim þætti samvinnu sem snýr að sorpförgun. Fylkisstjórnin setti 1988 upp sorpbrennslustöð í stað urðunarstaðar og tók eitt sveitarfélaganna að sér að reka hana. Eitthvað virðist hafa verið óljóst með greiðslur fyrir þjónustuna vegna samskiptaleysis milli sveitarfélaga: „*We had meetings with Town Council and they said, we're putting this in and this is what you're going to pay. Every Town is using it and it's only fair to charge. They should have consulted with us more.*” (Vodden 2005a; 11). Sveitarfélagið sem um ræðir taldi sig hafa fengið óljósar upplýsingar um að vegna þess að sorpbrennslustöðin var staðsett þar myndi það ekki þurfa að greiða til hennar en svo kom annað á daginn. Ákveðið var að endurnýja brennslustöðina árið 2003 og innheimti stærsta sveitarfélagið þá eftir íbúafjölda skv. samningi, en athyglisvert er að enginn samningur var fyrir hendi áður og því kom upp óánægja eftir á.

Þriðja svæðið þar sem skoðuð var skýrsla um reynslu af samstarfi sveitarfélaga var **Northeast Avalon sem er svæðið umhverfis St. John's** eða samtals 19 sveitarfélög. Þar hefur umræðan mikið snúist um það að *sameina sveitarfélögin* í stað þess að vinna saman (Vodden, 2005c). Þetta hefur a.m.k. verið sýn borgarfulltrúanna í St. John's sem er um 100 þúsund manna borg og samtals bjuggu um 180 þúsund manns á höfuðborgarsvæðinu skv. manntali árið 2001. Stærsti bærinn fyrir utan St. John's er Mount Pearl með um 25 þúsund íbúa. Skv. þessari úttekt er samvinna á eftirfarandi sviðum: Dýraeftirlit, löggæsla, atvinnuþróun, brunavarnir, samráðsvettvangur sveitarfélaga, skipulagsmál, almenningsamgöngur, innkaup, tómstundaaðstaða, frárennslishreinsun/hreinsun hafna, snjóhreinsun, sorpförgun og vatnsveita.

Á undanförunum árum hafa þróast á þessu svæði öflugri skipulagsdeildir sveitarfélaganna. Til skamms tíma voru bara starfsmenn á sviði skipulagsmála hjá St. John's og Mount Pearl. Á síðustu árum hafa flest stærri sveitarfélögin einnig ráðið til sín starfsmenn á sviði skipulagsmála. Þessi sveitarfélög hafa saman stofnað það sem þau kalla „Northeast Avalon planner's group“ eða „Municipal planning directors' meetings“. Þetta er enn sem komið er óformlegt og voru þessir fundir tvisvar árið 2004 en stefnt að því að fjölga þeim og að sveitarfélögin skiptist á að halda þá. Þetta eru t.d. dreifbýlissveitarfélög sem eru að ganga í gegnum ákveðna þéttbýlismyndun líkt og á sér stað hérlendis á jaðri höfuðborgarsvæðisins og kringum Akureyri. „*We're seeing what other towns are doing and taking the best and incorporating it into our community. Other towns have already been through this transition, from rural to rural with some urban style development*“ (Vodden 2005c, 21). Þetta er m.a. gert til þess að samræma reglur og til þess að koma í veg fyrir að fyrirtæki geti að sveitarfélögum saman til að veita sem besta fyrirgreiðslu eins og eftirfarandi tilvitnun ber með sér: „*A further concern is competition between municipalities fostered by planning differences. "Where we are in close proximity it makes full sense to have common approaches. Otherwise, firms will play one against the other, 'I can get this is Paradise, why are you being difficult?'“ (ibid.)* Sorpförgun er mikilvægur hluti samstarfs sveitarfélaganna og rekur St. John's sameiginlegan urðunarstað fyrir þau. St. John's innheimtir skv. eigin gjaldskrá hjá hverju sveitarfélagi (og millifærir hjá sér) gjöld miðað við þyngd sorps sem kemur til urðunar þaðan³. Rekstur urðunarstaðarins er hagstæður en fylkisstjórnin hefur áætlun um að loka mörgum urðunarstöðum, þar á meðal þessum, enda uppfylli þeir ekki kröfur um þétni undirlags, þekju og frágang⁴.

Noregur

Þrjú stjórnsýslustig eiga sér langa sögu í Noregi. Lög um fylki voru fyrst samþykkt 1837 en áður var landinu skipt í ömt, en þau voru arfur frá einveldistíma Danakonungs eins og hér á landi. Núverandi fyrirkomulag fylkja er að stofni til frá 1964 þegar fjölmennari bæir gengu í fylkin, en á árunum þar á undan hafði norskum sveitarfélögum fækkað úr 744 í 451. Nú eru fylkin 19 og sveitarfélögin 433.

³ 23 CAD á hvert tonn eða tæplega 1.450 kr.

⁴ Unlined landfills

Hluti af einu fylkinu Norðurland (Nordland) er hér tekið til skoðunar. Byggt er m.a. á niðurstöðum og samantekt úr verkefnavinnu um framtíðarskipan sveitarfélaga (Kommunestrukturprosjektet-Norland). Norðurland er stórt fylki, 38.327 km², með u.þ.b. 240.000 íbúa. Lengd fylkisins er gríðarleg, enda er innan þess um ¼ af allri strandlínu Noregs sem er ekkert smáræði. Í fylkinu eru 44 mjög mismunandi sveitarfélög, allt frá smáum eyjasamfélögum langt úti í hafi til þess fjórða stærsta í Noregi hvað land snertir. Frá sveitarfélaginu Vevelstad með um 400 íbúa til Bodø með sína 43.000 íbúa.

Árið 2002 var mikil umræða á Lofoten svæðinu í Noregi um sameiningu sveitarfélaga og þau sex sveitarfélög sem þar eru ákváðu að efla samvinnu og auka með því hagræði, m.ö.o. spara peninga. Hugsunin var sú að samvinna væri betri en sameining.

Reynsla þeirra er ekki góð, „*Med andre ord; det er mulig å bli enige om prinsipper, men umulig å finne ut hvor arbeidsplassene skal ligge*“. Einnig þetta: „*Gjensidig mistenksomhet, faglig krangel og personlige motsetninger har komplisert arbeidet, og gjort at det har vært umulig å bli enig om annet enn at man er uenige*“.

Við fyrstu sýn virðist aðeins hægt að draga þann lærdóm af framangreindu að á Lofotensvæðinu hafi menn veðjað á rangan hest, þ.e. samvinnu í stað sameiningar. Ekkert verður fullyrt um hvað hefði orðið eða hvernig hefði til tekist ef þessi sveitarfélög hefðu verið sameinuð, en þó má ætla að ákveðin mál hefðu komist í farsælli farveg.

Ytri aðstæður á Lofotensvæðinu eru að mörgu leyti erfiðari en hér í Eyjafirði, t.d. hvað samgöngur snertir og þess vegna er umsvifameira að sinna tilteknum málaflokkum fyrir svæðið í heild, hvort sem það er gert með samvinnuverkefnum eða með sameiningu. Rígur er greinilegur milli staða og stjórnenda, t.d. milli Vågan og Vestvågøy og að því leytinu til er margt líkt með Norðmönnum og Eyfirðingum og hjörtunum svipar saman ekki síður en í Súdan og Grímsnesinu.

Sótt á vefinn 06.11. 2006

www.lofotposten.no/lokale_nyheter/article1365604.ece?service=print

Til að fara yfir þessi mál var sett á fót sérstök verkefnisstjórn til að meta hvað best væri að gera til framtíðar litið.

Verkefnisstjórnin gekk út frá því sem höfuðatriði að tryggja að sveitarfélög gætu í framtíðinni sinnt sínum skyldum gagnvart íbúunum bæði vel og af skilvirkni, „*å sikre at kommuner i framtiden evner å utføre kommunale oppgavene godt og effektivt til beste for innbyggerne*“ Á Norðurlandi eru sjö svæðisráð sem þekkja vel til aðstæðna í þeim sveitarfélögum sem starfssvæði þeirra nær yfir og mikil samvinna var milli verkefnisstjórnar og þessara ráða.

Ekki vildu öll sveitarfélögin í Lofoten taka þátt í áður nefndri verkefnisvinnu, en engu að síður komu fram ýmis gagnleg atriði, enda er samvinna sveitarfélaga á svæðinu með ýmsum hætti. Sumt er innan Lofoten ráðsins og undir stjórn þess, en annað byggir á samvinnu einstakra sveitarfélaga eða er stjórnað af einu sveitarfélagi.

Sjónarmið einstakra sveitarstjórna voru misjöfn og í Moskenes taldi sveitarstjórnin að það mundi ekki þjóna hagsmunum íbúanna að sameinast einu eða fleiri sveitarfélögum. Sama sjónarmið var í Røst, en þar var lögð áhersla á samvinnu þegar það hentaði sveitarfélaginu. Svipað var uppi á teningnum í Flakstad, en ef Stórþingið mundi lögbinda sameiningar þá væri fyrsti kostur heildarsameining í Lofoten, en annar kostur sameining Flakstad við Vestvågøy.

Sveitarstjórn Vestvågøy var jákvæð gagnvart sameiningu, með vissum skilyrðum þó sem einkum snéru að fjármálum og að tækifærið væri notað, ef sameining yrði, til að takast á við fleiri verkefni og stokka upp skiptingu í verkefnum og fjármögnun milli sveitarfélaga, fylkja og ríkis.

Vågan og Værøy kusu að koma ekki að þessari verkefnisvinnu.

Í Lofoten eru sex sveitarfélög eins og fram hefur komið og Lofotenráðið er þeirra samstarfsvettvangur. Land þessara sveitarfélaga er um 1.200 ferkílómetrar, en til samanburðar er land sveitarfélaga við Eyjafjörð 4.255 ferkílómetrar.

Sveitarfélagið Røst (Røst kommune) er 11 km² að stærð og í ársbyrjun 2006 voru íbúar þar 598, flestir á aðaleyjunni, Røstlandinu. Eyjarnar eru um 100 km frá fastalandinu og um 25 km frá næstu nágrönnum í Lofoten.

Sveitarfélagið Værøy (Værøy kommune) er 17 km² og 1. janúar 2006 voru íbúar þar 748, þar af um 670 í þéttbýlinu í Sørland. Eyjan er um 25 km frá Røstlandinu í suðvestri og 15 km frá næstu byggð í norðaustri í Moskenes.


Sveitarfélagið Moskenes (Moskenes kommune) er 119 km² og íbúar voru 1.183 í ársbyrjun 2006, þar af um 800 í mesta þéttbýlinu. Norðurendi á Evrópuvegi 10 er á Moskenes.

Sveitarfélagið Flakstad (Flakstad kommune) er 179 km² og íbúar voru 1.454 í ársbyrjun 2006, þar af um 900 í mesta þéttbýlinu í Ramberg.

Sveitarfélagið Vestvågøy (Vestvågøy kommune) er 421 km² og íbúar voru 10.797 í ársbyrjun 2006, þar af um 6.000 í þéttbýli, flestir í Leknes, um 2.700 og Gravdal, um 1.600, en þessir staðir eru nálægir við lítinn fjörð.

Sveitarfélagið Vågan (Vågan kommune) er 477 km² og íbúar voru 9.021 í ársbyrjun 2006, þar af um 4.200 í mesta þéttbýlinu í Svolvær.

Mikil áhersla hefur verið á atvinnumálin innan Lofotenráðsins eins og Mynd 2 sýnir, en það er skipurit yfir samstarfið.



Mynd 2. Samstarf sveitarfélaga innan Lofotenráðsins í Noregi.

Samkvæmt umfjöllun á opinberum vettvangi í Lofoten er reynsla þeirra af samvinnuverkefnum ekki eins góð og vonir stóðu til þegar til þess var stofnað. Menn

virðast sammála um meginmál og markmið en þegar kemur að útfærslu og hvar staðsetja skuli starfsemina kemur gamalkunn hreppapólitík greinilega í ljós.

Samandregið má segja að sveitarstjórnin í Vestvågøy, sem í grunninn er jákvæð til eins stórs sveitarfélags í Lofoten, undirstriki hlutverk sveitarfélagsins í þróun samfélagsins, bæði fyrir atvinnulífið og hina innri samfélagsgerð. Þó er lögð áhersla á að sveitarfélagið muni ekki beita sér mjög í sameiningarmálum og að sameining eigi að vera frjálst val.

Þeir sem eru á móti sameiningu leggja meiri áherslu á hugtök eins og nánd og lýðræði og að ekki sé til bóta að breyta frá því sem nú er og það eigi einnig við þó til framtíðar sé litið.

6. MAT Á NÚVERANDI SAMSTARFI SVEITARFÉLAGA Í EYJAFIRÐI

Lagt var mat á núverandi samstarf sveitarfélaganna með viðtölum við sveitarstjórnarmenn og þá sem stjórna umfangsmestu samstarfsverkefnum. Í sama skyni var og gerð viðhorfskönnun á netinu meðal sveitarstjórnarmanna.

6.1. Mat á samstarfi samkvæmt viðtölum

Viðtöl voru tekin við sveitarstjórnarmenn í Eyjafirði, þ.e. einn sveitarstjórnarmann eða framkvæmdastjóra í minni sveitarfélögunum en tvö viðtöl í þeim stærri. Þá voru tekin viðtöl við stjórnendur samstarfsverkefna. Viðtölin voru flest hljóðrituð.

Greinilegt var af þessum viðtölum að vitneskja um gang mála í einstökum samvinnuverkefnum er mjög mismunandi meðal sveitarstjórnarmanna. Flest samvinnuverkefni virðast sigla lygnan sjó meðan örfá eru sífellt í umræðunni og þá helst vegna þess að samstarfið gengur ekki eins og best verður á kosið. Ýmislegt kom fram í þessum viðtölum sem undirstrikar það hve skipulag samstarfsverkefnanna í firðinum er flókið og að breytinga er þörf, ekki síst til að einfalda skipulag þeirra og gera yfirsýnina betri. Þá er mikilvægt að samstarfið þarf að vera gefandi og jákvætt en ekki byggja á gömlum hefðum og aðstæðum sem ekki eru lengur til staðar.

Hvað varðar mismunandi form á samstarfi var m.a. nefnt að byggðasamlagsformið sé slæmt fyrirkomulag, en rétt er að undirstrika að sveitarstjórnarlög gera þó almennt ráð fyrir því í samstarfi sveitarfélaga. Það kom þó ekki skýrt fram hvað það er við þetta rekstrarform sem er slæmt, þó var m.a. nefnd löng leið fyrir ákvarðanatöku og lítið vægi stærri sveitarfélaga í stjórn byggðasamlaganna. Ýmsir sveitarstjórnarmenn ræddu þann möguleika að einstök sveitarfélög vistuðu hjá sér samstarfsverkefni en seldu þjónustu til annarra. Í þessu sambandi var nefnt að til þyrfti að vera samráðsvettvangur um viðkomandi þjónustu, s.s. til að gæta hagsmuna málaflokksins gagnvart ríkinu eða til að skapa viðkomandi starfsemi sterkara bakland.

Það kom ekki á óvart að það samstarfsverkefni sem oftast kom til umræðu, vegna þess að ekki hefur gengið sem skyldi, var Sorpeyðing Eyjafjarðar bs. Það kom jafnframt fram að flestum fannst þetta afleitt ástand þar sem sorpförgun væri meðal þeirra helstu verkefna sveitarfélaga sem nauðsynlegt væri að vinna að í samvinnu.

Vegna þeirra sameininga sveitarfélaga, sem nú þegar hafa átt sér stað, er orðið aðkallandi að gera breytingar á samvinnu. Dæmi um þetta er Hafnasamlag Eyjafjarðar sem stofnað var af Árskógshreppi, Dalvík og Ólafsfjarðarbæ árið 1993. Síðar gekk Hríseyjarhreppur til liðs við byggðasamlagið. Frá þessum tíma hafa orðið miklar breytingar á sveitarfélagaskipan og nú standa þrjú önnur sveitarfélög að byggðasamlaginu, þ.e. Akureyrarkaupstaður aðeins vegna hafnarinnar í Hrísey, Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð aðeins vegna hafnarinnar í Ólafsfirði. Haustið 2006 sátu hvorki meira né minna en níu manns í stjórn Hafnasamlags Eyjafjarðar fyrir þessi þrjú sveitarfélög!

Nokkrir viðmælendur nefndu stærð Akureyrarkaupstaðar og ríkjandi stöðu hans í öllu samstarfi sveitarfélaganna sem ákveðið vandamál í samstarfinu. Það kunni að skapa tortryggni. Þannig fari það eftir því hvaða áherslur Akureyrarbær leggi á hverju kjörtímabili hvort viðkomandi samstarfsverkefni eflist eða dregst saman. Dæmi um þetta sé Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og forveri þess Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar sem gegnum tíðina hefur tekið miklum breytingum milli einstakra kjörtímabila sveitarstjórna. Ekki er fyllilega ljóst enn hvaða áhrif stofnun *Akureyrarstofu* um áramótin 2006-2007 mun hafa á starfsemi Atvinnuþróunarfélagsins. Svipað gildir um samstarf þar sem sérhæfni starfseminnar er svo mikil að Akureyrarkaupstaður hefur það í raun í hendi sér hvort það lifir eða deyr. Það er aðeins mögulegt að halda slíkri starfsemi úti ef starfssvæði hennar er nægilega fjölmenn. Nefnd var sérstaklega Skólaþjónusta Eyþings í þessu samhengi og að úrsögn Akureyrarkaupstaðar úr því samstarfi árið 1998, og þar með slit þess, hafi haft neikvæð áhrif á samstarfsanda á svæðinu í framhaldinu.

Að hafa einhverskonar samráðsvettvang í firðinum var mikilvægt í huga flestra þeirra sem rætt var við hvort sem um væri að ræða eiginlegt samstarf á þeim vettvangi eða ekki.

6.2. Mat á samstarfi samkvæmt viðhorfskönnun meðal sveitarstjórnarmanna


Á grundvelli þeirra viðtala við sveitarstjórnarmenn og framkvæmdastjóra samstarfsverkefna sem gerð var grein fyrir hér að framan var gerður spurningalisti til að senda út á internetinu. Könnunin var send út 16. nóvember á 108 netföng, þ.e. til aðal- og varamanna sveitarstjórna á svæðinu samkvæmt netfangaskrá frá skrifstofum

viðkomandi sveitarfélaga. Auk þess var könnunin send á framkvæmdastjóra sveitarfélaga. Ekki fengust uppgefin virk netföng á nokkra sveitarstjórnarmenn. Notað var netkannakerfið SPList frá Stefnu ehf.

Svörun var 43% eftir tvær ítrekanir og verður það að teljast viðunandi ekki síst þegar haft er í huga að skýrsluhöfundum bárust upplýsingar um að dæmi hafi verið um að netföng sem sent var á, hafi reynst óvirk og að tölvuvandamál hjá viðtakendum hafi komið upp í einhverjum tilvikum.

Greint verður frá niðurstöðum könnunarinnar í stórum dráttum fyrir sveitarfélögin sem heild en unnt var einnig að greina svör eftir stærð sveitarfélaga, þ.e. þeirra sem hafa færri en 1000 íbúa (dreifbýlissveitarfélög) þaðan bárust 22 svör, 1001-10000 íbúa (Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð) en þar svöruðu 9 og 10.000 íbúa og stærri þ.e. Akureyrarkaupstaður þar sem 14 svöruðu. Þar sem verulegur munur er á svörum sveitarstjórnarmanna eftir stærð sveitarfélags er fjallað sérstaklega um það. Aðeins er tekið tillit til þeirra svara þar sem afstaða er tekin til viðkomandi spurningar en í sumum málaflokkum er aðeins hluti, og stundum lítill hluti sveitarfélaga, sem á aðild að viðkomandi verkefni. Eðlilega hafa því færri afstöðu til þeirra mála. Líklegt er að í tilvikum þar sem stór hluti svarenda var hlutlaus gagnvart viðkomandi verkefni sé um að kenna vankunnáttu á því verkefni sem um ræðir.


Þegar spurt var um *reynslu af samstarfi sveitarfélaga* á nokkrum sviðum kom fram að meirihluti svarenda, sem afstöðu tóku, töldu reynsluna hafa verið góða eða frekar góða í 13 af 21 samstarfsverkefni sem spurt var um. Í tilvikum þar sem minnihluti svarenda taldi reynsluna hafa verið frekar eða mjög góða var yfirleitt stór hluti þeirra sem sagðist ekki vita nóg um verkefnið eða svaraði að hvorki hefði gengið vel né illa. Aðeins í einu tilviki var meirihluti svarenda sem taldi reynsluna af samstarfi hafa verið slæma en það var í tilviki Sorpeyðingar Eyjafjarðar. Í alls sjö tilvikum töldu yfir 10% svarenda, sem afstöðu tóku, að reynslan af samstarfi í viðkomandi verkefnum hafi verið frekar eða mjög slæm. Myndin hér að aftan sýnir þessi svör.



Mynd 3. Hver er reynsla þín af samstarfi sveitarfélaga á eftirfarandi sviðum?

Þegar spurt var um *hversu þarft eða óþarft samstarf sveitarfélaga á sömu sviðum væri*, kom í ljós að í öllum tilfellum taldi mikill meiri hluti svarenda að samstarfið væri mjög þarft eða þarft. Í tilviki níu samstarfsverkefna töldu 80% svarenda, sem afstöðu tóku, að samstarfið væri mjög eða frekar þarft. Þetta eru (í stafrófsröð) Félags- og skólaþjónusta Akureyrarbæjar, Greið leið, Hafnasamlag Eyjafjarðar, Hafnasamlag Norðurlands, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, málefni aldraðra, málefni fatlaðra hjá Akureyrarkaupstað, Slökkvilið Akureyrar og Sorpeyðing Eyjafjarðar. Yfir 90% svarenda, sem afstöðu tóku, töldu að samstarf væri mjög eða frekar þarft í tilviki Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Slökkviliðs Akureyrar og Sorpeyðingar Eyjafjarðar. Þarna kemur semsagt fram mikilvægi þess að vinna saman að sorpförgun þrátt fyrir að svarendum þyki hafa gengið upp og ofan í samstarfinu fram að þessu. Þá var spurt opinna spurningar um það hvort sveitarstjórnarmenn vildu sjá samstarf í fleiri málaflokkum. Almenningsamgöngur í Eyjafirði var eini

málaflokkurinn þar sem fleiri en einn sveitarstjórnarmaður vildi sjá aukna samvinnu sveitarfélaga. Svör við þessari spurningu koma fram hér að neðan.




Mynd 4. Hversu þarft eða óþarft telur þú samstarf sveitarfélaga á eftirfarandi sviðum?

Svarendur voru því næst beðnir um að taka afstöðu til nokkurra fullyrðinga um það *hversu miklir einstakir þættir hefðu skipt máli í tilvikum þar sem reynsla þeirra af samstarfi hefði verið slæm*. Flest þeirra atriða sem spurt var um skiptu frekar eða mjög miklu máli að mati þeirra sem afstöðu tóku. Flestir voru sammála um að *skortur á samráði um mikilvægar ákvarðanir og skortur á samskiptum milli samstarfsaðila* hefðu verið atriði sem skiptu frekar eða mjög miklu máli.

Sveitarstjórnarmennirnir voru því næst spurðir um *hvert þeir teldu að ætti að vera starfssvæði samstarfs sveitarfélaga í nokkrum málaflokkum*. Valkostir voru Eyjafjörður og Þingeyjarsýslur, Eyjafjörður og Eyjafjörður að hluta. Í þremur málaflokkum, þ.e. atvinnumálum, ferðamálum og sorpförgun vildu um 60% svarenda sem afstöðu tóku að starfssvæðið væri Eyjafjörður og Þingeyjarsýslur. Í tilviki brunavarna, byggingar- og skipulagsmála, félags- og skólaþjónustu og hafnamála vildi meirihluti þeirra sem afstöðu tóku að starfssvæðið væri Eyjafjörður. Skoðanir voru skiptar hvað varðar starfssvæði samstarfs á sviði heilbrigðismála og málefna fatlaðra en ljóst var þó að í þessum málaflokkur voru þeir heldur fleiri samanlagt sem

töldu að starfsvæðið ætti að vera Eyjafjörður og Eyjafjörður að hluta heldur en Eyjafjörður og Þingeyjarsýslur saman. Hér að neðan eru niðurstöður þessarar spurningar.



Mynd 5. Hvert telur þú að eigi að vera starfsvæði samstarfs sveitarfélaga í eftirfarandi málaflokkum?

Loks voru lagðar fyrir sveitarstjórnarmenn nokkrar fullyrðingar sem þeir voru beðnir um að taka afstöðu til. Þessar fullyrðingar varða mismunandi samstarfsform, samstarfsvettvang og tengsl milli samvinnu sveitarfélaga og sameiningar þeirra.

Hvað varðar samstarfsform er áberandi að mikill meiri hluti sveitarstjórnarmanna sem tjá sig um það eru frekar eða mjög sammála því að vista eigi samstarfsverkefni hjá einstökum sveitarfélögum og selja þjónustu til annarra sveitarfélaga. Að reka samstarfsverkefni gegnum héraðsnefnd, Eyþing eða ný landshlutasamtök fyrir fjórðinn á ekki upp á pallborðið hjá sveitarstjórnarmönnum. Svipað gildir um að reka samstarfsverkefni sem hlutafélög, opinber hlutafélög eða sameignarfélög, það á sér ekki mikinn hljómgrunn. Heldur fleiri eða rúmlega 4 af hverjum 10 sveitarstjórnarmönnum eru frekar eða mjög sammála því að reka megi samstarfsverkefni sem byggðasamlög eða að bjóða ætti samstarfsverkefni út til einkaaðila.


Sé litið á fullyrðingar sem varða mismunandi samstarfsvettvang þá stendur upp úr að sveitarstjórnarmenn telja afar mikilvægt að til sé samráðsvettvangur sveitarfélaga í Eyjafirði en 98% þeirra svöruðu því til. Einnig voru þeir sammála því að mikilvægt væri að til sé samráðsvettvangur sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, 84% svöruðu því til.

Tafla 1. Afstaða sveitarstjórnarmanna til nokkurra fullyrðinga.

	Mjög eða frekar sammála (%)	Hlutlaus (%)	Mjög eða ósammála (%)	N
Það ætti að vista samstarfsverkefni hjá einstökum sveitarfélögum og selja þjónustu til annarra sveitarfélaga	66	16	18	44
Það ætti að reka sem flest samstarfsverkefni gegnum Héraðsnefnd Eyjafjarðar	29	22	49	41
Það ætti að reka sem flest samstarfsverkefni gegnum Eyþing	28	23	49	39
Það ætti að kljúfa Eyþing upp og reka samstarfsverkefni gegnum ný landshlutasamtök fyrir Eyjafjörð	28	20	53	40
Það ætti að bjóða út samstarfsverkefni til einkaaðila	44	10	46	39
Það ætti að reka samstarfsverkefni sem byggðasamlög	44	31	26	39
Það ætti að reka samstarfsverkefni sem hlutafélög	10	23	67	39
Það ætti að reka samstarfsverkefni sem opinber hlutafélög	20	33	48	40
Það ætti að reka samstarfsverkefni sem sameignarfélög	23	35	43	40
Það er mikilvægt að til sé samráðsvettvangur sveitarfélaga í Eyjafirði	98	2	0	43
Það er mikilvægt að til sé samráðsvettvangur sveitarfélaga á Norðurlandi eystra	84	14	2	43
Það er mikilvægt að til sé samráðsvettvangur sveitarfélaga á Norðurlandi	55	27	18	44
Það ætti að auka samstarf sveitarfélaga í Eyjafirði	84	12	5	43
Samstarf sveitarfélaga er áfangi í því að sameina þau öll	55	9	36	44
Efla skal samstarf sveitarfélaga og viðhalda núverandi skipan þeirra	48	14	39	44
Hvert sveitarfélag fyrir sig á fyrst og fremst að veita þjónustu innan sinna marka	24	10	67	42


Þegar litið er til almennari þátta er varða samvinnu sveitarfélaga almennt og tengsl samvinnu og sameiningar sveitarfélaga kemur ýmislegt athyglisvert í ljós. Þannig eru 84% sveitarstjórnarmanna sammála því að auka eigi samstarf sveitarfélaga í Eyjafirði. Þegar þetta er greint eftir stærð sveitarfélaga kemur í ljós að þessi skoðun á meiri hljómgrunn hjá minnstu sveitarfélögunum (90%) heldur en hjá Akureyri (70%). Þegar spurt var hvort sveitarstjórnarmenn teldu að samstarf sveitarfélaga væri áfangi í að sameina þau öll voru skiptar skoðanir um það þótt naumur meirihluti svarenda væru sammála þessari fullyrðingu. Minnstan hljómgrunn átti þessi skoðun meðal

bæjarfulltrúa við utanverðan Eyjafjörð en þar voru 56% þeirra þessu ósammála. Þegar spurt var um afstöðu manna við fullyrðingunni „*efla skal samstarf sveitarfélaga og viðhalda núverandi skipan þeirra*“ kom í ljós að tæpur helmingur sveitarstjórnarmanna var þessu sammála. Mikill munur er hins vegar á afstöðu þeirra eftir stærð sveitarfélaga þar sem nokkur meiri hluti sveitarstjórnarmanna í litlu sveitarfélögum var þessu sammála en mikill meirihluti Akureyringa hins vegar ósammála. Álykta má sem svo að sveitarstjórnarmenn í litlu hreppunum vilji samvinnu um að veita þá þjónustu sem er ætlast er til að sveitarfélög sinni án þess að þurfa að sameinast. Þetta má sjá á myndinni hér að neðan.



Mynd 6. Efla skal samstarf sveitarfélaga og viðhalda núverandi skipan þeirra.

Þegar spurt var um afstöðu til fullyrðingarinnar „*hvert sveitarfélag fyrir sig á fyrst og fremst að veita þjónustu innan sinna marka*“ snérist dæmið við. Mikill meirihluti sveitarstjórnarmanna var þessu ósammála. Andstaða við þetta sjónarmið kom í meira mæli fram hjá sveitarstjórnarmönnum í litlu hreppunum, en um 79% þeirra voru þessu ósammála og 11% sammála meðan 57% sveitarstjórnarmanna á Akureyri var þessu ósammála og 29% sammála. Litlu sveitarfélögin vilja því hafa aðgang að þeirri þjónustu sem í boði er í öðrum og stærri sveitarfélögum. Þetta sést vel á myndinni hér að aftan.



Mynd 7. Hvert sveitarfélag fyrir sig á fyrst og fremst að veita þjónustu innan sinna marka.

7. TILLÖGUR UM FRAMTÍÐARFYRIRKOMULAG SAMVINNU SVEITARFÉLAGA Í EYJAFIRÐI

Í þessum kafla eru settar fram tillögur um fyrirkomulag á samvinnu sveitarfélaga í Eyjafirði. Reynt er að leggja mat á hvert og eitt verkefni og skoða nokkra grunnþætti. Beitt er hugsun svokallaðrar núllgrunnssáætlunar, þ.e. byrjað er á því að velta því upp hvort yfir höfuð sé þörf á samrekstri hvers verkefnis eða málaflokks. Þetta er gert til að skerpa áherslur og ná fram eins mikilli einföldun á stjórnsýslunni og kostur er. Þekkt er ákveðin tilhneiging til þess að *það sem er*, sé framlengt frá ári til árs án þess að skoðað sé í grunninn hvort ástæða sé til breytinga. Þess vegna er stundum gott að gefa sér að allt sem fyrir er sé ekki ómissandi og vinna út frá því. Þetta sjónarmið kom einnig fram í viðtölum við sveitarstjórnarmenn, samvinna eigi alls ekki að byggjast á hefðum, heldur þörfum dagsins í dag og umfram allt þurfi starfsemi að vera gefandi í stað þess að þeim sem að henni standa finnist hún vera kvöð.

7.1. Einstök samstarfsverkefni

Almannavarnanefnd Eyjafjarðar

Almannavarnanefndir eru lögbundnar og þar af leiðandi þarf ekki að skoða nánar hvort leggja megi þær af. Skipan almannavarnanefndar Eyjafjarðar er ákveðin í 8. grein laga um almannavarnir nr. 94/1962 og auglýsingu um samstarf um almannavarnir frá 5. febrúar 1996. Unnið hefur verið að breytingum á lögregluumdæmum í landinu og um áramótin 2006-2007 tók gildi nýtt fyrirkomulag. Það á sér stoð í lögum nr. 46/2006 um breytingu á lögreglulögum og lögum um framkvæmdavald ríkisins í héraði. Þetta leiðir m.a. til þess að allt Eyjafjarðarsvæðið verður eitt og sama lögregluumdæmið.

Nokkur umræða hefur verið um að breyta fyrirkomulagi almannavarna samfara breytingum á lögregluumdæmum. Margt sýnist mæla með því að hafa eina almannavarnanefnd fyrir allt Eyjafjarðarsvæðið og styrkja með því stjórnsýsluna. Það myndi auka heildaryfirsýn og samræmingu þessara mikilvægu mála og væntanlega yrði ein aðgerðarstjórn fyrir allt svæðið. Eftir sem áður þyrftu að vera vettvangs-stjórnir á tilteknum stöðum, hliðstætt því sem nú er, enda einangrast byggðarlög stundum þegar náttúruhamfarir verða og þá reynir á heimamenn á hverjum stað.

Annað mál er rekstur almannavarnarnefndar Eyjafjarðar og um hann er hægt að gera tillögur þó einhverjar breytingar kunni að verða gerðar á stjórnsýslunni og stærð þess

svæðis sem heyrir undir nefndina. Reksturinn er í dag vistaður hjá Héraðsnefnd Eyjafjarðar og óbreytt ástand er mögulegt að því gefnu að héraðsnefnd starfi áfram. Ef sá kostur yrði valinn væri hægt að fela starfsmanni héraðsnefndar að vera jafnframt starfsmaður almannavarnanefndar og hugsanlegt er að í því fælist sparnaður í launakostnaði, enda er gerð fjárhagsáætlunar, bókhald, endurskoðun og frágangur ársreiknings á vegum héraðsnefndar án þess að almannavarnanefnd sé gjaldfærð fyrir þessari þjónustu.

Tvær aðrar leiðir virðast einkum koma til greina. Annars vegar að reksturinn sé vistaður hjá sýslumannsembættinu og hins vegar að hann sé vistaður hjá einhverju sveitarfélagi sem aðild á að nefndinni.

Hjá almannavarnanefnd er starfsmaður í 20% starfshlutfalli og hann er jafnframt aðstoðaryfirlögregluþjónn á Akureyri. Hér er ekki lagt neitt mat á hvort þörf er fyrir þetta starfshlutfall eða hvort það ætti að vera eitthvað lægra eða hærra, en miðað við þetta fyrirkomulag sýnist hentugast að rekstur verkefnisins sé vistaður hjá sýslumannsembættinu, enda má telja það kost að saman fari fagleg og fjárhagsleg ábyrgð. Sýslumaður, sem formaður almannavarnanefndar, er næsti yfirmaður starfsmannsins í öllu sem lýtur að faglegu starfi nefndarinnar og hann hefur einnig yfir honum að segja sem lögreglumanni. Ekki verður séð að til bóta sé að starfsmaður almannavarnanefndar hafi annað að sækja um fjárhagsleg atriði, eins og nú er gagnvart héraðsnefnd. Þess vegna væri hentugra, miðað við þetta fyrirkomulag, að sýslumannsembættið sæi alfarið um rekstur almannavarnanefndar og innheimti kostnað vegna þess hjá viðkomandi sveitarfélögum eins og framkvæmdastjóri héraðsnefndar gerir nú. Vafalítið mundi það styrkja almannavarnir í Eyjafirði ef haldið yrði utan um alla þætti starfseminnar á sama stað og hvað faglega þætti varðar er samstarf við lögreglu mikilvægt, enda nýtast þá einnig tengsl hennar við slökkvilið og hjálparveitir með jákvæðum hætti og góðri yfirsýn.

Vistun á rekstri almannavarnanefndar hjá einhverju af aðildarsveitarfélögum kemur einnig til greina, en ekki er sjáanlegt að það hafi neina kosti fram yfir að vista verkefnið hjá sýslumanni eða héraðsnefnd. Hins vegar eru ákveðnir ókostir við þessa tilhögun. Yfirsýn starfsmanns nefndarinnar um fjárhagsleg atriði yrði ekkert betri en í núverandi fyrirkomulagi og þar sem héraðsnefnd hefur ekki tekið neina þóknun fyrir fjárhagslega umsýslu væri fjárhagslegur ávinningur enginn. Annar ókostur er sá að hugsanlega yrði togstreita um hjá hvaða sveitarfélagi ætti að vista reksturinn og það

væri ekki gott með hagsmuni almannavarna í huga, enda er mikilvægt að mikil og góð samstaða sé um þær á svæðinu.

Lagt er til að skoðað verði sem fyrsti kostur að sýslumannsembættið visti rekstur almannavarnanefndar Eyjafjarðar, sem þar með mundi hverfa af þeim vettvangi sem sveitarfélög við Eyjafjörð hafa um sameiginlegan rekstur á verkefnum. Jafnframt er lagt til að almannavarnanefndirnar í Eyjafirði verði sameinaðar til að auka skilvirkni og heildaryfirsýn í almannavörnum á svæðinu.

Almenningssamgöngur í Eyjafirði

Af og til hefur sprottið upp umræða um að stofna til almenningssamgangna í Eyjafirði enda svæðið um margt hentugt til slíks, t.d. vegna þess að aðal þjónustukjarni svæðisins hefur miðlæga staðsetningu og er aðgengi að honum afar mikilvægt, svæðið er þéttbýlt á íslenskan mælikvarða og almenningssamgöngur hafa verið til staðar á hluta svæðisins, þ.e. milli Ólafsfjarðar, Dalvíkur og Akureyrar. Þá er ljóst að mikill akstur fer fram á svæðinu með vörur og póst en hann nýtist samt að takmörkuðu leyti, ef þá nokkru, til fólksflutninga.

Á löggjafarþingum 123, 125, 126 og 127 var lögð fram þingsályktunartillaga þess efnis að gera tilraun um almenningssamgöngur innan Eyjafjarðarsvæðisins með tilstyrk ríkisins. Þessi tillaga náði aldrei fram að ganga.

„Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að láta Byggðastofnun gera tilraun um rekstur almenningssamgöngukerfis í Eyjafirði í samstarfi við sveitarfélög á svæðinu. Verkefnið verði tilraunaverkefni til fimm ára og stutt með framlögum úr ríkissjóði.“

Helstu röksemdir sem nefndar eru tillögunni til stuðnings voru þessar:

- Byggð á svæðinu styrkist með greiðari samgöngum fyrir alla íbúa.
- Ungmennni sem sækja framhaldsskóla á Akureyri geta fremur búið heima.
- Hagræðing verður í skólaakstri og þjónustu við stofnanir, svo sem Kristnesspítala.
- Ferðamenn eiga auðveldara með að ferðast um svæðið á eigin vegum.
- Aðgerðin er orkusparandi.

Þessar röksemdir eiga allar við ennþá og sumar eru ennþá mikilvægari en áður, s.s. umhverfisþátturinn og þá er einnig ljóst að mannfjölgun á tímabilinu, ekki síst í nágrenni Akureyrar ætti að þrýsta verulega á um að koma svona kerfi á. Svæðið er einnig að verða samstæðara með tilkomu Héðinsfjarðarganga og væntanlega

Vaðlaheiðarganga sem ýtir undir þessa þróun sbr. sambærilega þróun í nágrenni Reykjavíkur þar sem Strætó bs. nær nú til Akraness. Ljóst er að þetta mun kosta sveitarfélögin nokkur útgjöld og þurfa þau að láta meta hann svo og þann ávinning sem af þessu myndi hljóta.

Lagt er til að sveitarfélögin á Eyjafjarðarsvæðinu láti meta ávinning og kostnað við að koma á almenningssamgöngum á svæðinu og kanna sem fyrsta kost hagkvæmni þess að reka þetta verkefni á grundvelli þjónustusamnings við strætisvagna Akureyrar. Eðlilegt er að miðað yrði við að semja við einkaaðila um sjálfa framkvæmdina, t.d. með útboði út frá skilgreindum forsendum um þjónustu.

Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæðis

Minni sveitarfélögin í Eyjafirði, þ.e. Arnarneshreppur, Eyjafjarðarsveit, Grímsey, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð og Svalbarðsstrandarhreppur, hafa um margra ára skeið sameinast um rekstur á *Byggingarfulltrúaembætti Eyjafjarðarsvæðis* og nógildandi samningur þar um er frá 12. desember 2001. Í annarri grein samningsins segir:

2. Stjórnun, fjármál og fjármögnun.
 - 2.1. Rekstur byggingarfulltrúaembættisins heyrir undir Héraðsnefnd Eyjafjarðar. Héraðsráð fer með framkvæmdastjórn embættisins í umboði héraðsnefndar.
 - 2.2. Verksvið framkvæmdastjórnar er að ákveða launakjör starfsmanna, gera tillögu að fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár og ákveða upphæð gjalda samningsaðila til starfseminnar, en skipting gjaldanna á sveitarfélögin skal vera í hlutfalli við íbúatölu þeirra 1. desember næstan á undan samningu fjárhagsáætlunar.
 - 2.3. Héraðsnefnd Eyjafjarðar annast fjárreiðu embættis byggingarfulltrúa, sér um innheimtu og greiðslur.

Starfsemin byggir á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum og þar af leiðandi er ekki kostur í stöðunni að sleppa rekstri á þessum málaflokki að óbreyttum lögum. Skylda sveitarfélaga er skýr í þessum efnun. Í 6. grein í nefndum lögum kemur fram að „í hverju sveitarfélagi skal starfa byggingarnefnd, kjörin af sveitarstjórn. Sveitarstjórn getur ákveðið að nefndin fjalli einnig um skipulagsmál sveitarfélagsins og nefnist þá skipulags- og byggingarnefnd en að öðrum kosti skal einnig starfa sérstök skipulagsnefnd“. Síðar í sömu grein segir: „Sveitarfélög geta haft samvinnu við nágrannasveitarfélög um kosningu byggingar- og skipulagsnefnda og ráðningu byggingar- og skipulagsfulltrúa. Hlutaðeigandi sveitarfélög gera þá með sér samning um stofnun nefndanna sem ráðherra staðfestir“. Ljóst er af þessu að mikils er krafist af sveitarfélögunum í skipulags- og byggingarmálum, enda er

málaflokkurinn afar mikilvægur og afleiðingar ákvarðana eru jafnan langvinnar og hafa mikið að segja fyrir íbúa viðkomandi byggðarlaga. Rekstrinum er hins vegar hægt að koma fyrir með ýmsu móti. Fernt virðist einkum koma til greina.

Hægt er að halda óbreyttu fyrirkomulagi en það hefur ýmsa ókosti. Einn er sá að aðeins hluti þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að héraðsnefnd eru aðilar að núverandi starfsemi byggingarfulltrúa. Þess vegna snertir umfjöllun um málefni hans aðeins hluta fundarmanna á fundum héraðsnefndar og héraðsráðs og í þeim tilfellum er fundartíma annarra fulltrúa illa varið. Því sýnist skilvirkara að eitthvert aðildarsveitarfélaganna annist alla rekstartengda þætti, enda væri fjárhagurinn sérgreindur í bókhaldi eins og nú er hjá héraðsnefnd. Umræða um þessi mál eiga betur heima á öðrum vettvangi en í héraðsnefnd/héraðsráði, enda halda fulltrúar viðkomandi sveitarstjórna sérstaka samráðsfundi þar sem m.a. er fjallað um skipulags- og byggingarmál. Annar ókostur er sá að starf einyrkjans er oft erfitt. Það á bæði við um faglega þætti vegna samráðs og samvinnu við starfsfélaga á svipuðu sviði og afleysingar í leyfum eða vegna veikinda. Báðir þessir þættir geta vegið þungt ekki síst í starfsemi sem tengist skipulags- og byggingarmálum þar sem álag er oft mikið á tilteknum tíma ársins og viðskiptavinir krefjast skjótrar afgreiðslu sinna mála. Núverandi staðsetning byggingarfulltrúa í Búgarði, Óseyri 2 Akureyri, er út af fyrir sig ekki slæm, aðkoma ágæt, næg bílastæði, húsnæði og aðrir slíkir þættir í góðu lagi en eftir sitja ókostirnir við að hafa enga starfsfélaga á sama sviði.

Annar möguleiki á rekstri embættis byggingarfulltrúa Eyjafjarðarsvæðis er að vista það hjá einu af þeim sveitarfélögum sem að samstarfinu standa. Ekki er sennilegt að í því fælist fjárhagslegur ávinningur þar sem ekki hefur verið greidd há upphæð árlega til skrifstofu héraðsnefndar fyrir þjónustu og umsýslu (400 þkr árið 2006 og sama fjárhæð á áætlun 2007). Hins vegar væri öll umfjöllun einvörðungu hjá þeim sem málin varða með þessu fyrirkomulagi og það er kostur. Þessi leið hefur sama ókost og nefndur hefur verið um starf einyrkjans, nema sú ákvörðun verði tekin að reka embættið með tveimur starfsmönnum. Ljóst er að kostnaður mundi aukast umtalsvert frá því sem nú er ef stofnað yrði til embættis skipulagsfulltrúa, en trúlega væri það góð fjárfesting til lengri tíma litið að sinna þeim þætti meira og betur en nú er gert. Vitað er að umfangið er nokkuð misjafnt milli einstakra sveitarfélaga og þess vegna væri hugsanlega réttara að deila kostnaði með öðrum hætti en nú er gert, en það er almenn ábending og ekki háð því hvar verkefnið eru vistuð. Þetta fyrirkomulag

myndi styrkja viðkomandi skrifstofu og renna stoðum undir að staðsetning á tilteknum starfseiningum mundi dreifast um svæðið, jafnvel þó sveitarfélög í Eyjafirði yrðu sameinuð í framtíðinni. Það geta hins vegar verið skiptar skoðanir um kost og löst á því þar sem stundum vegast á fjárhagsleg sjónarmið hagræðingar og skilvirkni annars vegar og hins vegar markmið um dreifingu á störfum innan þess svæðis þar sem samvinna ríkir í einstökum málaflokkum.

Þriðji kosturinn væri sá að kaupa alla þjónustu byggingarfulltrúa á almennum markaði, hliðstætt því sem nú er gert í afleysingum byggingarfulltrúa, þ.e. viðkomandi sveitarfélög mundu ekki reka sérstakt embætti byggingarfulltrúa, heldur aðeins reka byggingarnefnd. Innifalið í þeirri þjónustu gæti verið að senda út reikninga vegna byggingarleyfisgjalda og annast allan rekstur nefndarinnar, en einnig væri hægt að fela það skrifstofu einhvers af viðkomandi sveitarfélögum. Ókosturinn við þessa tilhögun er m.a. sá að hætt er við að ekki yrði eins mikil samfella í starfseminni og nú er og þar að auki eru allar líkur á að kostnaðurinn mundi aukast verulega. Þessi leið sýnist því ekki vænleg og ókostirnir fleiri en kostirnir.

Fjórða leiðin er sú að semja við Akureyrarbæ um þessa þjónustu en þó þannig að sérstök byggingarnefnd væri starfandi fyrir þessi sveitarfélög. Kostirnir við að kaupa þjónustuna frá Akureyrarbæ eru m.a. þeir að með því fengist góð heildarsýn yfir skipulags- og byggingarmál í Eyjafirði, allt frá Grýtubakkahreppi inn um fjörðinn og út í Arnarneshrepp og Grímsey. Það á bæði við um skipulagsmál og byggingarmál, þ.e. þjónustu- og eftirlitshlutverk byggingarfulltrúa. Með þessari leið yrði einnig komist fram hjá ókostum í starfsemi einyrkjans þar sem hjá Akureyrarbæ starfa nokkrir á þessum vettvangi og þar með ætti að vera auðveldara um afleysingar og einnig er minni hætt á að upp komi vandræðaástand ef mannaskipti eða veikindi verða, en þau geta sett starfsemina verulega úr skorðum þegar hún byggir að mestu á einum manni. Ekkert skal hér fullyrt um kostnað ef þessi leið yrði farin, en sennilegt er þó að hann yrði meiri en nú er en jafnframt má reikna með víðtækari þjónustu og auknum möguleikum, sérstaklega hvað skipulagsmál snertir. Þessi mál brenna mjög á mörgum sveitarfélögum og taka ómældan tíma framkvæmdastjóra þeirra eins og málum er nú háttað en þeir eru sjaldnast með fagmenntun á þessu sviði. Með samningi við Akureyrarbæ um skipulags- og byggingarmál mundi nást heildrænni sýn yfir skipulagsmál fjarðarins alls og ákvarðanir um uppbyggingu verða teknar á grundvelli betri upplýsinga og meiri fagmennsku. Þetta mun spara fé til lengri tíma

litið og minnka hættu á skipulagsslysum. Öll skipulagsvinna yrði markvissari og auðveldari þar sem meiri og betri upplýsingar yrðu til staðar og samhæfður hópur starfsmanna til að sinna þessum málaflokki.

Þegar kostir og gallar þeirra leiða sem nefndar hafa verið eru vegnir og metnir, sitja tveir kostir eftir. Hinir eru taldir lakari. Kaup á almennum markaði eru í þessu tilviki óhagkvæm þar sem umfang starfseminnar er jafn mikið og stöðugt og raun ber vitni. Sú leið gæti verið hagkvæm ef starfið væri mun minna eða tilfallandi þannig að ekki stæðu efni til að vera með mann í fullu starfi. Núverandi fyrirkomulagi er ýtt til hliðar vegna þess óhagræðis sem felst í því að einungis hluti sveitarfélaga í héraðsnefnd tengjast starfsemi byggingarfulltrúa Eyjafjarðarsvæðis og einnig vega ókostir einyrkjans þungt. Valið stendur þá á milli þess að vista embætti byggingarfulltrúa hjá einu af þeim sveitarfélögum sem standa að rekstrinum eða að semja við Akureyrarbæ um þjónustuna.

Helstu kostir fyrrnefndu leiðarinnar eru þeir að þá hafa þau sveitarfélög sem málið varðar alla þræði í hendi sér og starfsmaður eða starfsmenn mundu vinna í nánú samstarfi við byggingarnefnd eða skipulags- og byggingarnefnd, ef það form yrði valið. Þá myndi þetta styrkja starfsemi viðkomandi skrifstofu og renna hugsanlega stoðum undir framtíðarstarfsemi þar, jafnvel þótt til sameiningar sveitarfélaga kæmi í framtíðinni. Ókostirnir felast m.a. í faglegru einangrun, kostnaði við afleysingar og erfiðleikum sem geta fylgt úthaldi eins manns.

Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa hefur mikla kosti vegna faglegra þátta, afleysinga, stöðugleika þjónustunnar og heildaryfirsýnar eins og fram hefur komið. Ókostir kynnu að felast í því að viðkomandi sveitarstjórnir hefðu ekki eins bein tengsl við byggingarfulltrúa og nú er, en þó þyrfti það ekki að vera, enda yrði tiltekinn starfsmaður hjá bænum sérstakur tengiliður vegna umræddra verkefna og mundi sitja fundi byggingarnefndar og vinna með henni.

Þessi leið er háð því að góður samningur næðist sem báðum samningsaðilum þætti ásættanlegur og jafnframt er ljóst að um þetta samstarf þyrfti að ríkja mikið og gagnkvæmt traust. Boðskiptaleiðir þurfa að vera samstarfsaðilum ljósar og allar nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til að samstarfið gangi hnökralaust fyrir sig. Vísu má í leiðbeiningar í viðauka 1 með þessari skýrslu sem gerðar voru um samstarf

sveitarfélaga á Nova Scotia, Kanada um hvernig megi ná þessu markmiði. Náist það ekki má afskrifa þessa tilhögun.

Lagt er til að skoðað verði sem fyrsti kostur að kaupa þjónustu í skipulags- og byggingarmálum hjá Akureyrarbæ. Það byggir m.a. á þeirri forsendu að vilji sé til að vinna að skipulagsmálum svæðisins í heild, meira en nú er gert, án þess þó að viðkomandi sveitarfélög, sem standa núna að byggingarfulltrúa Eyjafjarðarsvæðis, telji grundvöll fyrir ráðningu sérstaks starfsmanns til þess. Jafnframt vegur þungt þörfin á að ná heildaryfirsýn í þessum málaflokki fyrir Eyjafjarðarsvæðið og þetta er leið að því marki án þess að til sameiningar sveitarfélaga komi.

Annar kostur er að vista starfsemi byggingarfulltrúa Eyjafjarðarsvæðis hjá einhverju af aðildarsveitarfélögunum.

Félags- og skólaþjónustan Útey

Útey byggðist á gagnkvæmum samningum Dalvíkurbyggðar og Ólafsfjarðarbæjar og við sameiningu Ólafsfjarðar í Fjallabyggð hefur starfsemin útvíkkast þannig að Siglufjörður nýtur einnig þjónustunnar. Unnið hefur verið að því að skilgreina upp á nýtt stjórnskipulag þjónustunnar en sú vinna byggir m.a. á úttekt sem gerð var árið 2005 (Hjalti Jóhannesson og Trausti Þorsteinsson, 2005).

Helsti vandi samstarfsins var að stjórnskipulag þess var fremur laust í reipunum frá upphafi og ekki fyllilega ljóst hvar ábyrgð á einstökum þáttum lægi. Þetta virðist þó ekki hafa komið niður á þjónustu starfseminnar svo nokkru nemi og ánægja með þjónustu almennt mikil skv. könnun sem gerð var árið 2003. Starfsmannaveita var hins vegar nokkuð mikil og ákveðin óvissa um vald til mannráðninga og boðleiðir.

Í fyrrnefndri úttekt voru lagðir fram nokkrir valkostir og greindir kostir og gallar við hvern þeirra. Byggðasamlag er það fyrirkomulag sem sveitarstjórnarlög gera einkum ráð fyrir í tilvikum sem þessum. Byggðasamlagsformið hefur þekkta galla s.s. að vald stjórnenda er komið talsvert langt frá kjósendum en það hefur þó m.a. þann kost að veita nauðsynlegan ramma kringum starfsemina og boðleiðir verða skýrar. Annar valkostur var sá að annað sveitarfélagið tæki yfir þjónustuna og seldi hinu. Þetta hefur m.a. þann kost í för með sér að fjárhagsleg og stjórnunarleg ábyrgð verður skýr. Þá yrði auðveldara að skapa heildstæðari þjónustueiningu og að vissu leyti betri vinnuáðstæður fyrir starfsfólk þjónustunnar sem myndi þá allt tilheyra sama

vinnuveitanda og starfsmannahópi. Þriðji valkostur var að slíta samstarfi um þessa þjónustu en þetta hefur þann stærsta galla að ekki næst sama faglega breidd og hægt er þegar fleiri íbúar standa að baki þjónustu sem þessari. Í fjórða lagi var velt upp þeim möguleika að stofna sameiginlega stofnun á Eyjafjarðarsvæðinu sem sinni þessum málaflokki. Með þessu móti yrðu samfélagið við utanverðan Eyjafjörð orðið hluti af öflugasta þjónustukerfi á þessum sviðum sem er að finna utan höfuðborgarsvæðisins.

Eftir að sameiningin í Fjallabyggð varð á árinu 2006 hafa forsendur breyst að verulegu leyti frá því að ofangreind úttekt var gerð. Forsvarsmenn Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar hafa átt í viðræðum um framhald á þessari starfsemi og er fyrirkomulagið nú í formi gagnkvæmra þjónustukaupa. Í ljósi þess að viðræðum um framtíðarfyrirkomulag þessara mála er ekki lokið eru ekki að svo stöddu gerðar tillögur um fyrirkomulag þessa samstarfsverkefnis.

Gróðurverndarnefnd

Nefndin er skipuð skv. 19 gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, eins og fram hefur komið og þar af leiðandi er ekki hægt að sleppa rekstri á þessum málaflokki. Honum má hins vegar koma fyrir með ýmsum hætti. Að sumu leyti er þessi málaflokkur hliðstæður því sem fram hefur komið um byggingarmálin. Annars vegar eru dreifbýlissveitarfélögin og hins vegar kaupstaðirnir, og aðstæður og þarfir eru mismunandi. Umhverfisnefndir, umhverfisráð eða náttúruverndarnefndir eru starfandi í stærri sveitarfélögunum og sinna meðal annars þeim skyldum sem á sveitarfélög eru lagðar með lögum um landgræðslu. Starfsemi þeirrar gróðurverndarnefndar sem starfar á vegum héraðsnefndar hefur því nær eingöngu lotið að dreifbýlinu í Eyjafirði þrátt fyrir að segja megi að verkefni hennar á sviði umhverfisverndar geti varðað íbúa svæðisins alls án tillits til sveitarfélagamarka.

Tvennt virðist einkum koma til greina í þessum málaflokki. Að halda óbreyttu fyrirkomulagi (innan héraðsnefndar eða á öðrum samstarfsvettvangi) eða vista sameiginlega nefnd tiltekinna sveitarfélaga hjá einu þeirra.

Óbreytt tilhögun hefur þann ókost að starfsemin snertir ekki nema sum sveitarfélögin í Héraðsnefnd Eyjafjarðar þar sem kaupstaðirnir afgreiða þennan málaflokk á eigin vegum. Umhugsunarefni er einnig hvort rétt sé að skipta kostnaði eins og nú er gert, þ.e. miðað við fólksfjölda. Rök eru fyrir því að önnur skipting væri réttlátari, t.d.

miða við fjölda ferkílómetra, enda eru miklu meiri tengsl milli verkefna nefndarinnar og landstærðar en fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi.

Vistun á starfsemi gróðurverndarnefndar hjá einhverju af þeim sveitarfélögum sem hlut eiga að máli sýnist engum vandkvæðum háð og jafnframt ætti nefndin þá aðeins að vera á vegum dreifbýlissveitarfélaganna.

Lagt er til að starfssvæði gróðurverndarnefndar verði breytt og taki aðeins til sveitarfélaga í Eyjafirði annarra en Akureyrarbæjar, Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar. Starfsemin verði vistuð hjá einu þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að nefndinni. Til þess að einfalda samstarfið og þar sem starfssvæðin falla saman má vel hugsa sér að sameina gróðurverndarnefnd og náttúruverndarnefnd.

Minjasafnið á Akureyri - safnamál

Minjasafnið á Akureyri er rekið sem sjálfseignarstofnun samkvæmt stofnskrá sem síðast var endurskoðuð árið 2003, samþykkt af stjórn stofnunarinnar 28. apríl 2004 og staðfest af héraðsnefnd 2. júní sama ár. Starfsemin lýtur ákvæðum Safnalaga nr. 106/2001 með síðari breytingum og Þjóðminjalaga nr. 107/2001 með síðari breytingum þannig að augljóslega komast sveitarfélögin ekki hjá því að sinna þessum málaflokki og burtséð frá lagaskyldum er mikil starfsemi á þessu sviði sem sveitarfélögin styðja og í því kemur fram ákveðinn vilji sveitarstjórnarmanna. Þá eru safnamál mikilvægur málaflokkur í atvinnulegu tilliti, m.a. vegna ferðaþjónustu. Hins vegar taka safnamál til sín mikið fé og þess vegna er brýnt að haga öllu skipulagi með hagkvæmum og skilvirkum hætti.

Stjórn Minjasafnsins á Akureyri er skipuð fimm mönnum sem kosnir eru á næsta héraðsnefndarfundi eftir sveitarstjórnarkosningar. Bæjarstjórn Akureyrar tilnefnir þrjá menn og önnur sveitarfélög sem aðild eiga að rekstri safnsins tilnefna tvo menn. Kjörtímabil stjórnar er fjögur ár, hið sama og sveitarstjórna.

Safnamálin eru þess eðlis að mikilvægt er að til staðar sé heildaryfirsýn í héraðinu. Mikið hefur verið unnið í þessum málaflokki síðastliðin ár hvað varðar hugmyndir um uppbyggingu í framtíðinni og hvernig stjórnsýslunni skuli háttað. Má þar nefna ítarlega skýrslu bræðranna Arnars og Jóns Jónssona, *Söfn og sýningar í Eyjafirði* frá því í nóvember 2002 og einnig var sett á fót nefnd sem m.a. var ætlað að vinna úr þeim hugmyndum sem fram komu í skýrslunni og gera tillögur um tilhögun

safnamála. Nefndin skilaði frá sér í apríl 2005 skriflegri samantekt með heitinu *Skýrsla safnanefndar HEY*.

Segja má að tveir pólar séu í skipulagi safnamála. Annar er sá að reyna að bæta heildaryfirsýn með safnaráði sem gerði tillögur um tilhögun safnamála í Eyjafirði og legði línurnar um faglega þætti þó einstakar rekstrareiningar heyrðu ekki undir ráðið. Það væri m.ö.o. umsagnaraðili og gerði tillögur um starfsemi á einstökum stöðum með heildarmyndina í huga en hefði ekki með rekstur að gera. Reyndar hafa þær raddir einnig heyrst að ganga ætti skrefinu lengra og fela ráðinu einnig rekstrarstjórn yfir öllum söfnum og sýningum á svæðinu. Hinn póllinn er að hver og ein sveitarstjórn hafi umsjón með og beri ábyrgð á þeim söfnum sem eru í hverju sveitarfélagi. Síðan geta verið ýmsar útfærslur sem liggja þarna á milli.

Núverandi fyrirkomulag hefur bæði kosti og galla. Ef litið er sérstaklega til Minjasafnsins á Akureyri eru kostirnir m.a. þeir að sjálfseignarstofnun, eða annað sjálfstætt félagsform, á yfirleitt auðveldara með að virkja áhugafólk um safnamál, en sveitarfélag sem hefur þetta sem hluta af sínum rekstri. Jafnframt er jafnan auðsóttara fyrir sjálfseignarstofnun (eða annars konar félagsskap) en einstök sveitarfélög að fá styrki til skilgreindra verkefna eða einstakra þátta í rekstrinum, þar sem ýmsir sjóðir, félög eða fyrirtæki eru oft reiðubúin til að styðja við tiltekin málefni þar sem áhugamenn koma að máli, en samsvarandi stuðningur mundi síður fást ef sveitarfélag væri umsækjandi. Þetta getur haft mikið að segja, t.d. við uppsetningu á einstökum sýningum eða vegna annarra viðburða á vegum Minjasafnsins.

Í þeim skýrslum sem nefndar hafa verið um safnamál er lögð mikil áhersla á samræmingar- og forystuhlutverk Minjasafnsins á Akureyri á faglega sviðinu. Ein safnastjórn yfir öllum söfnum í Eyjafirði mundi trúlega leiða af sér bestu samræmingu og verkaskiptingu, en vegna þess að eignarhald er í höndum margra lögaðila og fjárhagsleg umsýsla einnig, er það tæpast raunhæfur kostur og því er hann afskrifaður hér. Það gerir aftur á móti fyrrgreint samræmingarhlutverk Minjasafnsins á Akureyri ennþá mikilvægara þó því fylgi ekkert boðvald. Slíkt hlutverk á sér enga stoð í núgildandi safnalögum, en rætt hefur verið um að ráða bót á því við endurskoðun laganna sem áætluð er. Þá fengju tiltekin söfn sérstaka stöðu héraðssafna eða aðalsafna, eða eitthvert annað heiti sem félli vel að skyldum og starfsemi þessara safna. Við endurskoðun á stofnskrá Minjasafnsins á Akureyri var hnykkt á þessu hlutverki með eftirfarandi setningum í 3. grein: „*Vegna sögu sinnar og sérstöðu er*

hlutverk og umfang Minjasafnsins mun viðtækara en annarra safna á svæðinu og það er því sannkallað héraðssafn. Þess vegna eru menningarlegar skyldur safnsins afar miklar, m.a. við ráðgjöf, stefnumótun og forystu í safnamálum í héraðinu“. Undir þetta sjónarmið er tekið.

Ókostir núverandi skipanar eru vissulega til staðar en þeir snúa að rekstrarlegum þáttum en ekki faglegum. Þar togast á sjónarmið um sjálfstæði stjórnar Minjasafnsins sem sjálfseignarstofnunar og þeirra sem á endanum bera ábyrgð á fjárhag safnsins, þ.e. þeim sveitarstjórnnum sem standa að baki starfseminni og greiða mestan hluta rekstrarkostnaðar. Fjárhagsáætlun er á hverju hausti afgreidd af stjórn Minjasafnsins en kemur síðan til afgreiðslu á fundi héraðsnefndar. Laun eru greidd frá Akureyrarbæ en bókhaldsþjónusta er keypt af Deloitte, sem einnig sér um endurskoðun ársreikninga. Þetta fyrirkomulag er að ýmsu leyti erfitt fyrir stjórn safnsins og safnstjóra og mælt er með því að þessu verði breytt. Annað af tvennu sýnist nærtækast í þeim efnum. Efla þessa starfsemi innan Minjasafnsins og hafa þar með góða yfirsýn og daglegar upplýsingar um alla rekstrarþætti gegnum bókhaldið eða færa fjárhagslegu umsýsluna alveg til Akureyrarbæjar.

Fyrirnefndi kosturinn undirstrikar vel hið þýðingarmikla hlutverk Minjasafnsins í safnamálum í héraðinu. Því hafa verið falin aukin verkefni, nú síðast að annast rekstur Iðnaðarsafnsins á Akureyri og þannig hefur verið sýnt í verki að Minjasafnið nýtur trausts, bæði á faglega sviðinu og því sem snýr að rekstri safna. Jákvæð samlegðaráhrif eru til staðar og hugsanlega mætti nýta þau á fleiri sviðum.

Ef síðarnefndi kosturinn yrði valinn, mundi safnstjóri vinna grunn að fjárhagsáætlun með viðkomandi starfsmönnum Akureyrarbæjar, rétt eins og gert er með undirstofnanir bæjarins, (Amtsbókasafnið, Héraðsskjalasafnið o.fl.), og síðan færi áætlunin til afgreiðslu hjá stjórn safnsins með hliðstæðum hætti og menningarmálanefnd (stjórn Akureyrarstofu) bæjarins fjallar um þau söfn sem undir hana heyra. Endanleg afgreiðsla yrði síðan hjá bæjarstjórn Akureyrar í stað þess sem nú er hjá Héraðsnefnd Eyjafjarðar. Fjárhagsleg aðkoma annarra sveitarfélaga yrði samkvæmt þjónustusamningi við Akureyrarbæ, en öll viðkomandi sveitarfélög ættu fulltrúa í stjórn Minjasafnsins samkvæmt samkomulagi sín á milli. Þessa tilhögun við áætlanagerð mætti einnig viðhafa þó fyrri leiðin yrði farin, þ.e. að efla daglega rekstrarumsýslu innan safnsins.

Lagt er til sem fyrsti kostur að Minjasafnið á Akureyri taki alveg yfir eigin rekstrarþætti og annist sjálft alla áætlunargerð, bókhald og fjárhagslega umsýslu, eða útvisti hluta þessara verkefna með þjónustusamningum. Jafnframt verði faglegt forystuhlutverk safnsins aukið enn frekar.

Annar kostur er að Minjasafnið á Akureyri semji við Akureyrarbæ um alla fjárhagslega umsýslu og gerður verði þjónustusamningur við þau sveitarfélög sem málið varðar. Jafnframt verði faglegt forystuhlutverk safnsins aukið enn frekar.

Náttúruverndarnefnd

Nefndin er skipuð skv. 11. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þannig að viðfangsefnið er lögbundið og ekki verður undan því vikist. Starfinu má samt koma fyrir með ýmsum hætti og það á einnig við um fjárhagslega umsýslu. Að sumu leyti er þessi málaflokkur hliðstæður því sem fram hefur komið um gróðurverndarnefnd. Annars vegar eru dreifbýlissveitarfélögin og hins vegar kaupstaðirnir og aðstæður og þarfir eru mismunandi. Umhverfisnefndir, umhverfisráð eða náttúruverndarnefndir eru starfandi í stærri sveitarfélögunum og sinna meðal annars þeim skyldum sem á sveitarfélög eru lagðar með lögum um náttúruvernd. Starfsemi þeirrar náttúruverndarnefndar sem starfar á vegum héraðsnefndar hefur því nær eingöngu verið tengd dreifbýlinu þrátt fyrir að umhverfismál eðli málsins vegna séu yfirleitt ekki bundin við smáar stjórnsýslueiningar.

Þrennt virðist einkum koma til greina í þessum málaflokki. Að halda óbreyttu fyrirkomulagi, vista sameiginlega nefnd tiltekinna sveitarfélaga hjá einu þeirra eða að hver og ein sveitarstjórn sinni framangreindri lagaskyldu á eigin vegum.

Óbreytt tilhögun hefur þann ókost að starfsemin snertir ekki nema sum sveitarfélögin í Héraðsnefnd Eyjafjarðar þar sem kaupstaðirnir afgreiða þennan málaflokk á sínum eigin vegum. Þessi leið er því afskrifuð hér og eftir stendur þá tvennt.

Vistun á starfsemi náttúruverndarnefndar hjá einhverju af þeim sveitarfélögum sem hlut eiga að máli sýnist engum vandkvæðum háð og jafnframt ætti nefndin þá aðeins að vera á vegum dreifbýlissveitarfélaganna.

Lagt er til að starfssvæði náttúruverndarnefndar verði breytt og taki aðeins til sveitarfélaga í Eyjafirði annarra en Akureyrarbæjar, Dalvíkurbyggðar og Fjallabyggðar. Starfsemin verði vistuð hjá einu þeirra sveitarfélaga sem aðild

eiga að nefndinni. Til þess að einfalda samstarfið og þar sem starfssvæðin falla saman má vel hugsa sér að sameina náttúruverndarnefnd og gróðurverndarnefnd.

Annar kostur er að hvert og eitt sveitarfélag fyrir sig annist þennan málaflokk samkvæmt lagaskyldu.

Svæðisskipulag Eyjafjarðar

Þátttakendur eru öll sveitarfélögin í Eyjafirði ásamt Siglufirði og Þingeyjarsveit. Núgildandi svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018 var staðfest af umhverfisráðherra 14. október 2002.

Í 12. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er ákvæði um að sveitarfélögum sé skylt að taka afstöðu til endurskoðunar svæðisskipulags að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum og flest sveitarfélögin sem aðild eiga að svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018 hafa þegar gert það og komist að þeirri niðurstöðu að endurskoða skuli núgildandi skipulag. Þau sveitarfélög sem eiga aðild að skipulaginu hafa skipað fulltrúa í samvinnunefnd sem nú er að störfum. Þessi starfsemi er undir hatti héraðsnefndar og verður þar uns endurskoðun skipulagsins lýkur, sem áætlað er að verði vorið 2008. Skipulagsmálin eru því í ákveðnum farvegi og koma væntanlega ekki til kasta sveitarstjórna aftur fyrr en eftir næstu sveitarstjórnarkosningar sumarið 2010. Ógerlegt er að segja nokkuð til um hvernig samstarfsmálum sveitarfélaga verður háttað á þeim tíma og þess vegna eru ekki gerðar neinar tillögur um svæðisskipulagið. Mikilvægt er að vel takist til um endurskoðun þess og að henni ljúki sem fyrst til að leikreglur á þessu stigi skipulagsmála í Eyjafirði liggi ljósar fyrir.

7.2. Byggðasamlög í Eyjafirði

Hér á eftir er fjallað um samstarf sem rekið er innan byggðarsamlaga í Eyjafirði. Byggðasamlögin hafa gjarnan verið stofnuð um stærri samstarfsverkefni og þar sem öll eða langflest sveitarfélögin í firðinum taka þátt í rekstri. Hvað tillögur um framtíðarrekstrarform þeirra varðar er ákveðinn sveigjanleiki til staðar og ljóst að slík fyrirtæki víða um land eru rekin undir margvíslegu félagsformi.

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs.

Samþykktir eru byggðar á stofnsamningi Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar bs. (AFE) frá 15. október 1998 og fram komnum breytingum á síðari aðalfundum samlagsins. Starfsemi AFE er ekki lögbundin og þar af leiðandi er sú spurning í fullu gildi, hvort

þörf sé fyrir hana. Það hlýtur að þurfa að skoða samhliða öðru samstarfi sveitarfélaga í Eyjafirði og hvort ná megi fram betri nýtingu fjármuna með annarri tilhögun, enda eru framlög hlutaðeigandi sveitarfélaga veruleg, um 14,6 mkr árið 2005 og framlög Byggðastofnunar 10,2 mkr⁵.

Miklar breytingar hafa orðið á síðustu árum t.d. varðandi stuðning við frumkvöðla og einstaklinga sem óska eftir aðstoð vegna eigin rekstrar. Í því samhengi má nefna Impru nýsköpunarmiðstöð sem er deild innan Iðntæknistofnunar og hefur skrifstofur í Reykjavík og á Akureyri og er miðstöð upplýsinga og leiðsagnar fyrir frumkvöðla og lítil fyrirtæki. Ekki er því þörf á að sveitarfélög í Eyjafirði (eða annarsstaðar á landinu) kosti slíka starfsemi enda tekur leiðsögn og þjónusta Impru til hvaða atvinnugreinar sem er, hvort heldur á sviði iðnaðar, sjávarútvegs, þjónustu eða annarra greina íslensks atvinnulífs eins og fram kemur á heimasíðu Impru, en þar segir m.a.:

Hjá Impru er á einum stað hægt að leita aðstoðar um allt sem við kemur viðskiptahugmyndum og almennum rekstri fyrirtækja. Hægt er að leita til sérfræðinga á ýmsum sviðum um leiðsögn og upplýsingar varðandi mismunandi þætti hugmynda og reksturs. Jafnframt eru gefin út leiðbeiningarit og fylgst náið með því sem er að gerast hérlandis og erlendis fyrir frumkvöðla og fyrirtæki.

Sótt á vefinn 11.12. 2006. www.impra.is/um-impru/

Ferðamál voru á starfssviði AFE þar til fyrir fáeinum árum að þeim málaflökki var vísað í annan farveg. Upplýsingamiðstöð ferðamála er vistuð hjá Héraðsnefnd Eyjafjarðar og Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi ehf var stofnuð til að halda utan um sameiginlega markaðssetningu Norðurlands alls. Stóriðja við Eyjafjörð var fyrirferðamikil hjá AFE, en nú á það ekki við, a.m.k. ekki í sama mæli og áður þar sem ljóst er að verði farið í byggingu álvers á Norðurlandi verður það staðsett við Húsavík. Um þessar mundir virðist sem ýmis umsýsla í tengslum við Vaxtarsamning Eyjafjarðar sé þungamiðja í starfsemi félagsins. Það liggur fyrir að umfang starfseminnar hefur minnkað frá því sem var fyrir nokkrum árum og sú spurning hlýtur að vera uppi hvort þörf sé fyrir rekstur AFE með núverandi hætti eða hvort hagkvæmara sé að vista þau verkefni sem unnið er að á öðrum vettvangi. Þar hlýtur m.a. að þurfa að líta til Akureyrarstofu sem er ætlað að sinna ýmsum atvinnu- og markaðsmálum, enda getur tæplega verið hagkvæmt fyrir Akureyrarbæ að greiða jafn

⁵ Framlagi er veitt til einstakra atvinnuþróunarfélaga sem jafnan eru eitt í hverjum landshluta skv. gömlu kjördæmaskiptingunni. Á Norðurlandi eystra skiptist framlagið á milli AFE (10,2 mkr.) og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga sem fékk 12,7 mkr. 2005. Samtals styrkti Byggðastofnun atvinnuþróunarfélög in landinu um 126,2 mkr. árið 2005 og 133,4 árið 2006.

mikinn hluta rekstrarkostnaðar í AFE og reyndin er og kosta á sama tíma Akureyrarstofu sem fæst við hliðstæð verkefni.

Lagt er til sem fyrsti kostur að stofnaður verði nýr samstarfsvettvangur, *SamEy*⁶ og núverandi starfsemi AFE verði vistuð hjá honum, ásamt öðrum sameiginlegum verkefnum sveitarfélaga við Eyjafjörð sem ekki yrðu rekin sem sjálfstæð fyrirtæki eða samkvæmt þjónustusamningum. Núverandi byggðasamlag (AFE) yrði þá lagt niður, sbr. nánari umfjöllun í samantekt í lok 7. kafla.

Annar kostur er að verkefni AFE verði vistuð hjá Akureyrarstofu, með samningum um hlutdeild annarra sveitarfélaga sem kjósa að vera aðili að starfseminni.

Þriðji kostur er að hvert og eitt sveitarfélag fyrir sig annist atvinnu- og markaðsmál á eigin forsendum.

Hafnasamlag Eyjafjarðar bs.

Hafnasamlag Eyjafjarðar var stofnað 8. júní 1993 og stofnaðilar voru þáverandi Ársskógsstrandarhreppur, Dalvíkurbær og Ólafsfjarðarbær eins og fram kom í 4. kafla. Frá stofnun samlagsins hafa orðið miklar breytingar á skipan sveitarfélaga í Eyjafirði og þær sem snerta samlagið hvað mest eru sameining Hríseyjarhrepps við Akureyrarbæ og sameining Ólafsfirðinga og Siglfirðinga í Fjallabyggð. Þetta hefur valdið því að allflókin staða hefur skapast á starfssvæðinu og nú eru málefni Hafnasamlags Eyjafjarðar til skoðunar. Augljóst virðist að Siglufjarðarhöfn og Ólafsfjarðarhöfn verði undir sameiginlegri stjórn. Spurning er þá hvort það gerist með þeim hætti að starfssvæði Hafnasamlags Eyjafjarðar nái yfir Fjallabyggð alla, eða hvort samlagið verði lagt niður og hvort sveitarfélaganna fyrir sig við utanverðan Eyjafjörð reki eigin hafnir. Þriðji kosturinn er fyrir hendi, a.m.k. tæknilega séð, en það er að stofna til eins hafnasamlags við Eyjafjörð, alveg frá Grenivík, innum og út til Siglufjarðar. Það fyrirkomulag hefði áreiðanlega ýmsa rekstrarlega kosti og stjórnun ætti einnig að geta gengið vel, sbr. það sem gert er með Faxaflóahafnir. Það kemur enn fremur best til móts við markmið um að einfalda samstarf sveitarfélaga á svæðinu.

⁶ Þessi hugmynd að nafni hefur reyndar verið vinnuheiti þessa verkefnis hjá RHA og vísar annars vegar til forskeytisins „sam-“ sem mikið er notað í þessari úttekt og hinsvegar Eyjafjarðar.

Lagt er til sem fyrsti kostur að sameina hafnasamlögin við Eyjafjörð í eitt fyrirtæki (Hafnasamlag Eyjafjarðar) og leggja núverandi byggðasamlög niður.

Annar kostur er að Hafnasamlag Eyjafjarðar nái til hafnanna í Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð.

Priðji kostur er að hvert og eitt sveitarfélag reki sínar hafnir á eigin forsendum.

Hafnasamlag Norðurlands bs.

Hafnasamlag Norðurlands bs. var stofnað í ársbyrjun 1997 og hefur í öllum helstu atriðum verið rekið með sama hætti síðan þá. Það hefur að flestu leyti gefist vel. Ekkert knýr því á um breytingar þótt forsvarsmenn samlagsins hafi velt fyrir sér að annað rekstrarform gæti verið betra og vísa þar til Faxaflóahafna sf. Engu að síður gæti verið skynsamlegt að sameina allar hafnir við Eyjafjörð í einu fyrirtæki, sbr. það sem sagt er um Hafnasamlag Eyjafjarðar bs. hér að framan. Félagsformið þyrfti að skoða m.a. með tilliti til skattlagningar, sveigjanleika við ákvörðun gjaldskrár og þess jafnvægis sem mikilvægt er að ná í stjórn fyrirtækisins milli þeirra sveitarfélaga sem að því standa. Ekki eru hér gerð ákveðin tillaga um þetta form, enda er litið svo á að það sé frekar verkefni stjórnar, framkvæmdastjóra og endurskoðanda að leggja fram tillögur þar um, að teknu tilliti til þess hvað best hefur reynst í sambærilegum rekstri.

Lagt er til sem fyrsti kostur að sameina hafnasamlögin við Eyjafjörð í eitt fyrirtæki (Hafnasamlag Eyjafjarðar) og leggja núverandi byggðasamlög niður.

Annar kostur er að reka Hafnasamlag Norðurlands bs. með óbreyttum hætti, hugsanlega þó sem hlutafélag eða sameignarfélag fremur en byggðasamlag ef það þykir hagkvæmara.

Sorpeyðing Eyjafjarðar bs.

Samningur um Sorpeyðingu Eyjafjarðar bs. (Sorpey) var fyrst gerður árið 1993, en samkvæmt þágildandi ákvæðum hans bar að endurskoða hann að fimm árum liðnum. Sú endurskoðun fór fram árið 1998, en síðan hafa verið gerðar breytingar, m.a. vegna fækkunar sveitarfélaga í Eyjafirði eftir sameiningar þeirra. Þátttakendur núna eru öll sveitarfélög í Eyjafirði nema Grímsey.

Rekstur samlagsins er vistaður hjá Akureyrarbæ og oft hefur komið fram að öðrum sveitarfélögum finnst hann ekki nægilega sérgreindur frá rekstri bæjarins og samlagið ekki nógu sjálfstætt sem fyrirtæki. Einn starfsmaður er starfandi hjá samlaginu og var lengi það fyrirkomulag að deildarstjóri framkvæmdadeildar bæjarins sinnti jafnframt

framkvæmdastjórn þess. Árið 2005 var þessi starfsmaður ráðinn í fullt starf til ársloka 2006. Heildarrekstrarkostnaður samlagsins árið 2005 var 82,9 mkr og var rekstrarhalli um 3,7 mkr.

Núverandi urðunarstaður á Glerárdal hefur starfsleyfi með undanþágu til ársins 2009 og ljóst er að hann er ekki til frambúðar, enda hefur bæjarstjórn Akureyrar markað þá stefnu að finna verði heppilegri stað. Ýmsar athuganir hafa verið gerðar á vegum Sorpeyðingar Eyjafjarðar vegna þess og bent hefur verið á fáeina staði sem eru taldir ágætir frá tæknilegu sjónarmiði. Þessir staðir eru í Arnarneshreppi, Dalvíkurbyggð og Hörgárbyggð. Sveitarstjórnir þessara sveitarfélaga hafa ekki viljað heimila slíka starfsemi á þessum stöðum og þess vegna hafa urðunarmálin verið í sjálfheldu. Þetta hefur valdið óánægju, einkum á Akureyri, en þar finnst mörgum þau sveitarfélög sem hafa góðar aðstæður til að leysa urðunarvandann sýna óbilgirni og lítinn samstarfsvilja. Þetta leiddi m.a. til ákvörðunar bæjarstjórnar Akureyrar um útsögn úr samlaginu eins og fram hefur komið í 4. kafla.

Haustið 2005 kom til tals í forystuhópi matvælaklasa vaxtarsamnings Eyjafjarðar að vandræðagangur og neikvæð umræða í sorpmálum Eyfirðinga væri slæm fyrir matvælaiðnaðinn og ímynd hans, og raunar svæðisins alls. Brátt þróuðust hugmyndir um jarðgerðarstöð sem mundi nýta nær allan lífrænan úrgang til jarðgerðar og að það gæti hjálpað til við að færa umræðuna um sorpmálin á „vitrænni“ brautir. Sú hefur orðið raunin og þótt enn sé óvissa um urðunarstað í Eyjafirði til lengri framtíðar litið má vonast til þess að væntanleg stofnun fyrirtækis um jarðgerðarstöð og jákvæðar undirtektir fyrirtækja og sveitarfélaga við fram komnar hugmyndir í þeim efnum leiði til þess að betri sátt verði um þennan mikilvæga málaflokk en verið hefur um skeið.

Meðferð úrgangs er vaxandi atvinnugrein og mikilsvert er að litið sé á slíka starfsemi jákvæðum augum þar sem mikið er í húfi að vel takist til. Grundvöllur þess að svo verði er að þeir sem láta frá sér úrgang greiði kostnaðinn við að koma honum fyrir. Það getur verið með endurvinnslu, enda æskilegt að hún sé eins mikil og verða má, brennslu eða urðun, svo dæmi séu tekin. Fyrirtæki á almennum markaði sinna hluta af þessari starfsemi í dag en annað er á vegum sveitarfélaga og verður svo trúlega til framtíðar. Finna þarf besta rekstrarformið bæði til að tryggja hámarks hagkvæmni og bestu mögulega sátt um fyrirtækið.

Nokkrar leiðir koma til greina. Hægt er að halda rekstrinum óbreyttum eða lítið breyttum, þ.e. sem byggðasamlagi með reksturinn vistaðan hjá Akureyrarbæ og samþykka fjárhagsáætlun á fundi héraðsnefndar. Galli við það er m.a. sá að Sorpey fær ekki æskilega ímynd sjálfstæðs fyrirtækis, sem hefur mikilvægu hlutverki að gegna. Samþykki áætlunar hjá héraðsnefnd gerir stjórn fyrirtækisins aukinheldur ekki eins skilvirka og afgerandi og æskilegt væri. Ef halda ætti málum í hliðstæðum farvegi og nú er væri sennilega betra að Akureyrarbær færi alfarið með málefni Sorpeyjar og seldi öðrum þjónustu. Það mundi auka skilvirkni.

Annar kostur væri að gera starfsemina sýnilegri og sjálfstæðari, e.t.v. með því að breyta félagsformi Sorpeyjar í hlutafélag eða sameignarfélag. Í samræmi við þetta meginmarkmið mundi félagið halda sinn eigin aðalfund og halda sjálft utan um allan fjárhag og rekstur.

Í ljósi reynslunnar er ekki hægt að mæla með óbreyttu fyrirkomulagi. Miðað við þá umræðu sem átt hefur sér stað um Sorpey og tengda starfsemi má vona að sátt gæti orðið um fyrirtækið ef það fengi aukið sjálfræði, en það tengist einnig því sem sagt hefur verið um jarðgerðarstöð. Hún verður væntanlega rekin sem hlutafélag og skynsamlegt virðist að skoða hvort hægt væri að tengja þá starfsemi öðrum þáttum í meðferð á úrgangi, t.d. hvað varðar staðsetningu á starfsemi og nýta þannig jákvæð samlegðaráhrif. Forsenda þess að einkaaðilar geti komið að rekstrinum er að breyta rekstrarforminu í t.d. hlutafélag eða sameignarfélag.

Lagt er til að starfsemi Sorpeyðingar Eyjafjarðar verði gerð sjálfstæðari en nú er með skýrari aðgreiningu frá rekstri Akureyrarbæjar. Jafnframt verði skoðað hvort heppilegra væri að hafa reksturinn í formi hlutafélags eða sameignarfélags, m.a. vegna hugsanlegrar samvinnu við væntanlega jarðgerðarstöð og aðkomu einkaaðila að rekstrinum.

7.3. Verkefni innan Norðurlands eystra

Í eftirfarandi köflum er greint frá því samstarfi sem viðkomandi sveitarfélög hafa kosið að hafa með sér innan Norðurlands eystra.

Eyþing

Núgildandi lög Eyþings eru frá 31. ágúst 2002 og hlutverk samtakanna er m.a. að efla samvinnu sveitarfélaga á starfssvæðinu, þ.e. í Eyjafirði og Þingeyjarsýslu og gæta hagsmuna þeirra. Þó samstarfið nái yfir stærra svæði en Eyjafjörð er mikilvægt að

fjalla um það í þessari skýrslu þar sem samtökin skipta miklu fyrir sveitarfélögin í Eyjafirði. Framkvæmdastjóri í einu stöðugildi er starfandi hjá samtökunum. Skv. ársreikningi 2005 voru heildarútgjöld samtakanna tæpar 11 mkr. og tekjur tæpar 14 mkr..

Grundvallarspurningin í þessu samhengi er hvort núverandi tilhögun þjóni hagsmunum sveitarfélaga í Eyjafirði eins vel og kostur er, eða hvort meira fengist fyrir það fé sem er til ráðstöfunar með annarri stjórnskipan.

Kostir núverandi fyrirkomulags eru m.a. þeir að ýmsir sameiginlegir hagsmunir Eyfirðinga og Þingeyinga eiga sér öflugan málsvara í Eyþingi. Kjördæmamörk komu þarna við sögu og starfssvæðið hentaði að ýmsu leyti betur meðan Norðurlandskjördæmi eystra var til, enda voru landshlutasamtökin í stórum dráttum sniðin að þeirri kjördæmaskipan sem var við lýði fyrir síðustu breytingu þegar kjördæmum var fækkað og Norðausturkjördæmi varð til meðal annarra. Fram hafa komið raddir, t.d. frá Austurlandi sem vilja sjá víðtækara samstarf innan hins nýja Norðausturkjördæmis en samkvæmt munnlegum heimildum eru þessar raddir ekki lengur eins áberandi og var í aðdraganda þeirra stórfamkvæmda sem staðið hafa fyrir austan.

Fram hafa komið skiptar skoðanir um þau verkefni sem hafa verið á borði Eyþings og einnig hvort halda eigi samstarfi sveitarfélaga óbreyttu á starfssvæði þess eða einskorða samstarf sveitarfélaga í Eyjafirði við fjörðinn. Engu að síður væri auðvelt að halda góðum samskiptum við Þingeyinga, t.d. með árlegum samráðsfundi þar sem farið væri yfir sameiginleg hagsmunamál, en þess utan mundi hvort héraðið fyrir sig sinna sínum málum á eigin forsendum.

Ekkert er sjálfsagt í þessum málum, en færa má gild rök fyrir því að hentugra og skilvirkara væri fyrir sveitarfélög í Eyjafirði að hafa ein samtök (SamEy) fyrir sín sameiginlegu verkefni og fást á þeim vettvangi við öll verkefni sem ekki er fyrir komið í sjálfstæðum einingum eða eru vistuð hjá einstökum sveitarfélögum á svæðinu, eins og tillögur eru um fyrir í þessari skýrslu. Rökin fyrir SamEy (sjá nánar á mynd 8 og umfjöllun þar) eru meðal annars þau að með slíku fyrirkomulagi yrði til öflug skrifstofa þar sem þekking starfsmanna mundi nýtast betur en við núverandi tilhögun, þar sem hver er í sínu horni. Þarna færu saman fjárhagsleg hagkvæmni og fagleg breidd og í leiðinni heyrðu einmenningskrifstofur sögunni til, en þær eru óheppilegar fyrir margra hluta sakir.

Lagt er til sem fyrsti kostur að stofnaður verði samráðsvettvangurinn *SamEy* og gerðir samningar milli hans og Eyþings um þá starfsemi sem nú er á vegum samtakanna. Jafnframt yrði gerður samsvarandi samningur milli Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og Eyþings um hluta starfseminnar. Með þessum hætti yrði verkefnum Eyþings skipt eftir því hvaða svæði þau snerta, skrifstofum yrði fækkað og starfseiningarnar yrðu sterkari heildir. Eftir sem áður yrðu samtökin Eyþing til og með sína kennitölu og stjórn samtakanna myndi efna til árlegs aðalfundar, líkt og nú er gert með aðalfundi Eyþings. Þeim samþykktum sem gerðar yrðu í nafni Eyþings mætti fylgja eftir, samkvæmt því sem hentugast þætti hverju sinni frá skrifstofu SamEy eða skrifstofu Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga.

Annar kostur er að halda Eyþingi óbreyttu en færa verkefni sem snerta Eyjafjörð sérstaklega til SamEy. Jafnframt mætti þó endurskoða verksvið og umfang starfsemi Eyþings (starfshlutfall o.fl.) með hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa og fyrirsjáanlegar eru í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum á samstarfi sveitarfélaga.

Greið leið ehf

Greið leið ehf er félag til undirbúnings jarðganga undir Vaðlaheiði, stofnað 28. febrúar 2003. Aðilar eru öll sveitarfélög í Eyþingi ásamt 10 fyrirtækjum. Aðsetur félagsins er núna hjá Eyþingi. Þetta er dæmi um tímabundið verkefni þar sem sameiginlegur vettvangur sveitarfélaga er nýttur til að fylgja því eftir. Þessa starfsemi er hægt að vista með ýmsum hætti vegna þeirrar undirbúningsvinnu sem nú stendur yfir vegna fyrirhugaðra jarðganga undir Vaðlaheiði, en brátt hlýtur að koma að því að hlutafélagið verði rekið eins og hvert annað fyrirtæki og hafi sem slíkt fullt sjálfstæði, óháð samtökum sveitarfélaga. Ekki eru því sjáanleg nein vandkvæði fyrir Greiða leið ehf og verkefni félagsins þó breytingar verði á samstarfsformi sveitarfélaga.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra

Í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 eru eftirfarandi ákvæði um að ekkert sveitarfélag skuli vera án heilbrigðiseftirlits og greiða sveitarfélögin kostnað við eftirlitið að svo miklu leyti sem lög mæla ekki fyrir á annan veg. Jafnframt að landið skiptist í eftirlitssvæði og að heilbrigðisnefnd skuli kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Samkvæmt samstarfssamningi um skipan heilbrigðisnefndar og rekstur heilbrigðiseftirlits frá 31. ágúst 2002 er starfssvæði heilbrigðiseftirlits

Norðurlands eystra Eyjafjörður og Þingeyjarsýslur og reksturinn er vistaður hjá Akureyrarbæ. Heilbrigðisnefnd er hins vegar kjörin á aðalfundi Eyþings og ársskýrslur nefndarinnar eru fluttar á aðalfundum samtakanna. Þar eru fjárhagsáætlanir fyrir starfsemina afgreiddar og einnig ársreikningar.

Ef vilji sveitarstjórnarmanna stendur til þess að starfssvæði heilbrigðiseftirlitsins verði óbreytt má halda núverandi fyrirkomulagi og kjósa heilbrigðisnefnd og fjalla um fjárhagsáætlun og ársskýrslu á aðalfundi Eyþings líkt og verið hefur.

Kennslugagnasafn

Öll sveitarfélög í Eyþingi eiga aðild að þjónustusamningi við Háskólann á Akureyri um bókasafnsþjónustu fyrir grunn- og leikskólakennara samkvæmt þjónustusamningi frá 4. febrúar 2000, en gildistími hans er frá 1. ágúst 1999. Í 1. grein samningsins er fjallað um markmið hans og í 3. og 4. grein um greiðslur vegna hans. Þar segir:

Markmiðið með samningi þessum er að tryggja að starfandi grunn- og leikskólakennarar á starfssvæði Eyþings hafi aðgang að kennslugagna- og sérfræðibókasafni ásamt allri annarri þjónustu, þ.m.t. sérfræðiþjónustu, Bókasafns háskólans á Akureyri

Sem þóknun fyrir þjónustu bókasafnsins skuldbinda aðildarsveitarfélög Eyþings sig til að greiða Háskólanum á Akureyri árlega kr. 1.000.000-. Upphæðin tekur árlega breytingum skv. launavísitölu janúarmánaðar, í fyrsta sinn árið 2001, miðað við breytingar á launavísitölu frá janúar árið 2000.

Sveitarfélögin greiða framlagið í hlutfalli við fjölda íbúa 1. desember næstliðins árs. Háskólinn innheimtir framlagið beint af aðildarsveitarfélögunum einu sinni á ári með gjalddaga 1. júlí.

Samningurinn er uppsegjanlegur með árs fyrirvara og einnig er hægt að óska eftir endurskoðun á upphæð þóknunar með hliðsjón af þeirri þjónustu sem er veitt.

Þar sem fjárhagsleg samskipti vegna kennslugagnasafnsins eru beint á milli einstakra sveitarfélaga og HA er umræddur þjónustusamningur ekki í neinu uppnámi þó breytingar verði á formi samstarfs viðkomandi sveitarfélaga.

7.4. Samstarfsverkefni sem ná út fyrir Norðurland eystra

Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi ehf.

Starfssvæðið nær yfir Norðurland vestra og Norðurland eystra samkvæmt stofnsamningi frá 1. maí 2003. Upphaflegur samningur um starfsemina rann út um áramót (2006/2007) og ákváðu öll sveitarfélög nema Norðurþing að halda áfram þátttöku og samningurinn endurnýjaður lítið breyttur að öðru leyti. Hvatinn að stofnun markaðsskrifstofunnar var sú þörf sem aðilar í ferðaþjónustu töldu vera fyrir markaðssetningu á því sem Norðurland í heild hefur upp á að bjóða. Sameiginlegir hagsmunir eru vissulega fyrir hendi sem geta réttlætt rekstur skrifstofu sem sinnir

Norðurlandi öllu. Hins vegar eru einnig fyrir hendi þrengri hagsmunir, þ.e. einstök héruð eða jafnvel einstök byggðarlög og staðir þurfa að sinna eigin markaðssetningu og sölumennsku á sviði ferðamála. Fyrir hvert og eitt sveitarfélag er því jafnan spurning hvernig takmörkuðum fjármunum verði sem best varið.

Óumdeilt er að tilteknir hagsmunir eru sameiginlegir fyrir allt Norðurland, en hitt er einnig viðurkennt að einstök sveitarfélög þurfi að sinna ferðamálum á eigin forsendum og þá stundum í beinni eða óbeinni samkeppni við aðra á svæðinu. Þannig verður til nokkuð flókið fjandvinasamband samvinnu/samkeppnisaðila þar sem mjög getur reynt á þröngan veg meðalhófsins⁷.

Ekki eru gerðar beinar tillögur um Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi ehf, enda er starfsemin ekki beint á ábyrgð sveitarfélaga. Því er varla við hæfi að leggja til ákveðnar tillögur, en benda má á að samtökin hafa einungis starfað í liðlega þrjú ár og það er ekki langur tími hvað markaðssetningu snertir. Oft er því haldið fram að Íslendingar séu ekki nægilega þolinmóðir þegar kemur að langtímamarkmiðum um ýmsa starfsemi og það á trúlega ekki síður við um ferðaþjónustu en margt annað. Þess vegna er hvatt til þess að starfsemi markaðsskrifstofunnar verði skoðuð vandlega og að hvað sem verður gert í framhaldinu þá byggi það á vönduðu mati á tilkostnaði og ávinningi.

7.5. Samantekt um samstarfsverkefni

Eins og rakið hefur verið hér að framan má færa fyrir því rök að margt í samstarfi sveitarfélaga í Eyjafirði mætti skipuleggja með hagkvæmari og skilvirkari hætti en nú er gert. Núverandi staða á sér að verulegu leyti skýringar í arfi fortíðarinnar og því ekki að undra þó ýmsu þurfi að breyta samkvæmt þörfum nútímans. Allt er þetta gert á jákvæðum nótum því að þó ýmislegt megi betur fara þá er reynslan af núverandi samstarfi í flestum tilvikum frekar eða mjög góð samkvæmt niðurstöðu könnunar meðal sveitarstjórnarmanna. Þannig telur mikill meirihluti svarenda reynsluna frekar eða mjög góða af Eyþingi, Félags- og skólaþjónustu Akureyrar, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Héraðsnefnd Eyjafjarðar og Tónlistarskóla Eyjafjarðar. Á svipuðu róli er afstaða svarenda til starfsemi á byggingarfulltrúa Eyjafjarðarsvæðis,

⁷ Þetta er sígilt vandamál en reynt hefur verið að hagnýta þetta til eflingar atvinnulífs í gegnum klasasamstarf þ.e. co-opetition sem þýtt hefur verið samstarfskeppni eða samvinnusamkeppni.


Minjasafnsins á Akureyri og Slökkviliðs Akureyrar, svo dæmi séu tekin, sjá nánar Mynd 8.

Annað er hins vegar uppi á teningnum með Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar, Markaðsskrifstofu Norðurlands og Sorpeyðingu Eyjafjarðar þar sem einungis um þriðjungur telja reynsluna af samstarfinu frekar eða mjög góða. Síðastnefnda fyrirtækið hefur sérstöðu þar sem liðlega helmingur þeirra sem svara telja frekar eða mjög slæma reynslu af samstarfinu, en það á vafalítið rætur að rekja til þess hve illa hefur gengið að ná samstöðu um nýjan urðunarstað og einnig hafa verið hnippingar um ýmsa þætti starfseminnar milli þeirra sem að samstarfinu standa sem m.a. leiddi til úrsagnar Akureyrarbæjar úr byggðasamlaginu.

Þegar spurt er um hversu þarft eða óþarft samstarf sveitarfélaga sé á tilteknum sviðum er í öllum tilvikum verulegur meirihluti fyrir því að samstarfið sé frekar eða mjög þarft. Þannig telja liðlega 90% svarenda frekar eða mjög þarft að eiga samstarf um sorpmálin, sem sýnir ljóslega að þrátt fyrir að snurður hafi verið á því undangengin misseri er mönnum ljóst að viðfangsefnið krefst samvinnu. Verkefnið er því augljóslega að koma samstarfinu um sorpmálin í farsælli farveg og hið sama gildir um ýmsa aðra málaflokka.

Á mynd 8 er sýnt hvernig samstarf sveitarfélaga í Eyjafirði gæti litið út. Ekki er lagt í að sýna hvernig það er núna, enda yrði sú mynd ansi flókin og lítt skiljanleg. Það er í raun ein sönnun þess að breytinga er þörf. Myndin sýnir með skýrum hætti þá þrískiptingu sem hér er um rætt í skipulagi á samvinnu sveitarfélaga. Í fyrsta lagi sjálfstæð samstarfsfyrirtæki, í öðru lagi verkefni sem rekin eru á grundvelli þjónustusamninga og í þriðja lagi þau samstarfsverkefni sem eftir standa innan vébanda hjá SamEy. Nafnið er ekki skammstöfun heldur sérnafn sem á að endurspeglar Eyjafjörðinn sem samfélagslega einingu þar sem hafa þarf samráð um ýmis verkefni. Þetta skírskotar til samvinnu, samstarfs, sameiginlegra hagsmunamála, sameiginlegrar menningar og sameiginlegra atvinnumála svo dæmi séu tekin um það sem er „sam“.

Á mynd 9 má síðan sjá hvernig skipurit fyrir SamEy og helstu verkefni þess gæti litið út. Mikilvægt er að undirstrika það að ekki er verið að leggja af núverandi starfsemi, þ.e. viðfangsefnin sem slík. Aðeins er verið að finna þeim hagkvæmari og skilvirkari farveg til að auka árangurinn og ávinninginn fyrir fólkið í Eyjafirði.



Mynd 8. Yfirlitsmynd af samstarfi sveitarfélaga í Eyjafirði skv. tillögum höfunda.

Þegar leitað er eftir afstöðu sveitarstjórnarmanna við nokkrum fullyrðingum kemur í ljós að nær allir telja mikilvægt að til sé samráðsvettvangur sveitarfélaga í Eyjafirði og samvinnu ætti að auka. Jafnframt er mikill meirihluti þeirrar skoðunar að til eigi að vera samráðsvettvangur sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Einnig kemur fram mikill vilji til þess að vista samstarfsverkefni hjá einstökum sveitarfélögum og selja þjónustu til annarra sveitarfélaga. Í framangreindu birtast ákveðnar meginlínur sem reynt er að samræma og taka tillit til í þeim tillögum um breytingar á samstarfi sveitarfélaga sem lagðar eru fram í þessari skýrslu.

Megin niðurstaðan er sú að leggja niður eða breyta í grundvallaratriðum núverandi tilhögun með það að markmiði að efla samstarf sveitarfélaga í Eyjafirði og gera það hagkvæmara og skilvirkara. Þetta verði gert með því að stofna *SamEy* og sameina með því undir skilvirkri stjórn á einni öflugri skrifstofu, öll samstarfsverkefni sveitarfélaga í Eyjafirði sem ekki eru rekin sem sjálfstæð fyrirtæki, eða vistuð hjá einstökum sveitarfélögum. Þar sem hluti verkefnanna er nú rekinn í

samtökum með Þingeyingum innan Eyþings þyrfti að semja um skiptingu þeirra og hugsanlega að viðhalda kennitölu Eyþings sem lögaðila vegna framlaga úr Jöfnunarsjóði. Það er þó aðeins útfærsluatriði eins og sjá má af því hve misjafnt fyrirkomulagið er í einstökum landshlutum.

Tafla 2. Tillögur um framtíðarfyrirkomulag einstakra samstarfsverkefna (fyrsti valkostur)

	Engar eða óverulegar breytingar	Vista hjá sveitarfélagi með aðild að þjónustu	Vista hjá Akureyrarbæ	Vista hjá ríkinu	Sjálfstætt fyrirtæki sveitarfélaga (t.d. bs. eða sf.)	Rekið sem hluti af SamEy
Almannavarnanefnd				■ ³⁾		
Almenningssamgöngur í Eyjafirði			■			
Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar						■
Byggingafulltrúi Eyjafjarðar			■			
Eyþing						■ ⁴⁾
Hafnasamlag Eyjafjarðar					■ ¹⁾	
Hafnasamlag Norðurlands					■ ¹⁾	
Héraðsnefnd Eyjafjarðar						■
Málefni fatlaðra hjá Akureyrarbæ	■ ²⁾					
Minjasafnið á Akureyri					■	
Náttúru- og gróðurverndarnefnd		■ ⁵⁾				
Slökkvilið Akureyrar					■	
Sorpeyðing Eyjafjarðar					■	
Svæðisskipulag Eyjafjarðar						■

Skýringar: Fagleg og fjárhagsleg umsýsla ■

1) Skoðuð verði hagkvæmni þess að sameina hafnasamlögin í eitt

2) Breyting hugsanleg vegna reksturs málefna fatlaðra hjá SSNV sem Fjallabyggð tekur þátt í

3) Vista hjá Sýslumannsembættinu á Akureyri

4) Fyrst og fremst sá hluti verkefna sem varða Eyjafjörð sérstaklega


5) Náttúru- og gróðurverndarnefndir sameinaðar

SamEy

Eins og fram hefur komið í köflunum hér að framan er lagt til að núverandi samstarf sveitarfélaga í Eyjafirði verði stokkað upp með það að markmiði að gera það hagkvæmara og skilvirkara. Í grundvallaratriðum er þó núverandi samstarfi fram haldið, enda er vilji til þess ótvíræður samkvæmt könnun meðal sveitarstjórnarmanna, en gerðar eru umtalverðar tillögur um breytingar á formi þess.

Breytingarnar eru í stórum dráttum þríþættar. Í fyrsta lagi er lagt til að ákveðin verkefni, einkum sem aðeins hluti sveitarfélaganna í Eyjafirði á aðild að verði vistuð hjá einhverju þeirra sem standa að viðkomandi samstarfi. Í öðru lagi er lagt til að tilteknir málaflokkar verði sérgreindir og reknir sem sjálfstæð fyrirtæki. Í þriðja lagi er lagt til að þau samstarfsverkefni sem eftir standa verði vistuð á einum stað, SamEy.

Á Mynd 9 er þetta sýnt á skipuriti sem gerð er nánari grein fyrir hér á eftir.



Mynd 9. Tillaga höfunda að skipuriti fyrir SamEy.

Verði stofnað til samstarfsvettvangs, SamEy, samkvæmt tillögum höfunda þessarar skýrslu, þá er ljóst að þetta verður nokkuð öflug starfseining. Hægt væri að ráða starfsmenn sem hefðu sérþekkingu hver á sínu sviði og sem gætu helgað sig að verulegu leyti ákveðnu verkswiði en nytu þó kostna heildarinnar, þekkingar annarra og samráðs við vinnufélaga. Þar sem hagsmunagæsla og skipulag á samráði um einstök verkefni yrðu meðal mikilvægustu þátta starfseminnar má gera ráð fyrir að sá þáttur yrði fyrst og fremst á hendi framkvæmdastjóra. Hann hefði einnig með daglegan rekstur að gera, þ.e. fjármál, bókhald og alla rekstrarþætti starfseminnar, eða hefði umsjón með útvistun á hluta þeirrar starfsemi. Verkefnastjórar (3-4) gætu unnið sem ein heild þegar það ætti við, en jafnframt sérhæft sig á ákveðnum sviðum og í afmörkuðum verkefnum. Með þessu fyrirkomulagi gæti verið aðgangur að fjölbættri þekkingu undir einni stjórn með þeirri hagkvæmni og skilvirkni sem krafa er um.

HEIMILDIR

Hjalti Jóhannesson og Trausti Þorsteinsson (2005). *Félags- og skólaþjónusta við utanverðan Eyjafjörð „Útey“ – Úttekt á stjórnskipulagi*. Akureyri: Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

Hjalti Jóhannesson, Valtýr Sigurbjarnarson og Ögmundur Knútsson (2006). *Sameining Ólafsfjarðarbæjar og Siglufjarðarkaupstaðar - Tillögur að skipulagi stjórnkerfis og þjónustu ásamt mati á hagkvæmni*. Akureyri: Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

Hjalti Jóhannesson og Trausti Þorsteinsson (2006). *Fjölskyldusvið Fjallabyggðar. Tillögur að skipulagi og helstu verkefnum*. Akureyri: Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

Grétar Þór Eyþórsson, Jón Þorvaldur Heiðarsson og Hjalti Jóhannesson (2004). *Eyfirðingar í eina sæng? Mat á sameiningu sveitarfélaga í Eyjafirði í eitt*. Akureyri: Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri.

Service Nova Scotia and Municipal Relations (2004) *Local Government Resource Handbook*. (<http://www.gov.ns.ca/snsmr/muns/manuals/lgrh.asp>)

Vodden, K. (2005a). *Channel-Port aux Basques/Southwest Coast Municipal Service Sharing Case Study*. St. John's: Community Cooperation Resource Centre, Newfoundland and Labrador Federation of Municipalities

Vodden K. (2005b). *Corner Brook/Bay of Islands Municipal Service Sharing Case Study*. St. John's: Community Cooperation Resource Centre, Newfoundland and Labrador Federation of Municipalities

Vodden K. (2005c). *Northeast Avalon Municipal Service Sharing Case Study*. St. John's: Community Cooperation Resource Centre, Newfoundland and Labrador Federation of Municipalities

Viðmælendaskrá

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða

Axel Grettisson, oddviti Arnarneshrepps

Árni K. Bjarnason, sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps

Bjarni Kristjánsson, sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar

Bjarnveig Ingvadóttir, bæjarfulltrúi í Dalvíkurbyggð

Brynjólfur Árnason, oddviti Grímseyjarhrepps

Eggert Bollason, hafnarstjóri Hafnasamlagi Eyjafjarðar

Guðmundur Guðlaugsson, framkvæmdastjóri Sorpeyðingar Eyjafjarðar

Guðmundur Sigvaldason sveitarstjóri Hörgárbyggðar

Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps

Hermann Tómasson, bæjarfulltrúi á Akureyri

Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari VMA

Hjalti Páll Þórarinsson, verkefnastjóri Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar

Hólmkell Hreinsson, Amtsbókavörður

Hörður Blöndal, hafnarstjóri Hafnasamlagi Norðurlands

Ingimar Eydal, Slökkviliði Akureyrar

Jósavín Gunnarsson, byggingafulltrúi Eyjafjarðarsvæðis

Kjartan Lárusson, framkvæmdastjóri Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi

Kristján Þór Júlíusson, forseti bæjarstjórnar Akureyrar

Magnús Þór Ásgeirsson framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar

Ólafur Sveinsson, atvinnuráðgjafi Samtökum Sveitarfélaga á Vesturlandi

Pétur Þór Jónasson, framkvæmdastjóri Eyþings

Sigurður Rúnar Ragnarsson, framkvæmdastjóri Sorpeyðingu Þingeyinga

Svanfríður Jónasdóttir, bæjarstjóri Dalvíkurbyggð

Valdimar Brynjólfsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra

Þorsteinn Ásgeirsson, forseti bæjarstjórnar Fjallabyggð

Þorsteinn Björnsson, bæjartæknifræðingur Dalvíkurbyggð

Þórgnýr Dýrfjörð, framkvæmdastjóri Akureyrarstofu

Þórir Kristinn Þórisson, bæjarstjóri Fjallabyggðar

VIÐAUKI 1 LEIÐBEININGAR FYRIR SAMSTARFS-SAMNINGA SVEITARFÉLAGA, ÞÝTT EFNI FRÁ NOVA SCOTIA

Hér að neðan er að finna leiðbeiningar fyrir samstarfssamninga sveitarfélaga sem teknar voru saman af samtökum sveitarfélaga í Nova Scotia árið 2004.

- Skref 1 **Gera lista yfir núverandi og fyrri samstarfsverkefni sem sveitarfélagið hefur tekið þátt í.** Skoða hvert verkefni í smáatriðum og skrá jákvæða og neikvæða þætti í hverju tilviki fyrir sig til þess að skilgreina á hvern hátt starfsemin gæti batnað.
- Ganga úr skugga um hvort það að stofna til samvinnu um viðkomandi þjónustu sé í raun besta og hagkvæmasta leiðin fyrir sveitarfélagið til þess að sinna viðkomandi verkefni.
- Skref 2 **Skrá það sem sveitarfélagið gæti miðlað með öðrum sveitarfélögum.** Slíkur listi gæti innihaldið mannauð, aðstöðu, tæki eða hugbúnað. Gengur svo vel að reka einhverja þá þjónustu í sveitarfélaginu að það sé í aðstöðu til þess að bjóða nágrannasveitarfélagi aðgengi að henni?
- Skref 3 **Ákvarða hvaða nágrannasveitarfélög gætu orðið mögulegir samstarfsaðilar.** Til dæmis gæti sveitarfélagið þitt þurft á að halda nýjum snjóruðningstækjum en nágrannasveitarfélagið hefur þá þegar keypt slíkan búnað. Ef hitt sveitarfélagið hefur möguleika á að sinna einnig þjónustunni í þínu sveitarfélagi gæti samstarf aukið hagkvæmni og hámarkað aðgengi að mannafla, búnaði og aðstöðu fyrir bæði sveitarfélögin. Mögulegur ágreiningur sem kæmi upp vegna svona fyrirkomulags væri meiri tími sem tæki að hreinsa götur, en semja þyrfti um forgangsröðun fyrirfram og þannig lágmarka mögulegan ágreining af þessu tagi.
- Ef fleiri en eitt nágrannasveitarfélag er í aðstöðu til þess að verða mögulegir samstarfsaðilar, skráið kosti og galla og atriði sem mögulega gætu komið til álita vegna þeirra. Að því loknu skal ákvarða hvaða fyrirkomulag er best í hverju tilviki fyrir sig. Gangið úr skugga um að mögulegir samstarfsaðilar hafi pólitískt bakland, vilja og aðstæður til þess að taka þátt í árangursríku samstarfi.
- Skref 4 **Vinna heimavinnuna og undirbúa sig vel.** Áður en haft er samband við mögulegan samstarfsaðila og gerðar nokkrar skuldbindingar, skal vera búið að gera ítarlega athugun á tilteknum hlutum. Athuga hvort farið hafi verið í svipað samstarf annarstaðar – á sama svæði, innanlands eða erlendis, og nýta sér reynslu þeirra sem hafa þegar farið í svona samstarf. Athuga lagalega stöðu samstarfs sveitarfélaganna. Hér einkum litið til sveitarstjórnarlaga en t.d. samkeppnislaga og annarra laga eftir því sem við á hverju sinni.⁸

⁸ Hér er frávik frá Kanadíska textanum þar sem lagagrunnurinn þar virðist ítarlegri þegar kemur að sveigjanleika sveitarfélaga til samstarfs.

Gera tilboð þar sem fram koma væntanlegir kostir við samstarfið fyrir hvern samstarfsaðila. Koma á fundi með mögulegum samstarfsaðilum til að ræða möguleika á samstarfi, og koma þessu tilboði til þeirra fyrirfram þannig að það sé grundvöllur viðræðna á fundinum.

Skilgreina grundvallaratriðin

Skref 5 Heimavinnan hefur verið unnin, mögulegir samstarfsaðilar valdir og það er kominn á samningur um að fara í formlegt samstarf. Nokkur atriði eru enn eftir til þess að tryggd sé að gott fyrirkomulag verði á samvinnunni:

Skilgreina viðfangsefnið, þarfir eða tækifæri

Þegar samningur er unninn í smáatriðum þarf að skilgreina vel hverjar eru væntingar hvers samningsaðila. Skilgreining verkefnis, þarfa eða tækifæra með skýru og einföldu orðalagi.

Skilgreina alla hagsmunaaðila

Skilgreina alla hagsmunaaðila sem gætu orðið fyrir áhrifum vegna þessa samnings og greina til hvers er ætlast af hverjum og einum þátttakanda þannig að ekki fari á milli mála.

Tryggja að þeir sem taka ákvarðanir í hverju sveitarfélagi fyrir sig séu meðvitaðir um áhrif samningsins bæði jákvæð og neikvæð og viti jafnframt um kostnað og skyldur fyrir hvern samningsaðila, hvað varðar fjárhaglega þætti, efni, tæki, innviði eða mannauð. Tryggja að allir hugsanlegir þátttakendur hafi sömu sýn á aðstæður og að samstarfssamningurinn mæti þörfum allra sem málið varðar.

Samskipti

Samskipti eru nauðsynleg í vinnu sem þessari. Á fyrri stigum samningaviðræðna er mikilvægt að ákvarða hvernig upplýsingum verður miðlað. Allir hagsmunaaðilar ættu að geta reitt sig á að samskiptaleiðir séu beinar og auðveldar. Ný tækni býður upp á margvísleg skilvirk samskipti. Þegar ábyrgð á einstökum þáttum samningsins, þarf að fullvissa sig um að einhver sé ábyrgur fyrir skjótum og nákvæmum samskiptum.

Óvissuþættir

Reyna að sjá fyrir allar mismunandi aðstæður. Ekki gefa sér að allt verði framkvæmt á tiltekinn hátt ef óvissuástand kemur upp. Gera skal ráð fyrir að þetta geti gerst og hafa áætlun um að bregðast við því. Koma þarf fram hver hefur vald til að bregðast skjótt við í svona tilvikum.

Samningar

Ef til vill er það nauðsynlegasta af öllu að semja heiðarlega, opinskátt og á sanngjarnan hátt. Þekkja stöðu sína vel og vita hvað má eða má ekki taka inn í samninginn. Vera viss um að hinn samningsaðilinn sé meðvitaður um þetta líka. Samtímis vera tilbúinn til að vera

sveigjanlegur þar sem afsláttur af beggja hálfu getur leitt til ásættanlegri niðurstöðu fyrir alla aðila.

Ákvarðanir ætti ekki að taka í einangrun. Gefa samningsaðilum valkosti í stað þess að tilkynna einhliða um ákvarðanir og vera reiðubúinn til að hlusta á sjónarmið annarra. Hver samningsaðili ætti að vera tilbúinn til að vera opin fyrir tillögum frá þeim sem hafa aðra sýn á hlutina og gætu haft frumlegar tillögur fram að færa.

Verkefnisstjórnun

Skref 6 Þegar farið er af stað með samstarf sveitarfélaga er í mörg horn að líta hvað varðar stjórnsýslulega þætti. Að skoða skipulag í smáatriðum á þessu stigi gæti komið fyrir möguleg vandræði á síðari stigum.

Lista upp það sem þarf að framkvæma til þess ná þeim markmiðum sem hver hagsmunaaðili hefur gert grein fyrir á fyrri stigum. Þetta ferli skyldi taka hafa inni að bera greiningu og skrásetningu allra verkþátta sem framkvæma þarf til þess að skilmálar samstarfsins séu uppfylltir. Það er ítrekað að það þarf að koma fram á skýran hátt hver er ábyrgur fyrir hverju einstöku atriði á þessum lista.

Það er mikilvægt að hver samstarfsaðili sé meðvitaður um ábyrgðarmörk sín og að hlutverkum og ábyrgð er miðlað á grundvelli þekkingar og getu (ekki fjárhagslegum styrk eða völdum). Hlutverkum og ábyrgð skyldi miðlað á sem jafnastan hátt á milli samningsaðila þannig að enginn samningsaðili geti, eða virðist geta, haft völd yfir öðrum. Það er mikilvægt að skapa valdastrúktúr sem allir samningsaðilar samþykkja strax í upphafi. Skilgreina á hvaða sviðum hægt er að viðhafa sjálfsforræði og sjálfstæði aðila. Þar á meðal er að skilgreina þau mörk þar sem hver og einn samningsaðili getur framkvæmt hluti án samþykkis eða vitundar annarra. Til þess að tryggja gott samstarf þarf meðvitað átak í því að hafa samráð við aðra um atriði sem þarfnast samþykkis allra, svo sem fjárhagsáætlun, tímaáætlunir og mannráðningar yfirmanna.

Þegar um er að ræða samvinnu margra, er það enn mikilvægara að ákveða fyrirfram hvernig ákvarðanir eru teknar, hvort um er að ræða samhljóða álit, meiri hluta álit, leynilega atkvæðagreiðslu eða annað form. Mismunandi form ákvarðanatöku gilda eftir því hvert tilefnið er. Til dæmis, þurfa ákvarðanir um fjárhagsleg málefni að fara til hvers samningsaðila til samþykktar? Þegar um er að ræða ágreining milli einstakra aðila getur verið hjálplegt að vera með áætlun um hvernig á að jafna ágreining.

Í áætlun um samskipti aðila skyldi vera ákveðin sameiginleg fundaáætlun. Auk þess skyldi hver samningsaðili hafa ákveðnar leiðir til þess að halda ákvörðunartökuaðilum upplýstum um einstök atriði eða þróun mála sem gætu haft áhrif á samstarfið.

Ákvarða eignarrétt, notkun, dreifingu og sýnileika einstakra þjónustupátta eða tækni sem getur verið veitt með tilstilli samstarfsins. Eftir tegund þjónustu eða tækni þarf að huga að eignarrétti á

viðkomandi þætti. Þessum eignarhaldsmálum skyldi vera gerð grein fyrir í hinum formlega samningi. Leitið aðstoðar löglærðra þegar það er talið nauðsynlegt.

Það þarf að vera formlega gengið frá því hvernig ganga skuli út úr samstarfinu. Sama gildir um inntöku nýrra aðila. T.a.m. getur verið um bætur að ræða til annarra samstarfsaðila ef einhver gengur út og þarf þá á að ganga frá því hvernig það er gert.

Tryggið að fjármálasérfræðingar og lögfræðingar sveitarfélagsins hafi skoðað drög að samstarfssamningum og séu vissir um að fyrirkomulagið mæti þörfum sveitarfélagsins áður en gengið er formlega frá samningi. Góð samskipti milli einstaklinga skipta lykilatriði hér. Ráðgjafar sveitarfélagsins skyldu vera meðvitaðir um markmið sveitarfélagsins og væntingar til samstarfsins. Tímaáætlun fyrir verkefnið skyldi mæta þörfum hvers samningsaðila fyrir sig.

Fjárhagslegar skuldbindingar er leiða af samningum eiga að vera í samræmi við stefnumótun og fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Kostnaðar- og nytjagreiningu ætti að framkvæma og fara vandlega yfir til þess að tryggja að verkefnið sé í samræmi við það sem stefnt er að varðandi faglegt og fjárhagsleg umfang og að hver aðili standi undir þeim kröfum sem gerðar eru til hans.

Afrit af samningi eiga að varðveitast hjá öllum sveitarfélögum og sveitarstjórnir þurfa að tryggja að komið hafi verið til móts við þær væntingar sem voru gerðar til verkefnisins og að sveitarstjórnarmenn þekki vel til verkefnisins og þess sem því er ætlað að ná fram. Þegar samningurinn er frágenginn þarf að fá formlegt samþykki sveitarstjórnar á honum.

Til þess að hámarka afrakstur af fjárfestingu er nauðsynlegt að gæta að fjárútlátum. Í samstafsverkefnum er enn mikilvægara að vinna nauðsynlega undirbúningsvinnu vel og hafa góða yfirsýn yfir verkefnið eftir því sem það þróast áfram.